Kristján Jónsson.

(3)
8+240

323.4
+192
Mil

JOHN STUART MILL:

UM FRELSIÐ.

ÍSLENZKAÐ ÚR FRUMMÁLINU

EFTIR

JÓN ÓLAFSSON.

ÚTGEFIÐ AÐ TILHLUTUN

INS ÍSLENZKA ÞJÓÐVINAFÉLAGS.

LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS

REYKJAVÍK.

PRENTAÐ Á FÉLAGSINS KOSTNAÐ Í ÍSAFOLDARPRENTSMIÐJU.

1886.

„Der höchste und letzte Zweck jedes Menschen ist die höchste und proportionirlichste Ausbildung seiner Kräfte in ihrer individuellen Eigenthümlichkeit; die nothwendigen Bedingungen der Erreichung derselben: Freiheit des Handelns und Mannigfaltigkeit der Situationen."

Wilhelm von Humboldt:
(„Ideen zu einem Versuch die Grenzen der Wirksamkeit des Staates zu bestimmen".)

Bók þessa helga ég ástfólginni og harmaðri minningu hennar, sem blés mér í brjóst og var meðhöfundr minn að öllu sem bezt er í ritum mínum, — ástvinu minnar og eiginkonu, er gœdd var þeirri háleitu sannleiksást og réttlætistilfinning, sem var mín sterkasta starfahvöt, enda vóru það mín beztu verkalaun, er starf mitt var að hennar skapi. Eins og alt sem ég hefi ritað um mörg ár, er bók þessi engu síðr hennar verk en mitt; en eins og rit þetta nú er, hefir það mjög ónœgilega notið inna ómetanlegu hagsmuna af endrskoðun hennar, því að nokkra ina þýðingarmestu kafla þess hafði hún geymt sér til nákvœmari yfirferðar á ný, sem þeim nú aldrei auðnast að njóta. Væri ég fœr um að túlka heiminum þótt ekki væri nema helming þeirra háleitu hugsana og göfugu tilfinninga, sem með henni lögðust í gröfina, þá mundi ég vinna honum meira gagn með því, heldr en með nokkru því sem ég er fœr um að skrifa án hvata og aðstoðar vísdóms hennar, er vart átti sinn líka.

Um höfund bókar þessarar þarf ég eigi hér að tala; æfisögu hans hefi ég tvisvar ritað, og má lesa ina fyrri í V. árg. »*Skuldar*«, Rvík 1882, en in síðari er prentuð, ásamt mynd af honum, í »*Almanaki fyrir hvern mann*« 1885, og vísa ég því þangað um hana.

Bók þessi, sem hefir þótt svo merkileg, að hún hefir verið kölluð »guðspjall innar nítjándu aldar«, er þó ekki í eiginlegum skilningi alþýðurit. Málið er heimspekilegt, og þurfa því alþýðumenn að lesa hana með umhugsun og athygli, til að hafa hennar not. Hún er engin skemtibók; það kostar andlega áreynslu að lesa hana sér til fullra nota; en sú áreynsla borgar sig.

Heimspekilegar hugmyndir eiga engan orðbúning í máli voru, því að engin rit eru á því skráð, er hafi augðað það að mun að heimspekilegu málfæri. Það hafa því verið miklir erfiðleikar á að þýða rit þetta; ég þekki enga bók, sem enn hefir þýdd verið á vort mál, sem ég hygg erfiðara hafi verið að þýða en þessa. Ég hefi ekki viljað láta mér nœgja að ná aðalefninu, en breyta öllum blæ ritsins, svo sem orðið hefði að vera, ef ég hefði þýtt lauslega og farið fjarri orðunum. Ég hefi kosið að reyna að þýða rétt og nákvæmt og halda blænum öllum. Ný orð hefi ég því orðið að mynda mörg og nota mörg forn og fátíð, sum í nýrri merkingu. Ef nokkurt þeirra gæti ílengzt í málinu, þá auðgast það við það.

Dr. Jón Þorkelsson hefir farið yfir eina próförk af öllu ritinu og á ég honum margar góðar bendingar að þakka um orðmyndir, rithátt og hreinleik málsins.

Þýðandinn.

Athugasemdir.

Bls. 1,6. „Forlagakenning“=*doctrine of philosophical necessity; „filosofisk nødvendighed“* (Arnzen). Eftir orðunum væri þýðingin „heimspekileg nauðsyn“; viðkunnanlegra væri þó „eðlisnauðsyn“, en það væri þó ekki það rangnefni, sem „*philosophical necessity*“. „Forlög“ er einmitt orð, sem að vísu *getr* táknað það sem höf. á við, en er óheppilegt nafn (eins og nafnið á að vera samkv. enskunni), af því að það er tiðkað í sérstakri annarlegri merkingu. Menn kalla nú forlög það, *að* þetta eðr hitt verði eftir beinu fyrirhuguðu guðs ráði og boði, svo að eigi hefði öðruvís getað verið. T. d. þessi maðr *átti* að drukkna og því *hlaut* hann að fara á sjóinn þennan dag, *af því* að það vóru *forlög* hans að drukkna. Þetta er in algenga merking orðsins. En auðvitað er þetta heimska í augum þeirra sem trúa á náttúrlegar orsakir hvers viðburðar: maðrinn fór ekki á sjóinn *af því* að hann átti að drukkna. En hitt má hugsa sér samt, að það í öðrum skilningi hafi verið óumflýjanleg „forlög“ hans að fara á sjóinn og drukkna; líkami hans og sál vóru svo gjörð, að orsakirnar, sem komu honum til að fara á sjóinn þennan dag, *hlutu* að hafa þá ómótstæðilegu verkun á hann, að hann gat ekki látið vera að fara; og hann *hlaut* að drukkna af því að veðrið var svona, og af því að sálarlegar og

Bls.

líkamlegar orsakir ollu því, að hann hlaut að stýra eins og hann gjörði. Þetta er trú á óbifanlegt náttúrulögmál; hugsanir og hvatir hlýða lífseðlis-lögum eigi síður en líkamlegir hlutir hlýða sínu náttúru-lögmáli. Þetta er og trú á „forlög", en á annan hátt en alþýðu-trúin. Það er *þessi* forlagakenning, sem hér er við átt.

8,15-16. „Framkvæmt sitt eigið lögmál". Betra væri: „fullœgt sinum eignum lögum".

12,15. Helotar vóru þræla-stétt Spartverja.

„ 6. Plantarar nefnast í Vestreyjum *(West Indies)* og í Suðr-ríkjum Bandaríkjanna þeir bœndr, er hafa svertingja fyrir hjú (yrkja einkum baðmull, sykrreyrreyr, tóbak).

15,18. „Opinberun" ætti heldr að vera „birting".

36,16. „Confúz-áhanganda". „Áhangandi" er þýzkulegt *(anhänger)*; „fylgjandi" er betra.

59,9-10. „Lundgöfugasta" ætti að vera „spaklyndasta" *(gentlest*, en ekki *noblest*, stendr í enskunni).

74,15-17. Í frummálinu stendr: *som geocentric theory instead of heliocentric, some phlogiston instead of oxygen.*

EFNI.

I. KAPÍTULI.
Inngangr ..... Bls. 1

II. KAPÍTULI.
Um hugsanfrelsi og málfrelsi ..... — 30

III. KAPÍTULI.
Um sérkennileik einstaklingsins sem eitt frumskilyrði fyrir velvegnun ..... — 112

IV. KAPÍTULI.
Um takmörkin fyrir valdi mannfélagsins yfir einstaklingnum ..... — 149

V. KAPÍTULI.
Heimfœrsla ..... — 188

Orðskrá ..... — 234

Prentvillur.

Bls.

8,$_{27}$ drotnandi *les* drottnandi
18,$_{3}$ f *fallið framan úr línunni í prentuninni*
40,$_{7}$ traust til *les* traust sé til
48,$_{6}$ kynslóðar *les* kynslóða
50,$_{9}$ fordœða *les* fordæða
86,$_{15}$ séstaklegu *les* sérstaklegu
93,$_{25}$ fjölhœfi *les* fjölhæfi
115,$_{11-12}$ sjálfshvatar-ráðlag *les* sjálfshvata-ráðlag
121,$_{12}$ hœfilegan *les* hœfilegan
157,$_{16}$ hans *les* hann
164,$_{16}$ einstögum *les* einstökum
167,$_{3-4}$ þeir eru um að dœma, heldr hyggja *les* hann er . . . ., heldr hyggr
187,$_{5}$ siðleysi *les* siðmenningarleysi

Um frelsið.

1. kapituli.

Inngangr.

Efni ritlings þessa er ekki að ræða um ið svo nefnda frjálsræði viljans, sem því miðr er svo almennt talið gagnstætt forlagakenningunni, sem svo er ranglega nefnd; heldr skal hér rætt um þegnfrelsi eðr félagsfrelsi, það er að segja: um eðli og takmörk þess valds, sem mannfélagið hefir rétt til að hafa yfir einstaklingnum. Umtalsefni þetta hefir sjaldan verið fram sett og naumast nokkru sinni rætt þannig almennt, og þó hefir það in dýpstu áhrif á ágreiningsefni aldar vorrar, er fyrir koma í framkvæmdum lífsins; því að oftast liggr í þessum ágreiningsefnum fólgin spurningin um ið sanna eðli og in réttu takmörk þessa valds, og er líklegt, að það verði senn viðrkent, að þetta sé ið þýðingarmesta úrlausnarefni framtíðarinnar. Það fer svo fjarri því, að spurning þessi sé ný, að hún hefir í einum skilningi tvískift mannkyninu, svo að segja frá því er sögur hefjast; en á því fram-

fara-stigi, sem inir betr mentu hlutar kynsins hafa nú náð, kemr hún fram undir nýjum skilyrðum, og þarf því annarar og röksamlegri rannsóknar.

Barátta milli frjálsræðis og drottnunarvalds er það, sem mest ber á í þeim hlutum mannkynssögunnar, sem vér lærum fyrst, einkannlega í sögu Grikkja, Rómverja og Breta. En í fornöld stóð þessi barátta milli þegnanna eða nokkurra stétta þegnanna á aðra hlið og stjórnarinnar á hina. Við frelsi skildu menn þá vernd gegn harðstjórn drottnendanna. Ef vér undan skiljum nokkrar af inum alþýðlegu stjórnum í Grikklandi, þá var það álitið sjálfsagt, að stjórnendrnir hlytu að standa andvígir þeim, er þeir áttu yfir að ráða. Stjórnin var annaðhvort einn maðr eða þá drottnandi ætt eða stétt. Höfðu þeir annaðhvort fengið vald sitt að erfðum eða með herskildi; að minsta kosti var það ekki á frjálsum fullvilja þegnanna að vald þeirra var grundvallað. Enginn þorði, og ef til vill óskaði heldr enginn, að véfengja rétt þeirra til valdsins, en menn reistu þær skorður, er föng voru á, gegn því, að þeir misbeittu valdi sínu. Vald þeirra var álitið nauðsynlegt, en jafnframt mjög hættulegt — eins og vopn, er þeir væri eigi síðr vísir til að beita gegn þegnum sínum, heldr en gegn útlendum óvinum. Til þess að afstýra því, að óteljandi hrægammar legðust með ránskap á ina veikari félagslimi, þá var það nauðsynlegt, að til væri rándýr nokkurt sterkara en öll hin, er hefði það starf á hendi, að halda þeim í skefjum. En með því að konungr gammanna mundi ekki ógjarn-

ari á að sýna hjörðinni ránskap, heldr en hver inna smærri ránfugla, þá var nauðsynlegt að vera jafnan vígbúinn til varnar gegn nefi hans og klóm. Það var því viðleitni föðurlandsvinanna, að setja takmörk valdi því, sem stjórnandanum skyldi uppi haldast að beita gagnvart þegnunum, og þessi takmörkun var það, sem þeir skildu við frelsi. Þessum tilgangi var reynt að ná á tvo vegu. Sá var annar, að fá viðrkendar ýmsar undanþágur eða einkaréttindi, sem menn þá kölluðu stjórnlegan rétt eða stjórnleg réttindi, og var það skoðað sem heitrof af stjórnandanum að ganga of nærri þessum réttindum; en ef hann gjörði það engu að síðr, þá var mótstaða einstakra manna eða jafnvel almenn uppreist álitin heimil. Hinn vegrinn var sá (og var það venjulega yngri aðferð), að koma á ýmsum lögbundnum skorðum, þannig, að samþykki þegnanna eða einhvers þess flokks manna, er taldir vóru fulltrúar hagsmuna þegnfélagsins, var gjört að nauðsynlegu skilyrði við sum in þýðingarmeiri störf stjórnarvaldsins. Stjórnendr í flestum norðrálfu-ríkjum neyddust til að ganga meira eða minna undir ina fyrri af þessum takmörkunar-aðferðum[1]. En um síðari aðferðina var öðru máli að skifta; með hana veitti alt örðugra; og því varð það hver-

1) Þannig t. d. í Danmörku handsals-skrár („handfestingar") konunga. Í Englandi t. d. *magna charta;* og meir og minna ámóta dœmi í flestum löndum.

Þýðandinn.

vetna aðal-viðleitni þeirra, sem frelsinu unnu, að koma á þessari síðar nefndu skipun, eða að fullkomna hana, þá er hún var komin á að nokkru leyti[1]. Og á meðan mannkynið lét sér nœgja að berjast gegn einum óvini með því að setja honum annan til höfuðs, og lét sér lynda að láta einn herra drottna yfir sér, ef að eins meir eðr miðr öruggar skorður vóru reistar gegn harðstjórn hans, þá stóð ekki hugr þeirra hærra en að þessu takmarki.

En á framfaraskeiði mannkynsins kom samt sá tími, að menn hættu að álíta það eðlilega nauðsynlegt, að stjórnendr þeirra væri þeim óháðir að valdi og hagsmunir stjórnar og þegna hvorir öðrum gagnstœðir. Þeim virtist miklu betra að allir stjórnvaldsmenn skyldu vera leiguþjónar eðr umboðsmenn þegnfélagsins, og yrði þeim vikið frá að vild þess. Á þann einan hátt þóttust þegnarnir geta haft fulla trygging fyrir því, að stjórnvöldunum yrði aldrei misbeitt sér til tjóns. Þar sem annars nokkur alþýðlegr stjórnmálaflokkr var til, varð það smám saman aðalmark og mið hans, að fá framgengt þessari nýju kröfu um, að stjórnendrnir skyldu kosnir, og það að eins til ákveðins tíma; og varð þetta mjög svo í fyrirrúmi fyrir inum eldri tilraunum til að takmarka vald stjórnendanna, svo að um það var nú minna hugsað.

---

1) T. d. koma á fulltrúaþingum, auka vald þeirra, t. d. gjöra þau löggefandi, þar sem þau vóru fyrst ráðgefandi o. s. frv. *Þýð.*

Eftir því sem baráttunni fyrir því, að stjórnendrnir væri kosnir til ákveðins tíma af þegnunum, miðaði áfram, fóru hinir og þessir að álíta, að menn hefðu áðr lagt alt of mikla þýðing í það, að takmarka valdið sjálft. Það (að takmarka valdið) gæti virzt úrræði gegn stjórnendum, er venjulega hefðu gagnstæða hagsmuni við það, sem þjóðin hefði. Það, sem nú væri þörf á, væri það, að stjórnendrnir og þjóðin væri eitt og sama, að hagsmunir þeirra og vilji skyldi vera inir sömu sem hagsmunir og vilji þjóðarinnar. Þjóðin þyrfti engar varnarskorður að reisa gegn vilja sjálfrar sinnar. Það þyrfti eigi að óttast, að þjóðin beitti harðstjórn við sjálfa sig. Ábyrgð stjórnendanna fyrir þjóðinni skyldi vera öfluglega fyrir komið og þjóðin geta greiðlega vikið þeim frá embætti, og þá gæti þjóðin vel átt undir því, að veita þeim takmarkalítið vald, þar sem hún gæti sjálf ráðið, hversu því væri beitt í framkvæmdinni. Vald þeirra væri þá ekki annað en vald þjóðarinnar sjálfrar saman dregið í þeirra hendr, og það í þeirri mynd, að auðvelt væri að framkvæma það. Þessi hugsunarháttr eða öllu heldr þetta hugboð tilfinningarinnar var alment meðal innar síðustu kynslóðar frjálslyndra manna í norðrálfunni, og virðist enn vera ríkjandi meðal inna frjálslyndu flokka í meginlands-ríkjum álfunnar. Þeir, sem viðrkenna nokkur takmörk fyrir því, er stjórn megi gjöra (nema þá svo löguð stjórn, sem að þeirra áliti ætti ekki að eiga sér stað), eru svo fáir, að þeir eru afbragðs-undantekningar meðal hugsunarskörunga stjórn-

frœðinganna í meginlandsríkjum álfu vorrar. Á-þekkr hugsunarháttr hefði nú vel getað verið drottnandi í Englandi enn í dag, ef ástand það, sem um tíma studdi að honum, hefði haldizt óbreytt.

En eins og því er svo varið, að þá er einstakir menn komast til valda, þá koma í ljós hjá þeim ágallar og breyzkleikar, sem alveg leyndust hjá þeim áðr og aldrei hefði ef til vill á borið, ef þeir hefðu aldrei komizt til valda, þannig á ið sama sér stað um stjórnmála-skoðanir og heimspekilegar kenningar, er þær ryðja sér til rúms og koma til framkvæmdar. Sú skoðun, að þjóðinni sé engin þörf á að takmarka vald sitt yfir sjálfri sér, gat virzt óhrekjandi meðan þjóðstjórn var hlutr, sem menn að eins dreymdi um, eða sem menn lásu um að hefði átt sér stað einhvern tíma í fornalda firnd. Slíkar stundar-vegvillur eins og í frakknesku stjórnbyltingunni þurftu ekki nauðsynlega að hrinda skoðun þessari, því að inar verstu af þeim óhœfum vóru að eins verk fárra manna, er rænzt höfðu til valda, og hversu sem á er litið, verðr ekki unt að eigna þær afleiðingum stöðugs þjóðstjórnarfyrirkomulags, heldr því, að þjóðin reis skyndilega og eins og í krampaflogi upp gegn harðstjórn einveldis og höfðingjavalds. En er fram liðu stundir, myndaðist nú lýðstjórnar-þjóðveldi, er þandist út yfir stórkostlegan hluta af yfirborði jarðarinnar og gjörðist eitt af inum voldugustu meðal ríkja heimsins; og nú tók stjórnarfyrirkomulag það, er grundvallast á frjálsum kosningum þjóð-

arinnar og ábyrgð gagnvart henni, að sæta þeirri athygli og dómum, sem mikilsverðir sögulegir viðburðir ávalt verða fyrir. Menn sáu nú, að þótt orðtæki eins og »sjálf-stjórn» og »vald þjóðarinnar yfir sjálfri sér» væri áheyrileg, þá lýstu þau þó ekki því, sem í reyndinni átti sér stað. »Þjóðin», sem valdinu beitir, er ekki alsendis sama sem »þjóðin», sem valdinu er beitt við; og sjálfstjórn sú, sem um er talað, þýðir ekki það, að hver einstakr stjórni sjálfum sér, heldr hitt, að hverjum einstökum sé stjórnað af öllum hinum. Meira að segja, »þjóðviljinn» merkir ekki vilja allrar þjóðarinnar, heldr vilja fjölmennasta hluta hennar, eða þess hluta hennar, er mest lætr til sín taka eða mest kveðr að — vilja meiri hlutans eða þeirra manna, er það tekst, að verða skoðaðir sem meiri hlutinn. Af þessu leiðir, að það getr vel átt sér stað, að það sé vilji »þjóðarinnar» (í þessum skilningi), að undiroka nokkurn hluta af þjóðinni, og er ekki síðr þörf á að reisa skorður gegn þessu, heldr en gegn hverri annari misbeiting valdsins. Að valdi stjórnarinnar yfir einstaklingunum sé takmörk sett, verðr því engu síðr áríðandi, þó að þeir, sem völdin hafa í höndum, beri reglulega ábyrgð gagnvart þjóðfélaginu, það er að segja, gagnvart þeim flokki þess, sem öflugastr er. Þessi skoðun hlýtr að laða jafnt að sér skynsemi hugsandi manna sem geðþekkni þeirra þýðingarmiklu stétta í þjóðfélögum álfu vorrar, er hafa sanna eða ímyndaða hagsmuni, sem alþjóðlegu stjórnarskipulagi eru ósamþýðanlegir; skoðun þessi hefir því ekki

átt örðugt með að ryðja sér til rúms, og þegar nú er rætt um hættur þær, er þjóðfélagið eigi við að sjá, þá er «harðstjórn meiri hlutans» nú alment talin þeirra á meðal.

Upphaflega var svo, og er enn alment svo, um harðstjórn meiri hlutans eins og aðrar harðstjórnir, að menn óttuðust hana og óttast hana einkum að því leyti, sem hún kemr fram í framkvæmdum stjórnvaldanna. En þeir, sem nákvæmara hugleiddu þetta mál, sáu, að þegar það er sjálft þjóðfélagið — þjóðfélagið sem ein heild —, sem er harðstjórinn yfir einstaklingunum, sem það er myndað af, þá getr það beitt harðstjórn sinni á fleiri vegu en í athöfnum stjórnvaldsmanna sinna. Almennings-álitið getr sjálft framkvæmt sitt eigið lögmál, og gjörir það líka; en ef það gefr út ranglátt lögmál í staðinn fyrir réttlátt, eða ef það gefr út nokkurt lögmál alls um þau efni, sem það á alls ekki að skerast í, þá beitir það félagslegri harðstjórn, sem er voðalegri en mörg kúgun ríkisvaldsins, því að þótt eigi sé svo þungir refsidómar við lagðir, ef út af er brotið, þá eru þó miklu færri undanfœri undan því, með því að það grípr miklu dýpra inn í daglegt líf og keyrir sálina sjálfa í ánauð. Það er því ekki nóg, að varnir sé reistar gegn kúgun yfirvaldanna; það þarf líka að reisa skorður við kúgun drottnandi skoðunar og hugsunarháttar; gegn tilhneiging þeirri, sem mannfélagið hefir til, með öðrum þvingunaraðferðum en lagarefsingum að gjöra skoðanir sínar og siði að nauðungar-lögmáli fyrir breytni þeirra, er hafa því frá-

brugðinn hugsunarhátt; að hindra þroska, og, ef unt væri, fyrirgirða myndun alls sérstakleika, sem ekki er samkvæmr sjálfs þess tízku, og neyða alla til að laga hugsunarhátt sinn eftir sömu fyrirmynd sem það sjálft sníðr sig eftir. Það eru takmörk til fyrir réttmætum afskiftum almenningsálitsins af sjálfstæðum högum einstaklingsins; og að finna þessi takmörk og verja þau gegn yfirgangi, það er eins ómissandi tryggingar-skilyrði fyrir velvegnun og framförum mannkynsins, eins og að verja það gegn kúgun af ríkisvaldsins hendi.

Það er nú að vísu eigi líklegt, að haft verði á móti þessari setningu þannig alment framsettri; en um þá spurning, sem er svo þýðingarmikil er til framkvæmdanna kemr, hvar setja eigi takmörkin — hversu hœfilega skuli valdsviði skift milli sjálfstæðis einstaklingsins og afskifta félagsheildarinnar — má segja, að nálega ekkert hafi gjört verið til að finna rétta úrlausn hennar. Alt það, sem gjörir hverjum manni lífið dýrmætt, er undir því komið, að lögð sé nokkur bönd á hegðanfrelsi annara manna. Nokkrar hegðanreglur verðr því að setja, fyrst og fremst með lögum, og með almennings-áliti í mörgum tilfellum, sem svo eru löguð, að lög ná þar ekki til. Hvað vera skuli efni þessara reglna, það er stórvægilegt aðalatriði í skipulagi mannlegs félags. En ef vér undan tökum fá ein auðráðnusta tilfelli, þá er þetta eitt af þeim atriðum, þar sem menn eiga hvað lengst í land að komast að nokkurri fastri niðrstöðu. Engir tveir mannsaldrar og naumast nokkrar tvær þjóðir

hafa skorið hér úr á einn veg. Og niðrstaða sú, sem menn komust að á einni öld eða hjá einni þjóð, hefir orðið að viðundri í augum manna á annari öld eða hjá annari þjóð. Og þó finst hverri þjóð, að í sínu landi sé þetta á sinni tíð ekki meira vandamál, heldr en hvert það málefni, sem mannkynið hefir ávalt verið samdóma um. Þeim finst, að þær reglur, sem þeirra á meðal er þá fylgt í þessu efni, sé svo auðsjáanlega sjálfsagðar, að engum geti blandazt hugr um, að þær sé réttar. Þessi missýning er svo almenn, að hún má heita undantekningarlítil, og er hún eitt dæmi upp á töframagn vanans, og er það ekki einungis eins og máltækið segir, að hann sé annað eðli vort, heldr er hann sífeldlega í misgripum tekinn fyrir vort upphaflega eðli. Vanafestan fyrirgirðir það, að mönnum detti í hug að efast um algilt réttmæti þess lögmáls, er mannkynið setr breytni manna innbyrðis, og eru áhrif vanans hér því sterkari, sem þetta er málefni, sem alment er á-litið óþarft að menn gjöri hvorki hvor öðrum né heldr sjálfum sér rökstudda grein fyrir skoðun sinni á. Menn eru vanir að trúa því, og sumir þeir menn, er heita vilja heimspekingar, hafa styrkt menn í þeirri trú, að í slíkum efnum sem þessu sé tilfinningar manna röksemdum betri og gjöri allar röksemdir óþarfar. Það eina, sem þeir fara eftir, í dómi sínum um þetta málefni, er í raun og veru ekkert annað, en sú ósjálfráða ósk, sem lifir í hvers manns huga, að það sé af öllum öðrum heimtað, að þeir breyti svo, sem honum og þeim, sem

hann er samdóma, mundi bezt líka að þeir breytti. Að vísu kannast enginn við það, að hann fari ekki eftir öðru í dómi sínum, en sjálfs síns geðþekkni; en dómr um breytni manna, sem eigi styðst við skynsemdarrök, getr eigi talizt á öðru bygðr en geðþekkni manns; og ef röksemdirnar, þegar nokkrar eru til færðar, eru ekki aðrar en skírskotun til áþekkrar tilfinningar annara manna, þá eru rökin enn ekki annað, en geðþekkni margra manna í staðinn fyrir geðþekkni eins manns. En eins og fólk er flest, er mönnum eigin geðþekkni, sem styðst við það, að margir aðrir eru samdóma henni, eigi að eins nœg ástœða, heldr jafnvel eina ástœðan, sem menn venjulega byggja á sérhverja þá hugmynd sína um siðsemi, smekk eða velsœmi, sem eigi er skýlauslega fyrirskrifuð í trúarlærdómi þeirra; og jafnvel þegar til þess kemr að útþýða trúarlærdómana sjálfa, þá er eigin geðþekkni aðal-leiðarvísir þeirra. Skoðanir manna um það, hvað lofsvert sé eða vítavert, skapast því af öllum þeim margvíslegu orsökum, sem hafa áhrif á óskir manna um það, hversu aðrir skyldu breyta; en þær orsakir eru eins margar eins og þær orsakir, er skapa óskir manna í öllum öðrum efnum: stundum skynsemi þeirra — stundum aftr hleypidómar þeirra eða hjátrú; oft félags-lund manna, en ósjaldan líka óbeit þeirra á öllu félags-skipulagi, öfund þeirra eða afbrýði, stœrilæti þeirra eða hroki, en lang-oftast óskir þeirra eða ótti um eigna hagsmuni — réttmæt eða óréttmæt eigingirni þeirra. Hvervetna þar, sem til er drottnandi stétt manna, þar er sið-

ferðis-meðvitund þjóðarinnar að miklu leyti myndað af hleypidómum þessarar stéttar, af stéttarhagsmunum hennar og tilfinning hennar fyrir yfirburðum sínum yfir aðrar stéttir. Ið drottnandi siðferðislögmál milli Spartverja og Helota, milli plantara og svertingja, milli stjórnenda og þegna, milli höfðingja og almúga, milli karla og kvenna, hefir að miklu leyti skapazt af hagsmuna-gát og stéttar-hleypidómum inna máttarmeiri flokka; og skoðanir þær, sem þannig hafa myndazt, hafa svo aftr áhrif á hugsunarhátt innar drottnandi stéttar í viðbreytni þeirrar stéttar manna hvorra við aðra. Þar sem aftr svo á stendr, að stétt, sem fyrrum var drottnandi, hefir mist vald sitt, eða þar sem vald innar drottnandi stéttar er óvinsælt, þar ber in ríkjandi siðferðismeðvitund jafnaðarlega vott um sára óbeit á öllum yfirburðum. Þýleg undirgefni mannkynsins undir það, sem menn hugsa sé geðfelt eða ógeðfelt yfirboðurum sínum hér í heimi, eða guði sínum eðr guðum, er önnur aðal-uppspretta þess hegðanlögmáls manna, bæði um það hvað gjöra skuli og hvað forðast, er helgað er orðið bæði við lagasetning og almennings-álit. Þó að þessi undirgefni sé nú í verunni af síngirni sprottin, þá er hún þó engin uppgerð; hún kveikir alveg hreinskilnislegar hryllings-tilfinningar; hún leiddi menn til að brenna á báli galdramenn og trúvillinga. Þannig hafa margar lélegar orsakir áhrif haft á siðferðis-meðvitund manna. Jafnframt þeim hafa almennir og auðsæir hagsmunir mannfélagsins auðvitað einnig haft áhrif, og það

mikil áhrif, á hana, en sjaldnast þó þannig, að það hafi verið mönnum meðvitanlegt eðr grundvallað á skynsamlegum rökum, er menn hafi gjört sér grein fyrir, heldr hafa hagsmunir þessir vakið hjá mönnum óljós meðhalds eðr móthalds hugboð; og meðhalds eðr móthalds hugboð, sem lítt eðr alls ekki áttu skylt við hagsmuni mannfélagsins, hafa haft fult svo mikil áhrif á skipulag hegðanlögmálsins eðr siðferðis-meðvitund manna.

Það, sem þannig í rauninni hefir mestu ráðið við myndun siðalögmáls þess, er menn hafa fyrirskrifað til almennrar eftirbreytni að viðlögðum refsidómum laganna eða almenningsálitsins, það er, hvað mannfélaginu eða einhverjum mikilsmegandi hluta þess geðjast eða misþóknast. Og venjulega hafa þeir, sem í hugsun og tilfinningu vóru á undan samtíð sinni, eigi ráðizt á þennan grundvöll innar drottnandi siðferðismeðvitundar, hversu mjög sem þeim hefir lent í baráttu gegn henni í einstökum atriðum. Þeir hafa fremr gefið sig við að hugleiða, hvað mannfélagið ætti að láta sér geðjast og hvað misþóknast, heldr en að rannsaka hitt, hvort velþóknun þess eða misþóknun ætti að réttu lagi að vera bindandi lögmál fyrir hvern einstakling. Þeir hafa heldr kosið að reyna að breyta tilfinningum mannkynsins um þau einstöku atriði, er þá sjálfa greindi á við það um, heldr en að heyja sameiginlega baráttu ásamt ágreiningsmönnum alment til varnar frelsinu. Í öðru tilfelli, þar sem fleiri en fáeinir einstaklingar á strjálingi hafa með ljósri meðvitund kosið sér vígvöll á inu há-

leitara sjónsviði og haldið stefnu sinni stöðugri, er í andlegum trúarefnum, og er það tilfelli lærdómsríkt að ýmsu leyti, ekki sízt fyrir það, að það er svo sláandi sönnun fyrir því, hve skeikul in svo kallaða siðferðis-tilfinning er; því að hjá hreinskilnum trúarofstækismanni er odium theologicum (trúfræðisofsinn) eittið ótvíræðasta dæmi upp á siðferðis-tilfinning. Þeir, sem fyrst brutu af sér ok kyrkju þeirrar, er sjálf kallaði sig ina almennu, vóru yfir höfuð jafn-ófúsir til að þola öðrum nokkurn ágreining í trúarefnum eins og sú kyrkja hafði sjálf verið. En svo rénaði bardagahitinn, er þau urðu leikslok, að enginn flokkr bar fullan sigr úr býtum yfir öðrum, og varð þá hver kyrkjan eða trúflokkrinn um sig að færa saman vonar-kvíarnar og láta sér nœgja að halda þeirri stöðu, er þá var náð; minnihlutarnir sáu hver um sig enga útsjón fyrir sig til þess að verða meiri hluti, og sáu sér þann kost einn nauðugan að krefjast af þeim flokkum, er þeir gátu eigi snúið til sinnar trúar, ágreinings-frelsis sér til handa. Þetta má heita inn eini vígvöllr, er menn hafa barizt á til sigrs fyrir rétti einstaklingsins gagnvart þjóðfélaginu og bygt þennan rétt á almennri grundvallarsetningu, og þar sem menn hafa hreint og beint risið öndverðir gegn kröfu þjóðfélagsins um að hafa vald yfir þeim, er greinir á við það í skoðunum. Inir miklu rithöfundar, sem heimrinn á að þakka það trúarbragða-frelsi, sem hann nú hefir, hafa flestallir haldið fram samvizkufrelsinu sem helgum rétti, og gjörsamlega neitað því, að

nokkur mannleg vera bæri neina ábyrgð gagnvart öðrum á trúar-skoðunum sínum. Og þó er skortr á umburðarlyndi svo inngróinn mönnunum í öllu því, sem ekki liggr þeim algjörlega í léttu rúmi, að í framkvæmdinni hefir sannarlegt trúarbragðafrelsi naumast nokkurstaðar átt sér stað, nema þar sem skeytingarleysi í trúarefnum hefir verið svo ríkjandi, að mönnum hefir ekki þótt það ómaksins vert að láta nokkurt »mögl um trúna» raska ró sinni. Nálega allir trúrœknir menn, og það í inum frjálslyndustu löndum, viðrkenna að eins umburðarlyndis-skylduna að þegjandi undirskildum ýmsum takmörkunum. Einn vill umbera ágreinings-skoðanir um stjórnarfyrirkomulag kyrkjumálefna, en alls ekki þola neinn ágreining um trúargreinir; annar getr þolað alla nema pápiska menn og einingartrúendr; þriðji vill líða hvern þann, er trúir á guðdómlega opinberun trúarbragðanna; hjá fám einum nær umburðarlyndið feti lengra, en þó til þeirra einna, er trúa á tilveru guðs og annað líf. Hvervetna þar, sem meiri hlutinn hefir einlæga og heita tilfinningu, sýnir það sig, að hann hefir lítið til slakað kröfu sinni um einveldi yfir öllum minni hlutum.

Það hagar nú svo til í Englandi, og á það rót sína í stjórnarfari landsins á fyrri tímum, að þótt ok almennings-álitsins sé þar ef til vill þyngra en í flestum öðrum löndum álfu vorrar, þá er ok laganna þar aftr léttara; og þar í landi lifir allrík óbeit á öllum afskiftum löggjafarvaldsins eða framkvæmdarvaldsins af framferði einstaklingsins í einka-

dragi úr áhrifum þeim, er þeir ella gætu haft. En hins vegar hefir það, að forvígismenn almennra skoðana beita takmarkalausum lastyrðum, sannarlega þau áhrif, að það hræðir menn frá því að láta í ljósi gagnstæðar skoðanir, og frá því að veita þeim áheyrn, er slíkar skoðanir láta í ljósi. Fyrir sannleikans og réttlætisins sakir ríðr því miklu meira á því, að leggja hemil á það, að forvígismenn víðtekinna skoðana haldi sínu máli fram með ósœmilegu orðalagi, heldr en að varna því að mótstöðumenn viðtekinna skoðana gjöri það; væri því nauðsynlega að eins um tvent að kjósa, þá væri t. d. miklu meiri þörf á að hefta hneykslanlegar árásir á vantrúna, heldr en á trúarbrögðin. En annars er það vitaskuld, að lögum og yfirvöldum á að vera jafn al-óviðkomandi að leggja hemil á hvort heldr meðmælismenn eða móthaldsmenn drottnandi skoðana, en að álit almennings ætti í sérhverju tilfelli að kveða dóminn upp, eftir því sem sérstakleg atvik liggja til í hvert skifti: áfella sérhvern þann, á hvora hlið sem hann er í málinu, er aðferð hans lýsir óhreinskilni, varmensku, yfirdrepskap og ofstœki eðr umburðarlyndis-skorti; en varast skyldum vér að draga þá ályktun, að þetta eigi sér stað í aðferð manna, af því, hvorum málstaðnum hann fylgir, og þótt það sé sá, sem gagnstœðr er skoðun sjálfra vor; hinsvegar ber oss að unna verðskuldaðs heiðrs-sannmælis hverjum þeim manni, hverri skoðun sem hann fylgir, sem hefir stillingu til að sjá rétt og ráðvendni til að skýra rétt frá, hvað í skoðun mótstöðumanna sinna liggr

í verunni, án þess að ýkja neitt það, sem þeim er í óhag, eða draga dulur á neitt, sem stutt getr eða ætla má að stutt geti málstað þeirra. Þetta er ið sanna siðgœðislögmál fyrir alla þá, er opinberlega deila um skoðanir; og þótt það sé oft brotið, þá gleðr það mig, að ég er sannfœrðr um, að margir menn, sem um skoðanir deila, gæta þess að miklu leyti, og að auk þeirra eru þó enn fleiri, sem samvizkusamlega gjöra sér far um það.

III. kapituli.

Um sérkennileik einstaklingsins sem eitt frumskilyrði fyrir velvegnun.

Nú höfum vér þá talið rökin til þess, að brýna nauðsyn ber til þess, að mannlegum verum sé alfrjálst að mynda sér skoðanir og láta þær hiklaust í ljós; og vér höfum sýnt fram á, hve banvænar afleiðingar það hefir á skilningareðli mannsins og þar við á siðferðis-eðli hans, ef manninum er ekki leyft þetta frelsi, eða ef hann tekr sér það ekki sjálfr þrátt fyrir sérhvert bann. Nú viljum vér næst á það líta, hvort eigi beri af sömu orsökum nauðsyn til, að mönnum sé frjálst að breyta eftir skoðunum sínum án nokkurrar tálmunar, hvort heldr líkamlegrar eðr siðferðislegrar, af hendi náunga sinna, að svo miklu leyti sem þeir gjöra það á sína ábyrgð sjálfra án þess að stofna öðrum í voða með því. Þetta er auðvitað nauðsynlegt skilyrði. Engum kemr til hugar að fara því fram, að menn eigi að vera jafn-frjálsir til framkvæmda sem í skoðunum. Fjarri fer því: enda skoðanir hætta að vera ósaknæmar, ef svo liggja atvik til, ér þær eru í ljós látnar, að álíta má, að með því að láta þær í ljós sé beinlínis hvatt til einhvers skemdar-

verks. Það á t. d. að vera alveg vítalaust að láta þá skoðun í ljós, að kornmangarar haldi fátæklingum í svelti, eðr að allr eignréttr einstakra manna sé rán eitt, þá er slíkt er að eins í ljós látið á prenti í ritum; en sé slíkt munnlega prédikað fyrir œstum skrílhóp úti fyrir búð kornsala eða sé því útbýtt í ávarps-formi meðal skrílhóps, er þar er saman kominn, þá getr það með réttu verið hegningarvert. Hverja þá athöfn, sem án réttmætrar orsakar veldr öðrum tjóni, getr mannfélagið látið til sín taka, og sé athöfnin þýðingarmikil, er það bein skylda mannfélagsins að láta hana til sín taka, svo að það beiti gegn henni afli almennings-álitsins eða framkvæmdarvaldi sínu, ef þörf gjörist. Að þessu leyti verðr að takmarka frelsi einstaklingsins; hann má ekki verða meinsmaðr annara. En ef hann gengr ekki öðrum of nærri í þeim efnum, er þá varða, og fer að eins eftir geðþekni sinni og skoðun í þeim efnum, er sjálfan hann varða, þá sanna in sömu rök, sem sýna að skoðanir eiga frjálsar að vera, að honum á frjálst að vera að framkvæma skoðanir sínar í verki á sjálfs síns kostnað. Að mennirnir eru ekki óskeikulir; að sannindi þeirra eru að mestu leyti hálf-sannindi; að samrœmi í skoðunum manna er því að eins œskilegt, að það sé árangr af fylsta og frjálsasta samanburði á gagnstœðum skoðunum, og að ágreiningr í skoðunum er ekkert böl, heldr góði, þar til er mannkynið er miklu fœrara, en nú er það, um að sjá allar hliðar sannleikans — alt

þetta eru setningar, er ekki eiga síðr við hegðunarhátt manna en hugsunarhátt. Eins og það er nytsamt, að meðan mannkynið er ófullkomið sé til mismunandi skoðanir, þannig er það og nytsamt, að tilraunir sé gjörðar til ýmislegra lifnaðarhátta; að ólíkum skapferlis-tilbreytingum sé frjálst svigrúm gefið til alls, er eigi skaðar aðra, og að raun verði látin vitni gefa um það, hvers virði hver lifnaðaraðferð er, ef nokkurn fýsir að reyna hana. Það er í stuttu máli œskilegt, að sérkennileiki einstaklingsins megi njóta sín í hverju því efni, er eigi varðar sérstaklega eða einkannlega aðra, en sjálfan hann. Þar sem menn í hegðun sinni fara ekki eftir upplagi sjálfs sín, heldr eftir tízku og siðum annara, þar vantar eitt frumskilyrðið fyrir vellíðun manna, og þar vantar gjörsamlega aðalskilyrðið fyrir framförum einstaklingsins og mannfélagsins.

Aðal-torveldleikar þeir, sem þeir eiga við að stríða, er halda þessari frumreglu fram, liggr ekki í því, hve örðugt það sé að meta, hver skilyrði sé nauðsynleg til að ná viðrkendu takmarki, heldr í hinu, hve skeytingarlausir menn eru um sjálft þetta takmark. Ef menn fyndu til þess, að frjálsráð þroskun sérkennileika einstaklingsins er eitt af aðalskilyrðunum fyrir velvegnun manna; að hún er eigi að eins jafn-þýðingarmikil og alt það, er vér köllum siðmenning, frœðslu, mentun og uppeldi, heldr er sjálf nauðsynlegr hluti alls þessa og skilyrði fyrir því—fyndu menn alment til þessa, þá væri ekki hætt við, að frelsið yrði vanmetið, og mundi þá engum ýkja-vandkvæðum bundið að á-

kveða takmörkin milli sjálfræðis einstaklingsins og íhlutunar mannfélagsins. En gallinn er sá, að almennr hugsunarháttr kannast varla við að sjálfshvata-ráð einstaklingsins sé í sjálfu sér nokkurs virði eða eigi skilið að því sé gaumr gefinn fyrir sjálfs þess sakir. Með því að almenningr er ánœgðr með ástand manna eins og það er nú (því að það er almenningr, sem sjálfr skapar það og gjörir það að því, sem það er), þá fær hann ekki skilið, fyrir hverja sök þetta ástand skuli ekki geta verið fullgott fyrir alla; meira að segja, sjálfshvatarráðlag einstaklingsins er alls ekki fólgið í hugsjón flestra þeirra manna, er vinna að endrbót háttferðis og félagskipunar; þvert á móti hafa þessir endrbótamenn fremr hornauga á því, með því þeir hyggja það leiði til tafsamrar tálmunar og ef til vill óstýrilátrar mótspyrnu gegn því, að það, sem þeir álíta heiminum fyrir beztu, fái alment framgang. Þeir menn eru fáir að eins utan Þýzkalands, er svo mikið sem skilja þýðing kenningar þeirrar, er inn mikli frœðimaðr og stjórnvitringr Wilhelm von Humboldt hafði að umtalsefni í einu riti sínu, en hún var sú, að »takmark mannsins, eða það, sem skynseminnar eilífu, óbreytanlegu boð, en ekki óljósar og reikular óskir, fyrirskipa honum, sé það, að efla sem fylst og samrœmilegast þroska allra hæfileika sinna, svo að þeir verði ein fullkomin og samanhangandi heild«; að það mark og mið, »sem sérhver mannleg vera eigi eftir að keppa og þeir verði einkum, sem áhrif

vilja hafa á aðra, ávalt að hafa vakandi auga á«, sé því »það, að allir sérkennilegir hæfileikar geti þroskazt og að alt fái að þroskast á sinn sérkennilega hátt«; að til þess, að þetta mætti verða, væri tvö skilyrði nauðsynleg: »frelsi og sem fjölbreytilegast ástand«; að þá er þessi skilyrði eigi sér stað, þá »skapist einstaklingunum« af því »andlegr kraftr og margföld fjölhæfni«, en er þetta tvent sameinast, veiti það einstaklingnum »frumleik«.[1]

Svo nýstárleg sem almenningi er slík kenning sem þessi kenning Humboldts, og svo furðanlegt sem hávaða manna kann að þykja það, að sjá sérkennileik einstaklingsins svo mikils metinn, þá má þó engu að síður ætla, að hér sé að eins meginsmunr, en ekki mótsetning, í skoðunum. Engum kemr til hugar að álíta það ágætasta hegðunaraðferð, að menn gjöri allsendis ekkert annað, en að líkja hver eftir öðrum. Engum dettr í hug að halda því fram, að menn ættu ekki að láta dómgreind sína eða sérkennileik skapferlis síns hafa

1) *W. v. Humboldt:* Ideen zu einem Versuch die Grenzen der Wirksamkeit des Staates zu bestimmen" („The Sphere and Duties of Government" er titill innar ensku þýðingar). — Frumleiki eða frumlegleiki er árangrinn af því, er frumlegir (meðfæddir, upphaflegir) hæfileikar fá sjálfrátt að þróast; gagnstætt því er það, ef frumlegir hæfileikar eru sveigðir, niðrbældir eðr ummyndaðir af áhrifum annara (uppeldi, tízkulögmáli o. s. fr.); við það verða allir eiginleikar manns meira og minna eftirsnið eftir öðrum, og aðaleinkenni hans ófrumleiki allra eiginleika. *Þýð.*

nokkur minstu áhrif á lífernisháttu sína eða starfahögun sína. Hins vegar væri það mesta fásinna að fara því fram, að menn ættu að haga svo lífi sínu, eins og engum væri neitt kunnugt áður en þeir fæddust í heiminn, eða eins og reynslan hefði ekkert til gjört að kenna mönnum, að einn lifnaðarháttr eða hegðunarháttr sé takandi fram yfir annan. Enginn neitar því, að svo bæri að fræða menn og upp ala í œsku, að menn þektu og gætu hagnýtt sér það, sem er óyggjandi árangr af reynslu mannkynsins. En það er einkaréttr og aðal mannlegrar veru, sem náð hefir fullum skyn-þroska, að hagnýta sér reynsluna og þýða hana á sinn hátt. Það er hvers manns sjálfs að skera úr því, h v a ð af þeirri reynslu, sem aðrir hafa eftir sig leift, á við að heimfœra til hans ástœðna og hans skapferlis. Erfi-reynslan og siðir annara manna sýna að nokkru leyti, hvað reynsla þeirra hefir kent þ e i m; að minsta kosti eru það líkinda-rök, og eiga þau sem slík skilið, að vér gefum þeim gaum. En í fyrsta lagi er hugsanlegt að hún sé of yfirgripslítil, eða þeir hafa ef til vill ekki þýtt hana rétt. Í öðru lagi getr verið, að þeir hafi þýtt reynslu sína rétt, en sú þýðing eigi ekki við fyrir aðra. Venjur eiga við þar sem venjulega stendr á og venjulegir menn eiga í hlut; en vera má að þeir, sem nú eiga að hagnýta reynsluna, sé frábrugðnir því, sem menn gjörast venjulega, og að óvenjulega standi á. En í þriðja stað skulum vér ráð fyrir gjöra, að venjurnar sé bæði góðar sem venjur og eigi við þann, sem í hlut á; en alt um

það miðar þó það, að breyta eftir venjunni að eins sem venju, ekki til þess að vekja hjá honum eða glœða neinn þann eiginleika, sem er sérstök gáfa mannlegrar veru. Mannlegum gáfum svo sem skilningsgáfu, dómgreind, greiningarviti, andlegri starfsemd, jafnvel siðlegri ástfýsn, verðr ekki beitt nema með því að kjósa sjálfr sinn kost. En sá, sem gjörir eitthvað fyrir þá sök, að það er venja, hann kýs sér ekki kost; hann fær enga œfingu hvorki í að greina, hvað bezt sé, né í að þrá það. Gáfna-aflið og siðferðis-aflið eru að því leyti lík vöðva-aflinu, að þau styrkjast því að eins að þeirra sé neytt. Hæfileikum mannsins er ekki meiri iðkun í því að gjöra eitthvað að eins fyrir þá sök, að aðrir gjöra það, heldr en í því að trúa einverju að eins af því að aðrir trúa því. Ef rökin fyrir einhverri skoðun eru ekki fullnœgjandi fyrir skynsemi manns, þá getr skynsemi hans ekki styrkzt við það, heldr er öllu líkara til að hún veikist við það, ef hann samt sem áðr felst á þá skoðun; og ef hvatir þær, sem koma manni til að vinna eitthvert verk, eru eigi svo lagaðar, að þær sé samkvæmar tilfinningum og skapi hans (nema hvötin hafi verið velvild til annara eða tilhliðrun fyrir rétti þeirra), þá styðr sá verknaðr að því að veikja og sljófga dáðmagn hans, í stað þess að efla ötulleik hans og einbeitni.

Sá sem lætr heiminn, eða sinn hluta af heiminum, sjá fyrir sínu ráði í lífinu, þarf ekki á öðrum hæfileika að halda en apans hermi-gáfu. Sá sem sjálfr vill fyrir sínu lífs-ráði sjá, hann beitir

öllum sálargáfum sínum. Hann verðr að beita athygli sinni til að sjá, hugsunargáfu sinni og dómgreind til forsjár, ötulleik sínum til að safna sér ályktunar-efni, greind sinni til að ályktа, og eftir að hann hefir ályktun gjört, þá staðfestu sinni og stillingu til að víkja ekki frá því, sem hann með ráðnum huga hefir ályktað. Og á þessum eiginleikum þarf hann að halda og þeirra neytir hann ávalt að sama skapi meira eða minna, sem það er meiri eða minni hluti athafna hans, er hann stýrir eftir dómgreind og tilfinningu sjálfs sín. Að vísu er það hugsanlegt að án nokkurs af þessum eiginleikum kynni hann að verða leiddr á góðan veg og firrast öll vandræði; en hvers virði væri hann þá tiltölulega sem mannleg vera? Það hefir sannarlega mikið að þýða, eigi að eins hvað menn gjöra, heldr og hverjir menn það eru, sem þetta eða hitt gjöra. Meðal þeirra verka, sem mannlegu lífi er með öllum rétti varið til að fullkomna og fegra, er sannarlegaið þýðingarmesta maðrinn sjálfr. Hugsum oss að unt væri að reisa hús, yrkja korn, heyja orustur, reka mál fyrir rétti, jafnvel reisa kyrkjur, prédika og biðjast fyrir — alt með verkvélum, með vélbrúðum í mannslíki; þá væri það þó stór skaða-skifti, að láta fyrir þessar mannlíkans-vélar jafnvel þá kynslóð karla og kvenna, er nú byggja meira hlut ins siðmenta heims, og er hún þó sannarlega hormagrt sýnishorn af því, sem náttúran getr framleitt og mun framleiða. Mannleg náttúra er engin vél, sem smíða má eftir fyrirmynd og setja til að vinna það eitt verk, sem fyrir hana er lagt;

hún er eik, sem þarf að þroskast og vaxa á alla vegu og breiða limar sínar í allar áttir samkvæmt eðlisþurft þeirra innri afla, sem gjöra hana að lifandi hlut.

Menn munu nú að líkindum játa oss því, að það sé œskilegt að fólk neyti skynsemi sinnar, og að það sé betra að fylgja sið og tízku skynsamsamlega, eða jafnvel, er svo ber undir, að víkja skynsamlega frá tízkunni, heldr en að fylgja henni í blindni og blátt áfram eins og ósjálfráð vél. Að nokkru leyti viðrkenna menn, að skilningr vor ætti að vera vort eigin; en menn eru ekki jafn-fúsir á að kannast við, að óskir vorar og fýsnir eigi sömuleiðis að vera vort eigin; eðr að það, að hafa eignar fýsnir og þær allsterkar, geti verið til neins annars en háska og freistingar. Og þó eru óskir og fýsnir engu síðr eiginlegr hluti fullkominnar mannlegrar veru, heldr en trú og sjálfs-stilling; og sterkar fýsnir eru þá að eins háskasamlegar, ef þeim er eigi í jafnvægi haldið, þ. e. a. s. þegar nokkrar eftirsóknir og fýsnir verða mjög sterkar, meðan aðrar, sem ættu að standa þeim jafnhliða, eru daufar og dáðlausar. Að menn breyta illa, kemr ekki til af því, að fýsnir þeirra eru sterkar, heldr af því, að samvizkur þeirra eru veikar. Það er ekkert eðlissamband milli sterkra fýsna og veikrar samvizku; ið eðlilega samband stefnir í gagnstœða átt. Að segja að fýsnir og tilfinningar eins manns sé sterkari og fjölbreyttari en annars, það er að eins sama sem að segja, að hann hafi meira af frumefnum mannlegs eðlis og sé því fær um að

vinna, ef til vill meira ilt, en vissulega meira gott. Sterkar fýsnir eru að eins annað nafn á tápi eða þreki. Það má beita tápinu til ilt að vinna ; en alt af getr og meira gott orðið úr tápmiklu eðli, heldr en úr daufu og dáðlausu. Hjá þeim mönnum, sem ríkasta hafa tilfinningu að upplagi, hjá þeim geta og þær hvatir, er þeir efla sjálfir hjá sér, orðið sterkari en hjá öðrum. Sá sami móttœkileg-leiki, sem veldr því, að persónulegar fýsnir eru fjörugar og ríkar, hann er einnig uppsprettan að inni heitustu ást á dygðinni og að inni alvarleg-ustu sjálfsgát. Það er með því að efla hæfilegan þroska eðlishvatanna, að mannfélagið gætir bæði skyldu sinnar og hagsmuna, en ekki með því að varpa frá sér því efni, sem mikilmenni eru af sköp-uð, þótt eigi kunni það að skapa þau. Þegar ósk-ir og hvatir einhvers manns eru eigin hans — eru einkunnir eðlis hans, eins og það hefir þroskazt og lagazt fyrir sjálfrátt tilstilli sjálfs hans—þá er hann talinn hafa aðalseigin. Sá maðr, er óskir hans og hvatir eru ekki eigin hans, hefir ekkert aðalseigin, ekki fremr en eimvél hefir aðalseigin. Ef hvatir hans, auk þess að þær eru eigin hans, eru ríkar og þeim stjórnar sterkr vilji, þá hefir hann táp-mikið aðalseigin. Sá, sem álítr, að eigi beri að stuðla til þess að efla sérkennileik fýsna og hvata, hlýtr að álíta að mannfélaginu sé engin þörf á tápmönnum; að mannfélaginu sé engin bót í mörg-um mönnum með ríku aðalseigini; og að ekki sé œskilegt að andlegt þrek hávaða manna aukist al-ment.

Á ýmsum af inum áru þroskaskeiðum mannkynsins gátu þessi öfl haft, og höfðu, of mjög yfirhönd yfir því valdi, sem mannfélagið þá hafði til að hafa hemil og taumhald á þeim. Það hafa verið þeir tímar, að sjálfkrafs-eðlið og sérkennileiks-eðlið var alt of ríkt, og átti þá skipulagsfrumstefna mannfélagsins einatt hart stríð við það. Aðalörðugleikinn var þá að fá menn með miklu líkams eðr sálar þreki til að hlýða nokkrum þeim reglum, er heimtu af þeim að þeir skyldu hemil hafa á fýsnum sínum. Til þess að yfirstíga þessi vandræði, þá heimtu menn, eins og í baráttu páfanna við keisarana, að lög og agi skyldu hafa vald yfir gjörvöllum manninum og hafa stjórn á öllu hans lífi til að geta haft stjórn á aðalseigini hans; en þá hafði mannfélagið engan annan veg fundið til að hafa hemil á því. En nú hefir mannfélagið fengið fult vald yfir einkennileikanum; og sá háski, sem nú vofir yfir mannlegu eðli, er ekki það, að persónulegar hvatir og tilhneigingar verði of ríkar, heldr að skortr verði á þeim. Nú er öldin mjög svo önnur, en þá er þeir, sem fyrir sakir stöðu sinnar eðr persónulegrar atgjörvi vóru mannfélaginu ofjarlar, vóru í sífeldri uppreisn gegn lögum og reglu, svo að hafa varð sterkt taumhald á þeim, til þess aðrir menn, er þeir náðu til, gætu nokkurn veginn öruggir verið fyrir þeim. Nú á vorum dögum má svo að orði kveða, að hver maðr, alt frá œztu stéttum mannfélagsins niðr til inna lægstu, lifi undir árvakri gæzlu strangra og óvinveittra dómara, er hann hefir inn mesta beyg af.

Það er ekki að eins í þeim efnum, er aðra varðar, heldr og í þeim efnum, er að eins varða sjálfa þá, að einstaklingnum eða sifjaliðinu verðr ekki að vegi að spyrja: hvað kýs ég helzt? eða: hvað mundi bezt eiga við mitt aðalseigin og tilhneigingu? eða: hvað mun leyfa því, sem bezt er og háleitast í mér, að njóta sín, og veita því frjálsan vöxt og viðgang? Nei, menn spyrja: hvað samir stöðu minni? hvað gjörir venjulega fólk í minni stöðu og með mínum efnahag? eða (og það er því verra): hvað gjörir venjulega fólk, sem mér er fremra að stöðu eða efnum? Ég á ekki við, að þeir taki það, sem tízkan býðr, fram yfir það, er fýsn þeirra stendr til. Þeim verðr alls ekki að vegi að hafa fýsn til neins, nema þess sem er siðr og tízka. Þannig er sjálfr andi mannsins beygðr undir okið. Jafnvel þá er um það er að ræða, er fólk gjörir til skemtunar sér, þá er fyrst og fremst um það hugsað, hvað aðrir sé vanir að gjöra; menn kunna bezt við sig að fylgja straumnum; þeir velja ekki um annað en það, sem alvanalegt er að gjöra. Sérstakleik í smekk, frábrigðileik í hegðun — það forðast menn eins og glœpi; þar til menn hafa svo lengi leikið það, að fylgja ekki eðlishvötum sínum, að þeir hafa að lokum engar eðlishvatir til að fara eftir; mannlegir hæfileikar þeirra eru horfnir og þorrnir; þeir geta engar ríkar óskir í brjósti alið eðr meðfæddar tilhneigingar; þeir hafa venjulega engar skoðanir eða tilfinningar frá sjálfra þeirra eðlisrótum runnar, eða sem heitið geti þeirra

í eiginlegum skilningi. Er nú slíkt, eða er það ekki, œskilegt ásigkomulag mannlegs eðlis?

Eftir Calvininga kenningu er það svo. Eftir henni er sjálfsviljinn mannsins mikla höfuðsynd. Alt það gott, sem mannkynið er fært um að vinna, er fólgið í hlýðninni. Þú hefir um ekkert að velja; þannig verðr þú að breyta og á engan veg annan: »alt það, sem ekki er skylda, það er synd». Mannlegt eðli er gjörspilt frá rótum; því á enginn neins frelsis von fyrr en hann hefir deytt í sér alt mannlegt eðli. Í þeirra augum, er þessa lífsskoðun hafa, er engu spilt, hvaða mannlegr eiginleiki, hæfileiki eða móttœkilegleiki sem upprœttr er; maðrinn þarf á engum öðrum eiginleik að halda, heldr en undirgefni undir guðs vilja; og ef hann neytir nokkurs hæfileika síns til nokkurs annars, en að framkvæma enn rœkilegar það, er hann hyggr vera guðs vilja, þá væri honum betra að vera án þess hæfileika. Þetta er nú kenning Calvininga, og margir þeir, er ekki telja sig Calvininga, aðhyllast hana, enda þótt í nokkuð linari mynd. En linun sú er í því fólgin, að þeir eru ekki eins strangir í að þýða það, sem þeir álíta guðs vilja. Telja þeir það guðs vilja, að menn fullnœgi sumum af fýsnum sínum — auðvitað samt ekki á þann hátt, er þeir mundu sjálfir helzt óska, heldr á hlýðinn hátt, það er að segja: á þann hátt, sem valdhafarnir leggja fyrir þá, og þar af leiðandi allir á einn og sama hátt.

Nú sem stendr hneigjast hugir margra að þessari þröngsýnu lífsskoðun í einhverri slíkri tál-

drægri mynd og menn hneigjast til að verða slíkir sálarkryplingar og andlegir kramarmenn, sem lífsskoðun þessari er svo lagið að gjöra menn að. Margir hugsa vafalaust í einlægni, að slíkir andlegir sálarkyrkings-dvergar sé þannig lagaðir eins og skaparinn hefir ætlað mannlegum verum að vera; alveg eins og mörgum hefir þótt tré vera fegri, þá er þau eru lima-klipt eftir forsniði, heldr en þegar þau vaxa eins og þeim er náttúrlegt. En ef það er trúaratriði að vera sannfærðr um, að maðrinn hafi skapaðr verið af góðri veru, þá er það samkvæmara þeirri trú að álíta, að þessi góða vera hafi gefið manninum alla hans hæfileika til þess, að hlynt skyldi verða að þroska þeirra og eflingu, heldr en til þess, að þeir yrðu upprættir og að engu gjörðir; að henni muni gleði vera í sérhverju því fótmáli, sem skepnur hennar stíga í þá átt, að nálgast hugsjón þá, sem í þeim hefir lífstilveru fengið; að hana muni gleðja sérhver framför skilningshæfileika þeirra, starfshæfileika eða nautnarhæfileika. Það er til önnur hugsjón mannlegs ágætis en in calvínska: sú skoðun á mannkyninu, að það sé eðli sínu gætt til nokkurs annars, en að eins til að afneita því. »Heiðingleg sjálfsmet» eru eitt frumskilyrðið fyrir sönnu manngildi, eigi síðr en »kristileg sjálfsafneitun»[1]. Til er grísk sjálfsþroskunar-hugsjón, sem in platónska og kristilega sjálfs-stjórnar-hugsjón samþýðist, en útrýmir ekki. Það er auðvitað betra

1) *Sterling's* Essays. *Höf.*

að vera John Knox[1], heldr en að vera Akibíades; en það er enn þá betra að vera Perikles, heldr en annarhvor þeirra; og ef vér hefðum nokkurn Perikles á vorum dögum, þá mundi hann ekki vanta neinn af kostum þeim, er John Knox hafði til að bera.

Það er ekki með því, að eyða öllum sérkennileik og steypa alt í sama tízku-mótið, að mannleg vera verðr göfugleg og fögr ásýndum, heldr með því að efla þroska sérkennileikans og vekja hann til þróunar innan þeirra takmarka, sem réttr og hagsmunir annara setja; og með því að verkin fá á sig aðalseigin þeirra, sem þau vinna, þá verðr mannlífið við þetta auðugt, fjölbreytt og fjörmikið, veitir gnœgara efni til háleitra hugsana og göfugra tilfinninga og styrkir þau bönd, er tengja einstaklinginn við kynið, með því að þetta gjörir það ómetanlega miklu eftirsóknarverðara að heyra kyninu til. Að sama skapi sem sérkennileiki hvers manns þroskast, að sama hófi verðr hann sjálfum sér meira virði og við það verðr hann fær um að hafa meiri þýðing fyrir aðra. Það verðr meiri lífsfylling í tilveru sjálfs hans, og því meira líf sem er í einstaklingunum, því meira líf verðr í heildinni, sem af þeim myndast. Ekki er auðið án að vera svo mikillar þvingunar, sem nauðsynleg er til þess, að varna inum máttarmeiri skepn-

1) John Knox (1505—1572) innleiddi siðbótina (Calvíns-sið) í Skotland; vakti uppreist í Skotl. og fékk þannig gjört presbýtera-kyrkjuna að þjóðkyrkju; olli afsetningu Maríu Stúart. *Þýð.*

um af mann-kyninu að ofbjóða rétti annara. En þetta vinst aftr upp á annan hátt, svo að mannleg framför missir einskis í. Þá er einstaklingnum er fyrirmunað að fylgja fýsn sinni svo, að öðrum stafi tjón af, þá missir hann að vísu við það færi á að efla þroska sinn; en hann hefði getað haldið því færi með því einu móti, að svifta aftr aðra ámóta færi. Og það er til sjálfs hans kemr, þá vinst honum þetta fyllilega upp með því, að við það að leggja hemil á sjálfku[1] sína, verðr honum auðið að efla þroska félagslundar sinnar. Það, að menn knýjast til að fylgja ströngum réttlætisreglum fyrir annara manna sakir, það eflir allar þær tilfinningar og hæfileika, sem miða öðrum til góða. En að sæta þvingun í þeim efnum, er óskylt eiga við hagsmuni annara manna, að eins af því þeim geðjast ekki að tilhneigingum manns, það getr engan góðan eiginleik eflt eða styrkt, nema það þrek, er fram kann að koma í mótspyrnunni gegn þvinguninni. Sætti maðr sig við þvingunina, þá deyfir hún og sljófgar alt eðli hans. Til þess að unna sérhvers manns eðli fulls viðgangs, þá er ómissandi að leyfa mönnum, þótt ólíkir sé að upplagi, að lifa lífi sínu hver á sinn hátt. Að því skapi sem þessa frjálsræðis hefir neytt verið á einhverju tímabili, að sömu hófi hefir það tímabil markvert verið fyrir eftirkomandi aldir. Jafnvel harðstjórnin hefir ekki sín skaðlegustu áhrif svo lengi sem

1) Sjálfka *(selfishness)* = það að hugsa eingöngu um sjálfan sig. Myndað á sama hátt sem „sínka" (síngirni). „Sjálfkr", *selfish*, eins og „sínkr". *Þýð.*

hún upprætir ekki sérkennileikann; og alt það,sem drepr sérkennileikann, það er harðstjórn, hverju nafni sem hún annars nefnist og hvort sem hún heldr þykist framkvæma guðs vilja eða manna boð.

Þá er ég hefi nú reynt að sýna, að sérkennileiki sé sama sem þroski, og að velþroskaðar mannlegar verur komi því að eins fram, og geti því að eins komið fram, að sérkennileikinn fái vöxt og viðgang, þá gæti ég reyndar lyktað rökleiðsluna hér: því að hvað verðr meira eða betra sagt um nokkurt mannlegt ásigkomulag, en að það færi sjálfar inar mannlegu verur nær því, sem þær geta bezt verið? eða hvað verra verðr sagt um nokkra hindrun góðs, en að hún fyrirgirði þetta? En alt um það munu þó þessar hugleiðingar ónógar reynast til að sannfæra þá, sem helzt þyrfti að sannfæra; og það ber nauðsyn til að sýna enn fremr fram á, að þessar fullþroskuðu mannlegu verur sé til nokkurs gagns inum óþroskuðu. Það þarf að sýna þeim, sem ekki hirða um frjálsræði og ekki mundu skeyta um að neyta þess sjálfir, að þeir muni á einhvern auðskilin hátt hljóta umbun þess, ef þeir leyfa öðrum að hagnýta sér frjálsræðið fyrirmununarlaust.

Í fyrsta lagi vildi ég þá skjóta því til þeirra, hvort ekki væri hugsanlegt að þeir kynni að geta lært eitthvað af þeim. Því mun enginn neita, að frumleiki sé mikils um verðr í mannlífinu. Sífelt er þörf á mönnum eigi að eins til þess, að finna ný sannindi, og til að benda á, þegar það, sem eitt sinn var sannleikr, er ekki orðið satt framar,

heldr einnig til að byrja nýja siði og gefa eftirdœmi til nýrrar og skynsamlegri háttsemi í mannlegu lífi, betra smekks og betri tilfinninga. Þessu fær naumast neinn á móti mælt, sem eigi er þess fulltrúa, að heimrinn hafi þegar náð fullkomnun í allri háttsemi og framferði. Satt er það, að ekki eru allir jafnfœrir um að vinna þetta þarfa-verk. Það eru að eins fáir menn, í tiltölu við alt mannkynið, sem svo eru gjörðir, að líklegt sé að það væri nokkur bót í því frá því, sem almennt tíðkast, þótt aðrir fylgdu eftirdœmi tilrauna þeirra. En þessir fáu menn eru salt jarðarinnar; væru þeir ekki, yrði lífið einn fúll stöðu-pollr. Það eru ekki að eins þeir, sem innleiða það gott, sem ekki var áðr; en það eru þeir, sem halda lífinu í því góða, sem þegar er til. Ef ekki væri neitt nýtt að gjöra, mundi þá mannleg skynsemi verða óþörf? Mundi það verða orsök til þess, að þeir, sem gjöra það ið gamla, gleymdu því, fyrir hvaða sök þeir gjöra það, og fœru að gjöra það eins og skynlausar skepnur, en ekki eins og mannlegar verur? Jafnvel inum beztu skoðunum og siðum er helzt til hætt við að verða að tómum dauðum vana; og ef ekki kœmu sífelt fram nýir og nýir menn, sem með sérkennilegum frumleik, er ávalt kemr fram á ný, vörnuðu því, að grundvöllr sá, sem skoðanir þessar og siðir hvíla á, yrði tízkan tóm og vani, þá mundi slíkir dauðir munir eigi fá staðizt inn minsta blæ af neinu því, sem nokkurt verulegt líf væri í; og það væri engin sjáanleg orsök

því til fyrirstöðu, að öll siðmenning dœi út eins og í býsanzka ríkinu. Satt er það, andríkir menn eru, og verða að líkindum ávalt, lítill minnihluti; en til þess að hafa þá, er nauðsynlegt að varðveita þann jarðveg, er þeir þrífast í. Andríki getr að eins frjálst anda dregið í frelsisins loftslagi. Andríkir menn eru, ex vi termini[1], sérkennilegri en aðrir menn, geta því öllum öðrum síðr, án þess að kremja sig til skemdar, felt sig niðr í nokkurt af þessum fáu þrúgu-mótum, sem mannfélagið hefir á takteinum til að móta meðlimi sína í, til þess að spara þeim það ómak að skapa aðalseigin sjálfra sín. Ef þeir fyrir hræðslu sakir skyldu sætta sig við, að láta þrúga sig í eitthvert af þessum mótum, og að láta allan þann hluta af sjálfum sér, sem eigi getr þróazt undir þrúguninni, fara á mis við allan þroska, þá er mannkynið litlu bœttara fyrir andríki þeirra. Sé þeir menn með ríku aðalseigini og sprengi af sér fjötrana, þá er mannfélagið, sem ekki tókst að kreista þá niðr í hversdags-mótið, vant að benda til hátíðlegrar aðvörunar á þessa »óstýrilátu« »óróaseggi« eða því um líkt; rétt eins og ef einhver fœri að álasa Niagara-fljótinu fyrir það, að það skuli ekki líða straumlaust milli bakka sinna eins og hollenzkt siki.

Ég legg svo mikla áherzlu á það, hve þýðingarmikið andríki er og hve nauðsynlegt er að leyfa því tálmunarlaust að bera ávöxt bæði í hugs-

1) þ. e.: eftir því sem í orðinu liggr. *Þýð.*

un og háttsemi, af því að mér er það full-ljóst, að þótt enginn vilji neita þessu í orði kveðnu, þá er nærri hver maðr alveg skeytingarlaus um það í rauninni. Fólk álítr andríki dásamlegan hlut, er það veitir manni hæfileik til að yrkja hrífandi kvæði eða mála mynd. En andríkið í sinni sönnu merkingu sem frumleiki í hugsun og athöfn? — Þótt enginn kveði upp úr með, að það sé ekki dásamlegr hlutr, þá hugsar þó nálega hver maðr í hjarta sínu, að þess geti þeir harla vel án verið. Þetta er því miðr svo eðlilegt, að það er engin furða. Frumleiki er sá einn hlutr, að ófrumlegar sálir fá aldrei skilið, hvert gagn sé í. Þeir fá ekki séð, hvaða gagn sér geti verið í honum; og hvernig ætti þess að vera að vænta? Ef þeir gætu séð, hvert gagn þeim getr verið í frumleikanum, þá væri hann ekki frumleiki. Fyrsta gagnið, sem frumleikinn þarf að gjöra þeim, er að opna augu þeirra; þá er það er einu sinni að fullu gjört, mundi útsjón til þess vera, að þeir yrðu sjálfir frumlegir. Þeir ættu samt sem áðr að minnast þess, að aldrei hefir neitt það enn þá gjört verið, er einhver hafi ekki verið fyrstr til að gjöra, og að alt það gott, sem til er, það er ávöxtr frumleika. Þeir ættu þá að vera svo lítillátir að trúa því, að eitthvað sé enn eftir handa frumleikanum að vinna, og vera þess fullvissir, að því minna sem þeir finna til skorts á frumleika, því meiri þörf er þeim á honum.

En hversu mikla lotningu sem menn í orði

eða athöfn kunna að sýna sönnum eða ímynduðum andlegum yfirburðum, þá er það óneitanlegr sannleikr, að höfuðstefna straumsins víðsvegar um heim hnígr nú í þá átt, að gjöra miðlungskapinn að drottnandi valdi meðal mannkynsins. Einstaklingrinn sjálfr mátti sín mikils í fornöld, eins á miðöldunum, á lénstímunum og jafnvel œði-lengi þar á eftir, þótt þá fœri að draga úr því; og væri hann atgjörvismaðr eða í hárri stöðu, þá mátti hann sín mjög mikils. Nú gætir einstaklingsins ekki í hópnum. Það er til stjórnmála kemr, þá er það margtuggið til leiðinda, að almenningsálitið stýrir nú heiminum. Það eina vald, sem vald á skilið að heita, er vald múgans, og vald stjórnanna að svo miklu leyti sem þær gjörast framkvæmdartól vilja og hvata múgans. Þetta á eigi síðr við um siði og aðferð í innbyrðis viðbreytni manna og viðskiftum, heldr en um almenningsmál. Þeir menn, er skoðanir þeirra eru kallaðar «almennings-álit» eða vilji þeirra «þjóðvilji», eru ekki ávalt inar sömu stéttir manna eða flokkar: í Ameríku eru það allir inir hvítu menn[1]; í Englandi eru það einkannlega meðalstéttirnar[2]; en þær eru ávalt múgi, það er að segja: miðlungskaparins höfðatala. Og þó er hitt enn nýstárlegra, að múgi manna sœkir nú ekki framar skoðanir sínar til

---

1) Þegar þetta var ritað, voru svertingjar enn ekki orðnir frjálsir í Bandaríkjunum. *Þýð.*

2) Síðan hefir tvívegis verið rýmkvaðr kosningaréttr á Englandi (1867 og 1884) að miklum mun. *Þýð.*

gœðinga kyrkjunnar eða ríkisins né heldr til auðsjáanlegra leiðtoga né í bœkr. Menn, sem harla eru líkir sjálfum þeim, hugsa nú fyrir þá, ávarpa þá í blöðunum eða tala þar í þeirra nafni, eins og andinn blæs þeim í brjóst í hvert skifti. Ég er ekki neitt að finna að öllu þessu. Ég fullyrði ekki að þessu verði á annan veg betr fyrir komið alment á því lága stigi, sem andi manna er á enn sem stendr. En þetta er ekki því til fyrirstöðu, að miðlungsmanna-stjórn sé að eins miðlungi góð stjórn. Engin lýðstjórn eða fjölmenn höfðingjastjórn hefir, hvorki í stjórnstörfum sínum né í þeim skoðunum, eiginleikum og andarstefnu, sem hún hefir alið, nokkru sinni hafizt upp úr miðlungskapnum, nema þá er inn stjórnandi fjöldi hefir leiðast látið (eins og hann hefir ávalt gjört á sínum beztu tímum) af ráðum og áhrifum eins manns eða fárra manna sér gáfaðri og fróðari. Frumkvæðið til alls, sem vitrlegt er og göfuglegt, kemr og verðr að koma frá einstaklingum; venjulega fyrst frá einhverjum einum einstaklingi. Það er miðlungsmannsins sómi og heiðr, að hann er fær um að veita frumkvæðinu fylgi sitt; að það, sem vitrlegt er og gott, getr snert skylda strengi í sálu hans, og að hann getr látið leiðast að því með opnum augum. Ég er ekki að halda fram þeirri »hetju-dýrkun«, er dáist að þrekmanninum, sem gœddr er mikilli andlegri atgjörvi, fyrir það að hann með valdi leggr hönd á stjórn heimsins og þvingar hann nauðugan til hlýða boði sínu. Alt, sem slíkr maðr á rétt á að heimta, er frelsi til að

benda á veginn. En að hann hafi vald til að neyða aðra til að fara hann, það er eigi að eins ósamþýðanlegt við frelsi og framför allra annara, en það er skaðlegt fyrir afreksmanninn sjálfan. Alt um það virðist, að þegar múgi tómra miðlungsmanna eru hvervetna orðnir eða í þann veginn að verða ið drottnandi vald, þá sé eini vegrinn til að vega á móti þessari stefnu eða leiðrétta hana, sá, að sérstakleikinn eða sérkennileikinn verði æ ríkari og ríkari hjá afburða-hugsunarskörungum. Það er sérstaklega þar sem svona á stendr, að þá einstaklinga, sem eru afbragð annara manna á einhvern hátt, ber að hvetja, en ekki letja, til að haga sér á sinn sérstaka hátt, þótt öðrum sé frábrugðinn. Þá er öðruvís stóð á, var ekkert unnið við þetta, nema því að eins, að þeir höguðu sér eigi að eins öðruvís, heldr og betr en múgi manna. En á þessum tímum þá er það eitt, að gefa frábrigðilegt *eftirdæmi*, að *eins* það, að *neita* að beygja kné fyrir tízkunni, það út af fyrir sig er velgjörð. Einmitt af því að harðstjórn almenningsálitsins vill gjöra sérlyndi að ávirðingu, þá er það æskilegt, svo að harðstjórn sú verði brotin á bak aftr, að menn sé sérlyndir. Þar sem menn hafa verið margir, og þegar menn hafa verið margir, með ríkum aðalseiginum, þar og þá hefir verið margt af sérlyndum mönnum. Og eftir því hefir venjulega verið mikið um sérlyndi hjá hverri kynslóð, sem þar var meira af andríki, hugsanþreki og siðferðislegu sálarhugrekki. Það, hve fáir þora að

vera sérlyndir, það sýnir einkennilega, í hverju aðalháski þessa tíðaranda er fólginn.

Ég hefi tekið fram, hve áríðandi það er að gefa öllu óvenjulegu atferli ið frjálsasta svigrúm, svo að það á síðan verði séð, hvað af því á skilið að verða tíðkanlegt. En frjálsræði í athöfnum og skeytingarleysi um tízkuna er ekki að eins stuðningsvert fyrir þá sök eina, að við það gefst mönnum færi á að finna betri aðferðir og nýja siði, sem vert er að innleiða; og það eru heldr ekki sérstaklegir andlegir afbragðsmenn einir, sem hafa réttláta heimting á að mega lifa lífi sínu á sinn eiginn hátt. Það er engin ástæða til að öll mannleg tilvera skuli sniðin vera eftir einu og sama fyrirsniði eða örfáum forsniðum. Ef maðr er gæddr nokkurn veginn meðalviti og meðalreynslu, þá er sá háttr, sem hann vill lifa lífi sínu á, beztr, ekki fyrir það, að hann sé beztr í sjálfu sér, heldr fyrir það að það er hans eiginn háttr. Mannlegar verur eru ekki eins og sauðkindr, og jafnvel sauðkindrnar eru ekki hver annari að öllu líkar. Maðr fær ekki frakka eða stígvél, sem honum eru mátuleg, nema það sé annaðhvort sniðið á hann eða þá hann hafi heilar búðarbirgðir úr að velja; og er það auðveldara að velja manni mátulegt lífssnið heldr en mátulegan frakka? eða eru mannlegar verur hver annari líkari að öllu líkamlegu og andlegu eðli, heldr en að fóta-lögun? Þó að aldrei væri annað en það, að menn hafa hver öðrum ólíkan smekk, þá er það eitt nóg til þess, að ekki ætti að reyna að steypa þá alla eftir einu móti.

Ên ólíkir menn þurfa ólík skilyrði til andlegrar þroskunar; og er þeim jafn-ómögulegt að þrífast í sama andlegu loftslagi og hita, eins og öllum jurtum og gróðri er ómögulegt að þrífast í sama jarðnesku loftslagi og við sama hitastig. Það ið sama, sem styðr einn mann til að efla þroska síns œðra eðlis, það ið sama verðr öðrum til tálmunar í því efni. Einn og sami lifnaðarháttr getr verið einum til heilsusamlegrar hressingar með því að halda öllum starfa og nautnar hæfileikum hans í bezta standi, þar sem hann verðr öðrum þreytandi byrði, sem drepr og kœfir alt innra líf. Svo er munrinn mikill á gleði-uppsprettum manna, á tilfinningarsemi þeirra fyrir meinum, á áhrifum líkamseðlilegra og andlegra áhrifa á þá, að ef eigi er tilsvarandi munr á lífsháttum þeirra, þá geta þeir hvorki notið þeirrar ánœgju í lífinu, er þeim ber, né heldr náð þeim sálar, siðferðis né fegrðarþroska, sem þeir hafa eðli til. Hví skyldi þá umburðarlyndið, að því er til almenningsálitsins kemr, að eins ná til þess smekks og þeirra lifnaðarhátta, sem ryðja sér til viðrkenningar með fylgismannafjölda. Hvergi (nema í munklífum nokkrum) neita menn alveg að viðrkenna alla frábreytni í smekk. Menn geta, án þess þeim sé legið á hálsi fyrir, haft gaman af að róa eða reykja, af dansi eða líkamsíþróttum, af að tefla skák, af að spila, af að stunda vísindi, og það sakir þess, að bæði þeir, er af þessu halda, og hinir, er óbeit hafa á því, eru hvoritveggju of fjölmennir til þess, að þeir verði ofrliði bornir. En hver sá maðr, og þó enn fremr hver

sú kona, er það verðr að sök gefið, að hann eða hún gjöri »það, sem enginn gjörir», eða gjöri ekki eitthvað »það, sem allir gjöra», verðr fyrir alt eins miklu álasi, eins og þótt hann eða hún hefði drýgt einhvern stórsaknæman siðferðisglæp. Menn þurfa að hafa nafnbót, kross eða embætti eða eitthvert annað tignarmerki eða þá hafa hylli manna í hárri stöðu, ef þeim á að vera óhætt að láta nokkuð eftir sér þann munað, að gjöra eftir vild sinni, án þess að rýra álit sitt. Ég segi með vilja: að láta nokkuð eftir; því að þeir, sem láta mikið eftir sér í þesssu efni, þeir eiga annað verra á hættu, heldr en álas manna — þeir eiga það á hættu að verða teknir undir réttar-rannsókn de lunatico[1], og að eigur þeirra verði af þeim teknar og fengnar í hendr ættingjum þeirra[2].

---

1) ɔ: sem óðir menn. Boð um að rannsaka, hvort maðr sé með allan mjalla, nefnist á Englandi *„writ* de lunatico inquirendo" (Sjá: *Wharton's* Law Lexicon, artt.: *„De lunatico"* og einkum *„Idiots and Lunatics"*). *Þýð.*

2) Það er bæði fyrirlitlegt og hryllilegt að sjá, hvers konar ástæður nú á síðari árum nægja til þess, að fá mann að lögum lýstan ófæran til að sjá fyrir sínu ráði; og eftir andlát hans má ónýta ráðstafanir hans á eigum þeim, er hann lætr eftir sig — ef þær nema svo miklu að það svari kostnaði að fara í mál um þær, því kostnaðrinn er af þeim tekinn. Menn hnýsast inn í smæstu atriði daglegs lífs hans, og hvað eina, sem til verðr tínt, sem ekki hefir á sér — fram sett og metið af mönnum með eiginleikum ins auvirðilegasta smásálarskapar — hversdagslegasta altízku-blæ, er borið á borð fyrir kviðinn sem sönnun fyrir vitskerðingu, og einatt tekið fyrir

Það er eitt aðalseigin stefnu almenningsálitsins nú á tímum, sem stuðlar mikið til að gjöra

---

góða vöru, með því að kviðmennirnir eru litlu óheimskari eðr miðr fáfróðir en vitnin, ef annars er nokkur munr þeirra á milli gjörandi. Og með þeim eindœma þekkingarskorti á mannlegu eðli og mannlegu lífi, sem svo oft gengr fram af oss hjá enskum lögfrœðingum, gjöra dómararnir einatt sitt til að villa kviðinn. Þessar réttargjörðir lýsa betr en skýrslur í mörgum bindum tilfinningu almennings fyrir mannlegu frjálsrœði og áliti hans á því. Því fer svo fjarri, að dómarar og kviðir meti nokkurs rétt hvers einstaklings til þess að breyta, þótt í þýðingarlausum atriðum sé, eftir skoðun sinni og lyst, að þeim er auk heldr óskiljanlegt, að menn með öllu ráði skuli meta slíkt frjálsrœði nokkurs vert. Áðr fyrrum, þá er farið var fram á að brenna guðstrúarlausa menn, þá var það tillaga góðmenna, að setja þá heldr á vitfirringa-spítala; það skyldi engan furða nú á dögum að sjá þetta framkvæmt, eða að heyra þá, sem kœmu því til leiðar, miklast af því, að í stað þess að ofsœkja þessa fáráða fyrir sakir trúarbragðanna, væri þeir farnir að beita þessari mannúðlegu og kristilegu aðferð við þá — auðvitað ekki án innri ánœgju yfir því, að með þessu móti fengju þeir þá meðferð, sem þeir verðskulduðu.

Höf.

— Það er rétt fróðlegt að taka eftir því, að aðal-niðrstaðan í grein Jóns Thóroddsens um Magnús Eiríksson, þeirri er áðr er nefnd (neðanm. á 64. og 65. bls.) er sú, að Magnús sé vitskertr. Aðalástœðan fyrir því sú, að hann trúir sumu, sem J Th. trúir ekki, og trúir aftr ekki öðru, sem J. Th. trúir, (þ. e. hefir aðra trú); það telr J. Th. „óðs manns œði“. Hve ríkt umburðarlyndisleysið var hér í landi um þær mundir, sést bezt á því, að það skyldi fá þannig blekkt gáfumann eins og J. Th., sem annars var svo frjáls og óháðr í anda. *Þýð.*

menn óumburðarlynda gagnvart öllum þeim, er sýna á sér einhver sérkennileika-mörk. Venjulegir miðlungsmenn mannkynsins hafa eigi að eins sljóvan skilning, heldr og sljóvar hvatir og tilhneigingar; enginn smekkr og engin ósk er svo ríkt hjá þeim, að þá geti fýst að gjöra neitt, sem er óvanalegt, og því skilja þeir ekki þá, sem ríkari hafa hvatirnar; telja þeir alla slíka til óstýrilátra og hóflausra manna, sem þeir eru vanir að lítilsvirða. Við þetta, sem er svo alment, þurfum vér nú að eins að hugsa oss að það bœtist, að það vakni sterk siðbóta-hreyfing, og er þá auðsætt, hvers vér eigum að vænta. Nú um þessar mundir er slík hreyfing vöknuð; mikið hefir í rauninni áunnizt í þá átt að gjöra breytni manna reglubundnari og draga úr öllum öfgum; og það er uppi mannúðar-andi, sem ekkert geðþekkara verksvið getr fundið, en að endrbœta siðferði og hyggindi meðbræðra vorra. Þessi stefna tímans veldr því, að almenningr er hneigðari til, en hann hefir verið á flestum eldri tímum, að fyrirskrifa mönnum almennar hegðanreglur, og reyna að knýja hvern mann til að laga sig eftir inu viðtekna sniði. Og hvort sem það er nú berum orðum sagt eða þegjandi undirskilið, þá er sniðið það, að hafa engar ríkar tilhneigingar. Það er aðalseigins-hugsjón þessara tíma, að hafa ekkert sérkennilegt aðalseigin; að limlesta með þrúgun eins og sínverskan konu-fót[1] sérhvern hluta

1) Eftir smekk Sínverja er kvennfótrinn fegrstr svo örsmár, að óeðilegt er; eru því fœtr heldri kvenna press-

mannlegs eðlis, sem eitthvað skagar fram úr og miðar þannig til að gjöra einstaklinginn að nokkrum mun frábrugðinn almennri hversdags-tízku.

Það er svo með þetta tízku-snið, eins og vant er að ganga með þær hugsjónir, sem útiloka helming þess, sem œskilegt er, að það framleiðir að eins lélega eftirmynd af hinum helmingnum. Í stað öflugs þreks, sem stjórnast lætr af tápmikilli greind, og í stað ríkra tilhneiginga undir sterkri handleiðslu samvizkusams vilja, þá verðr afleiðing þessa tízku-sniðs daufar tilfinningar og veikr þróttr, sem auðvelt er því að halda í ytra samræmi við setta reglu án nokkurs viljastyrks eða greindarþróttar. Það er nú svo komið, að menn með þrekmiklum aðalseiginum í nokkrum stórum stíl eru nú farnir að verða »saga tóm«. Í þessu landi er naumast nokkurt verksvið orðið fyrir afburðamann nema í gróðafyrirtœkjum. Viljaþrek það, sem við þau getr notið sín, má enn telja töluvert. En því vilja-þreki, sem afgangs verðr frá þeim, er oftast eytt í einhverja fyrirtekt; stundum kann það að vera nytsöm eða jafnvel mannúðleg fyrirtekt, en það er ávalt eitthvað eitt einstakt og venjulega eitthvert þýðingarlítið smáræði. Nú er ekkert mikilfenglegt til á Englandi nema í hópum eða samlögum. Hver um sig erum vér smámenni og virðist sem vér fáum engu mikilfenglegu til leiðar

---

aðir í þröng þegar frá barnsaldri, svo þeir ná eigi þroska; verða heiðar-konur því vanskapaðar á fótum og fá naumast gengið, nema vaggað eins og endr. *Þýð.*

komið nema með samlögu-vana vorum; og mannvinir vorir, sem vinna að eflingu siðgæðis og trúar, eru harðánægðir með þetta. En annað ættarmót var á þeim mönnum, er gjörðu England að því, sem það hefir verið; og menn með öðru marki brenda þarf til þess að varna því hnignunar.

Harðstjórn vanans er hvervetna in stöðuga tálmun mannlegra framfara; hún er sí-gagnstæð tilhneiging mannsins til að leita ávalt einhvers betra, en þess, sem algengt er, þeirri tilhneiging, sem ýmist er kölluð, eftir því sem á stendr, frelsis-andi, framfara-hugr eða endrbóta-áhugi. En endrbóta-andinn er ekki ávalt frelsis-andi, því að hann getr stefnt að því, að knýja nauðuga þjóð til umbóta; og að því leyti sem frelsis-andinn er gagnstæðr slíkum tilraunum, getr hann um stundar sakir á þeim eða þeim stað gengið í lið með þeim, er sporna móti endrbótunum. En in eina óbrigðula og stöðuga endrbóta-uppspretta er frelsi; því að þá er frelsis nýtr við, geta verið eins margar sjálfstæðar endrbóta-uppsprettur eins og einstaklingarnir eru margir til. En í hvorri myndinni sem framfara-stefnan birtist, hvort heldr sem frelsis-ást eða endrbóta-áhugi, þá er hún fjandstæð yfirdrottnun vanans og felr í sér að minsta kosti fríun frá oki hennar; og baráttan milli þessara tveggja andstæðu afla, það er aðalkjarninn úr allri mannkynssögunni. Meiri hluti heimsins á sér í eiginlegum skilningi enga sögu, af því að vanans afl er þar einvaldsherra. Þetta á sér stað um öll austrlönd. Þar er

venjan hæstiréttr í hverju máli; réttvíslega og sanngjarnlega þýðir þar: samkvæmt fornum vana. Engum kemr þar til hugar að véfengja venjunnar sönnunargildi, nema ef vera skyldi einhverjum veldisdrukknum einvaldsharðstjóra. Og árangrinn sjáum vér. Einhverntíma hljóta þessar þjóðir að hafa haft frumleika; ekki hafa þær sprottið upp úr jörðinni fjölmennar, bókmentaðar og kunnandi og leiknar í mörgum lífsins listum; þær mönnuðu sig sjálfar svo, og vóru þá mestar og voldugastar þjóðir í heimi. Hvað eru þær nú? Þær eru nú þegnskyldar undirlægjur annara kynflokka; og höfðu þær þó reist sér hof hátimbruð og hallir skrautlegar þá er forfeðr þessara kynflokka bjuggu enn á mörkum úti; en vaninn var ekki þeirra kynflokka einka-lögmál, heldr jafnframt frelsisást og framfara-hvöt. Vér sjáum því að ein þjóð getr tekið framförum um nokkurn tíma og hætt svo; og hve nær hættir hún að taka framförum? Þegar henni þrotnar sérkennileiki. Ef þjóðanna í norðrálfu bíða sviplík forlög, þá verðr það þó ekki alveg á sama hátt; sú vanans harðstjórn, sem vofir yfir þessum þjóðum, er ekki hrein og bein kyrrstaða; vanaharðstjórn sú bannar að vísu allan einkennileika, en hún útilykr ekki breytingu, ef allir að eins taka breytingunni í einu. Vér höfum af lagt ið óbreytanlega klæðasnið forfeðra vorra; hver maðr verðr enn að klæðast eins og annað fólk, en sniðtízkan getr breyzt einu sinni eða tvisvar á ári. Vér gætum þannig þess, að þá er breyting verðr, þá sé breytt að eins til að breyta, en

ekki fyrir fegrðar eða þæginda sakir; því að sama fegrðar eða þæginda hugsjónin mundi ekki fljúga öllum heiminum í brjóst á sama augabragði, og allir menn svo alt í einu kasta henni fyrir borð á öðru augabragði. En vér tökum framförum ekki síður en breytingum: vér finnum sífelt nýjar afl-fræðilegar fundingar, og vér höldum þeim, þar til er aðrar koma betri í þeirra stað; vér gjörum oss mikið far um endrbœtr í stjórnmálefnum, í uppeldi, jafnvel í siðgœðum, enda þótt endrbóta-hugmynd vor í inu síðast talda efni sé einkum fólgin í því, að hvetja aðra eða knýja þá til að vera eins góðir og vér erum sjálfir. Það eru ekki framfarir, sem vér höfum á móti; síðr en ekki; vér vonum vér megum telja oss ina framfarasömustu þjóð, sem nokkru sinni hefir uppi verið. Það er sérkennileikinn, sem vér berjumst gegn; vér mundum þykjast unnið hafa ið dásamlegasta furðuverk, ef oss hefði tekizt að gjöra oss alla eins; en vér gleymum því, að það, að hver er öðrum ólíkr, er venjulega það, sem fyrst vekr eftirtekt hvers um sig á ófullkomleikum sjálfs hans og yfirburðum náungans eða á möguleikanum á því að framleiða eitthvað betra, en hvort heldr sig eða hann, með því að sameina kosti beggja. Vér höfum varnaðar-dœmið fyrir oss þar sem Sínverjar eru – þjóð, sem gœdd er miklum hæfileikum og að sumu leyti enda miklum vísdómi, en það má eigna þeirri fágætu hamingju þeirra, að þeir höfðu þegar snemma á öldum fengið sérlega gott tízku-skipulag, en það áttu þeir að miklu leyti að þakka mönnum, sem

jafnvel mentaðasti norðrálfumaðr hlýtr, með nokkurri takmörkun, að kalla vitringa og heimspekinga. En sú þjóð er einnig merkileg fyrir það, hve ágæt tæki hún hefir til að kenna svo vel, sem unt er, hverjum meðlim mannfélagsins inn bezta vísdóm, sem hún þekkir, og tryggja það, að þeir, sem mest hafa af honum numið, skuli skipa ina œðstu heiðrs og valda sessi. Vissulega má ætla, að þjóð sú, sem þetta hefir gjört, hafi fundið leyndardóm mannlegra framfara og hljóti stöðugt að hafa haldið sér í fylkingarbroddi allrar heimsins hreyfingar. Þvert á móti. Þessi þjóð hefir orðið að steingjörvingi — þannig hefir hún verið í þúsundir ára, og eigi henni nokkru sinni að þoka lengra fram, hlýtr það að verða fyrir útlendinga tilstilli. Þeim hefir framar öllum vonum tekizt það, sem enskir mannvinir láta sér svo einkar-ant um að vinna að — það að gjöra alla eins, svo að allir láti inar sömu grundvallarsetningar og reglur stýra hegðun sinni; og þessir eru ávextirnir. Ið núverarandi ríki almenningsálitsins hjá oss er í óskipulegri mynd ið sama sem uppeldis og stjórnar aðferð Sínverja er í skipulegu heildarkerfi; og ef sérkennileikanum vex ekki nœgilega þrek til að brjóta af sér þetta ok, þá munu norðrálfuþjóðir, þrátt fyrir sína göfugu fortíð og þrátt fyrir kristindómsjátningu sína, stefna í þá átt, að verða nýir Sínverjar.

Hvað er það þá, sem til þessa hefir borgið norðrálfu-þjóðum frá þessu hlutskifti? Hvað hefir valdið því, að norðrálfu-þjóðir hafa verið inn framfarasami, en ekki inn kyrrstœði hluti mannkyns-

ins? Ekki er það neitt meðskapað afburða-ágæti; því að þeir ágætiskostir, ef nokkrir eru, sem þær kunnu að hafa, eru afleiðingin af framfarasemi þeirra, en ekki orsök hennar; en það sem þessu hefir valdið, er in merkilega fjölbreytni aðalseigina þeirra og fjölhæfi menningar þeirra. Einstaklingar, stéttir og þjóðir hafa verið hvert öðru mjög ólíkt; þau hafa gengið fjölmarga vegu, er allir hafa leitt að einhverju nýtilegu; og þó að þeir er gengu hver sína braut, hafi ávalt illa liðið hverjir aðra og hver um sig mundi hafa álitið það ágætt, ef unt hefði verið að knýja alla aðra til að fylgja sömu braut sem hann, þá hafa þó tilraunir þeirra til að tálma hver annars þroska, naumast nokkru sinni tekizt til lengdar, og hver um sig hefir með tímanum sætt sig við að hafa það gott af hinum, er kostr var á. Eftir minni skoðun eiga norðrálfu-þjóðir þessari fjölbreytni í vegum manna og háttum að þakka sína margvíslegu framför og þroska. En það er nú tekið talsvert að mínka um þetta, og norðrálfu-þjóðir eru merkjanlega að nálgast ina sínversku hugsjón, að gjöra alla menn eins. Í inu síðasta þýðingarmikla riti sínu minnist hr. de Tocqueville[1] á það, hve miklu líkari allir Frakk-

1) *A. Ch. H. Cl. de Tocqueville* (1805—1859) nafnfrægr blaðamaðr, stjórnvitringr og rithöfundr; reit meðal annars merkilega bók: „*La démocratie en Amérique*“ (um lýðveldið í Ameríku); hér mun vera átt við annað höfuðrit hans: „*L'ancien régime et la révolution*“ (inir fornu

ar sé nú hver öðrum, heldr en þeir hafi verið fyrir ekki meira en einum mannsaldri. Með enn þá meira sanni mætti ið sama segja um Engla. Wilhelm von Humboldt bendir í málsgrein þeirri, er þegar er til vitnað áðr, á tvent, er sé nauðsynleg skilyrði fyrir mannlegum þroska, af því að það sé nauðsynlegt til þess að menn geti orðið hver öðrum ólíkir, en það er: frelsi og fjölbreytilegt ástand. Fjölbreytni ástands fer þverrandi hér á landi með degi hverjum. Ástand það er allar stéttir og einstaklingar eiga við að lifa og skapar aðalseigin þeirra, er með degi hverjum að verða æ fábreyttara. Fyrr meir lifði svo að segja hver tign-stétt, hvert nágrendar-hverfi, hver iðngreinar-stétt og atvinnu-stétt í sínum sérstaka heimi; nú að miklu leyti í inum sama heimi. Tiltölulega má nú svo kalla, að allir lesi ið sama, heyri ið sama, sjái ið sama, vitji sömu staða, þrái ið sama, óttist ið sama, hafi sama frelsi og sömu réttindi og sömu tæki til að neyta þeirra. Svo mikill sem munrinn á högum manna er enn, er hann þó ekkert móti þeim mismun, sem horfinn er. Og alt heldr enn áfram að jafnast. Allar stjórnháttabreytingar þessara tíma efla jöfnuðinn, því að þær miða allar til að hefja inar lægri stéttir og lækka inar æðri stéttir. Öll útbreiðsla uppfræðingar eykr hann, því að uppfræðsla kemr mönnum undir sameiginleg áhrif og veitir þeim aðgang að almennum forða

---

stjórnhættir og byltingin), sem út kom í fyrsta sinn 1855. *Þýð.*

staðhafna[1] og skoðana. Allar endrbœtr á samgöngufœrum efla hann, því að fyrir þau hittast þeir er fjarri búa hver öðrum augliti til auglitis og mönnum veitir léttara að skifta um verustaði. Framför verzlunar og iðnaðar eflir hann, með því að fyrir verzlun og iðnað verða hagsældir velmegunar almennari og metnaðarfýsn manna greiðist aðgangr að sérhverju takmarki, hve hátt sem það er, en við það verðr löngunin til að komast til upphefðar eigi framar aðalseigin sérstakrar stéttar, heldr allra stétta. En þó er eitt afl, sem kröftuglegar en alt þetta stuðlar til að koma á almennum jöfnuði manna á meðal, og það er það alveldi almennings-álitsins yfir öllu í ríkinu, sem æ fer í vöxt bæði hér á landi og hjá öðrum þjóðum. Eftir því sem allar tignstöðvar lækka, þær er áðr gjörðu þeim það fært, er í þeim vóru, að skeyta eigi um almennings álit; eftir því sem raungerðlegum stjórnmálamönnum hættir meir og meir að koma til hugar að spyrna móti alþýðu-vilja, þá er það er óyggjandi, að almenningr hefir nokkurn vilja — að sama skapi missa frábrigðingar alla stoð í mannfélaginu; að sama skapi hverfr úr mannfélaginu alt verulegt máttarvald, er í sjálfu sér sé andstœtt allri fjölda-drottnun og hafi nokkra hugðar-hvöt til að halda verndarhendi yfir skoðunum og stefnum, er bregða frá því sem alment er.

---

1) „Staðhöfn“ nefni ég alt það, er við ber eða á sér stað („hefir stað“) *[a fact, factum]*. *Þýð.*

Samverkun allra þessara orsaka myndar svo margvísleg áhrif fjandstæð öllum sérkennileik, að eigi er auðvelt að sjá, hversu hann fái við haldizt. Það mun veita honum æ torveldara, nema vakin verði hjá inum skynsamari hluta almennings meðvitund um, hve mikils virði hann er — meðvitund um, að það sé gott að sundrleitni eigi sér stað, enda þótt það sem frá því bregðr, sem algengt er, sé ekki til ins betra; jafnvel þótt mönnum virðist það vera til ins lakara. Ef nokkurn tíma á að afla sérkennileikans réttri viðrkenningar, þá er nú tíminn til þess, meðan enn skortir mikið á, að nauðungar-samræminu verði til fulls á komið, Yfirgangi þess verðr því að eins viðnám veitt með nokkrum árangri, að það sé gjört í tíma áðr en það er alt of langt á veg komið. Krafan um, að allir skuli vera hver öðrum líkir, vex að því skapi sem meira er eftir henni látið. Ef menn bíða með að veita henni mótstöðu þangað til er menn hafa fengið á alt líf *nálega* eitt og sama snið, þá mun það verða álitið óguðlegt og gagnstætt náttúrlegu eðli að víkja frá því sniði. Mannkynið verðr fljótt ófært til að meta þýðing tilbreytninnar, þá er það er því um hríð afvant orðið að sjá hana.

IV. kapituli.

Um takmörkin fyrir valdi mannfélagsins yfir einstaklingnum.

Hver eru þá in réttu takmörk á einveldi einstaklingsins yfir sjálfum sér? Hvar tekr við vald mannfélagsins? Til hve mikils af mannlegu lífi á sérkennileikinn tilkall, og til hve mikils mannfélagið?

Ef hvor málsaðili um sig fær það er einkannlega varðar hann, þá fær hvor það sem honum ber.

Sérkennileikanum ber sá hluti lífsins, sem sérstaklega er einstaklingnum hugðnæmr, en mannfélaginu sá partr, sem sérstaklega er mannfélaginu hugðnæmr.

Mannfélagið er ekki bygt á neinum samningi; og það er ekkert við það unnið að hugsa sér slíkan samning, til að leiða út af honum skyldur einstaklingsins gagnvart mannfélaginu. En alt um það er sérhver sá, er verndar nýtr af mannfélaginu, skyldr að endrgjalda því þá velgjörð; og af því, að menn lifa í mannlegu félagi, leiðir það óhjákvæmilega, að hver maðr er skyldr til að gæta nokkurra hegðanreglna gagnvart öðrum. Þessi

hegðun er fólgin fyrst og fremst í því að ganga eigi of nærri hugðum, sem annaðhvort eftir skýrum laga-ákvæðum eða þegjandi samkomulagi eiga að skoðast sem réttindi; í öðru lagi er þessi hegðun í því fólgin, að hver maðr beri sinn hluta (er ákveðinn sé eftir einhverri sanngjarnri reglu) af skyldukvöðum þeim og byrðum, er nauðsynlegar eru til að verja mannfélagið og meðlimi þess tjóni og árásum. Þessara skilyrða hefir mannfélagið rétt til að annast um að gætt sé, og það hvað sem það kostar þá sem undan því reyna að skorast að uppfylla þau. Og þetta er ekki alt og sumt, sem mannfélagið hefir rétt til að gjöra. Einstaklingrinn getr sitthvað gjört, er öðrum er mein að eða vottar umhyggjuskort fyrir velferð annara, án þess þó að hann fari svo freklega í, að sagt verði að hann brjóti gegn fastákveðnum réttindum þeirra. Þá má vel refsa meingjörðarmanninum með almennings-áliti, enda þótt eigi sé heimilt lagarefsingum við hann að beita. Jafnsnart sem hegðun manns er skaðvæn högum annara manna, þá nær valdhringr mannfélagsins yfir hana, og þá kemr það til álita, hvort það muni almenningsheill til eflingar eða ekki að mannfélagið skerist í leikinn. En þetta kemr alls ekki til álita, þá er hegðun manns snertir engra annara hag en sjálfs hans, eða þarf ekki að snerta, utan þeir sjálfir vilji (svo fremi allir, sem í hlut eigu, eru fulltíða og fullvita). Í öllum slíkum tilfellum ætti menn að hafa fylsta frelsi, bæði að lögum og almenningsáliti, til að gjöra það sem þeir vilja og bera afleiðingarnar.

Það væri stór misskilningr á þessari skoðun, að ætla að ég með henni vilji halda fram sjálfkulegu skeytingarleysi, svo að mannlegum verum komi ekkert við hverjum annara hegðun í lífinu,og að menn ætti ekki að láta sig neinu varða góða hegðun eða vellíðun hver annars, nema sjálfra þeirra hugðarmál sé í húfi. Það er öll þörf á að óeigingjörn viðleitni til að efla heill annara þverri ekki, heldr vaxi. En óeigingjörn velvild getr fundið önnur tæki til að sannfæra menn um það, sem þeim er fyrir beztu, heldr en keyri og svipur, hvort heldr í bókstaflegri eða óeiginlegri merkingu. Ég skal verða síðastr manna til að lítils-meta skyldurnar við sjálfa oss. Þær ganga að þýðingu til næst skyldunum við mannfélagið, ef þær eigi standa þeim alveg jafnfætis. Það er jafnt verkefni uppeldisins að brýna hvorartveggju. En jafnvel við uppeldið er sannfærslu og fortölum beitt eigi síðr en nauðungu, og þá er uppeldis-tíminn er úti, þá ætti að eins að beita sannfærslu og fortölum til að innræta mönnum skyldurnar við sjálfa sig. Mannlegar verur eru skyldar að hjálpa hver annari til að greina gott frá illu, og hvetja hver aðra til að kjósa ið fyrra og hafna inu síðara. Þær ættu ávalt að hvetja hver aðra til að iðka ina æðri hæfileika sína, og til að beina æ meir og meir tilfinningum sínum og viðleitni að vitrlegu marki og í hugunum í stað heimskulegs, að háleitu marki í stað auvirðilegs. En hvorki einn maðr né neinn fjöldi manna hefir rétt til að banna annari mannlegri veru, sem komin er til vits og ára, að fara

svo með líf sitt sem hún óskar, af þeirri ástæðu, að henni sé það fyrir beztu sjálfri að henni sé bannað það. Engum er velferð neins manns svo mikið hugðarefni sem sjálfum honum; það er smáræði eitt, hvert hugðarefni hún getr verið öðrum, í samanburði við það, hvað hún er honum sjálfum, að þeim einum frá teknum, sem eru honum tengdir sérstaklegum ástarböndum. Hvert hugðarefni hann sem einstaklingr er mannfélaginu (nema að því er kemr til viðbreytni hans við aðra), það er svo sem eitt brot að reikna, enda er það eingöngu óbeinlínis; en hinsvegar hefir inn ómerkilegasti maðr eða in ómerkilegasta kona, að því er til tilfinninga og ástæðna sjálfra þeirra kemr, óendanlega miklu betri tök á að öðlast fulla þekkingu á þeim, heldr en nokkur maðr annar getr haft. Íhlutun sína til að stjórna ályktunum einstaklingsins og fyrirætlunum í þeim efnum, er að eins varða sjálfan hann, hlýtr mannfélagið að byggja á almennum skoðunum; en bæði geta þær verið alveg rangar, og enda þótt réttar væri í sjálfu sér, er eins líklegt, að þær yrðu rangt heimfærðar, eins og að þær yrðu rétt heimfærðar, til sérstaklegra tilfella af mönnum, sem ekki eru kunnugri atvikum slíkra tilfella heldr en þeir geta verið, sem að eins líta á þau frá áhorfandans sjónarmiði. Í þessari grein mannlegra athafna hefir því sérkennileikinn sitt rétta verksvið. Í viðbreytni manna sín á meðal er það nauðsynlegt að gætt sé að mestu leyti almennra frumreglna, svo að menn geti vitað, á hverju þeir eiga von; en í því er sjálfan

hann varðar einan, hefir einstaklingrinn rétt til að gefa sjálfkrafi sínu fult frelsi. Ráðleggingar sínar til að hjálpa dómgreind hans, hvatningar sínar til að styrkja vilja hans, þær geta aðrir menn boðið honum, þeim geta þeir enda troðið að honum; en sjálfr á hann fullnaðarúrskurðinn á að leggja. Hvað það er honum kann að skjátla, þrátt fyrir ráð og aðvaranir annara, er lítils um vert móti skaða þeim sem að því er, að leyfa öðrum að knýja hann nauðugan til þess, er þeir hyggja honum fyrir beztu vera.

Ekki ætlast ég til þess, að það skuli engin áhrif hafa á álit vort á náunga vorum, hversu hann fer með sínu ráði sjálfs, hvort heldr vel eða illa. Þetta getr eigi átt sér stað og er heldr ekki æskilegt. Ef hann er afbragðsmaðr að einhverjum þeim eiginleikum, sem efla sjálfs hans hag, þá er hann að því leyti aðdáunar verðr. Hann er því nær fullkomleika-hugsjón mannlegs eðlis. Sé einhverjum þessum eiginleikum hans mjög ábótavant, vekr það tilfinningar hjá oss, sem gagnstæðar eru aðdáun. Til er svo mikil heimska, og til er svo auvirðilegr eða spiltr smekkr (það má kalla það svo, þótt með réttu megi að því orðalagi finna), að þótt eigi verði það að vísu réttlætt, að gjöra þeim nokkurt mein, er þessa eiginleika hefir, þá hlýtr hann þó að verða, og það með réttu, viðbjóðslegr, eða, þegar mest að kveðr, enda fyrirlitlegr, með því að enginn getr tilhlýðilega gæddr verið inum gagnstæðu eiginleikum, án þess að finna til viðbjóðs eða fyrirlitning-

ar á honum. Maðr, sem að vísu gjörir á einskis annars manns hluta, getr farið svo að sínu ráði, að vér hljótum að álíta hann og meta sem afglapa eðr sem veru af óæðra kyni. Og með því að hann mundi fremr óska að komast hjá því, að vér fengjum svo rýrt álit á honum og fyrirlitum hann, þá er það greiði við hann að vara hann við því fyrir fram eins og við hverjum öðrum óþægindum, sem hann getr bakað sér. Það væri sannarlega æskilegt ef menn gjörðu hver öðrum þennan greiða miklu oftar, heldr en almennar kurteisishugmyndir manna nú sem stendr leyfa, og það væri æskilegt að hver maðr gæti hreinskilnislega bent öðrum á, að hann hyggr honum hafa yfirsézt, án þess hann yrði fyrir það álitinn ókurteis eða nærgöngull. Vér höfum og rétt til þess að fara á ýmsan veg í breytni vorri eftir áliti voru á einhverjum manni, ekki til að þröngva sérkennileik hans, heldr til að fylgja sérkennileik sjálfra vor. Vér erum t. d. ekki skyldir til að leita umgengni við hann; vér höfum rétt til að forðast umgengni við hann (þó eigum vér ekki að gjöra oss far um að láta á því bera); því að vér höfum rétt til að kjósa oss umgengni þá, sem oss er geðfeldust. Vér höfum rétt til, og það getr verið skylda vor, að vara aðra við honum, ef oss þykir líklegt að eftirdæmi hans eðr tal hafi þau áhrif, að spilla þeim er hann umgengst. Vér megum taka aðra fram yfir hann til að láta þá sitja fyrir því, er vér af frjálsum vilja óskum gott að gjöra, nema því að eins að það væri eitthvað, sem miðaði til

að bœta hann. Þannig getr maðr á ýmsan hátt orðið fyrir alvarlegum óþægindum af annara manna hendi fyrir ávirðingar, er þó snerta að eins sjálfan hann beinlínis; en hann verðr fyrir þessum óþægindum að eins að svo miklu leyti sem þau eru eðlileg afleiðing og svo að segja sjálfráð afleiðing af sjálfum ávirðingunum, ekki fyrir þá sök að honum sé bökuð þau af ásetningi í hegningar skyni. Maðr, sem sýnir framhleypni, þrjózku, sjálfsþótta — sem getr ekki lifað við bjargálnir — sem eigi getr synjað sér um skaðlegar nautnir — sem leitar sér dýrslegs munaðar í stað smekklegs og skynsamlegs —, hann má við því búast að falla í áliti annara og að þeir beri miðr gott þel til hans; en yfir þessu hefir hann engan rétt til að kvarta, nema því að eins að hann hafi verðskuldað velvild þeirra með frábærri framkomu í viðbúð sinni við aðra, og hafi þannig áunnið sér þann rétt til góðsemdar þeirra, sem eigi verði skertr við ávirðingar hans gagnvart sjálfum sér.

Það sem ég fer fram, er þetta, að þau óþægindi, sem óhjákvæmilega leiðir af rýru áliti annara á manni, sé ið eina böl, sem rétt er að baka honum fyrir sakir þess hluta af hegðun hans og aðalseigini, sem varðar sjálfs hans velferð, en ekki hagsmuni þá er aðrir eiga undir viðskiftum sínum við hann. Verk, sem öðrum eru til meins, verðr alt öðruvís með að fara. Að ganga of nærri rétti annara; að baka þeim nokkurt tjón eðr skaða, nema því að eins að réttr sjálfra vor réttlæti slíkt; að beita aðra sviksemi og tvöfeldni í viðreign vorri

við þá; að nota sér ójafnaðarlega eða ódrengilega aðstöðuhagsmuni gagnvart þeim; jafnvel að leiða hjá sér fyrir sjálfku sakir að verja þá yfirgangi: — alt þetta er rétt að sæti siðferðislegu álasi, og ef mikið kveður að, þá siðferðislegu endrgjaldi og vítum. Og það er ekki að eins þessi aðferð, sem er sannarlega ósiðréttmæt, heldr og það skaplyndi, sem aðferðin sprettr af, og er því alveg rétt að það veki misþóknun vora eða jafnvel viðbjóð. Grimmýðgi; illfýsi og mannvonzka; inn ófélagslegasti og viðbjóðslegasti allra skaplasta, öfundin; hræsni og óhreinskilni; reiðigirni án gildra orsaka og heift, sem eigi stendr í neinu hlutfalli við tilefnið; drottnunargirni yfir öðrum; löngun til að bera meira úr býtum, en oss ber að réttu lagi (það sem Grikkir kölluðu πλεονεξία[1]); dramblæti það, er finnr fullnœgju í að niðrlægja aðra; sérgœðingskapr sá, er hyggr sig og alt, er sjálfan tekr henda, meira um vert en sérhvað annað, og ræðr úr öllum vafamálum sjálfum sér í hag; — alt þetta eru siðferðislegir lestir og mynda ill og andstyggileg aðalseigin; þeir eru frábrugðnir löstum þeim er áðr er ávikið og að eins taka til mannsins sjálfs, er þá hefir til að bera[2], og ekki eru í eiginlegum skilningi siðspell, því að hve mikið sem að þeim kveðr, verða þeir ekki að

---

1) Þ. e. ásœlni. *Þýð.*

2) *Self-regarding faults* mætti ef til vill á íslenzku nefnast „sjálfhendir lestir“ (sjálfhendr = er sjálfan tekr henda). *Þýð.*

mannvonzku. Þeir geta verið vottr um mikla heimsku eða um skort á virðuleik og sjálfsmetum; en þá fyrst er rétt að þeir sæti siðferðislegum vítum, er þeir leiða til þess, að einstaklingrinn brýtr skyldur sínar við aðra, er hann hefir þær skyldur við að rækja, er skylda hans til að gæta að sjálfs síns ráði. Inar svo nefndu skyldur við sjálfa oss eru ekki bindandi fyrir oss gagnvart mannfélaginu, nema svo hagi til, að atvikin gjöri þær jafnframt að skyldum við aðra. Ef orðtækið »skyldur við sjálfa oss» þýðir nokkuð annað, en hyggindi, þá þýðir það sjálfs-met og sjálfs-þroskun; en fyrir hvorugt það ber neinn maðr ábyrgð gagnvart meðbræðrum sínum, því að það er til þessa kemr, er það ekki mannkyninu í hag, að hann beri ábyrgð gagnvart þeim.

Mismunr sá, sem er á þeirri álits-rýrnun, er einstaklingr getr með réttu bakað sér með vanhyggju sinni og vanmetum á sjálfum sér, og vítum þeim, er hann verðskuldar með því að brjóta gegn rétti annara, er meira en nafnið tómt. Það gjörir mikinn mun bæði í áliti voru á manninum og viðbreytni vorri við hann, hvort oss gezt illa að honum í því, er vér álítum að vér höfum rétt til að láta til vor taka, eða í því, er vér vitum að vér höfum eigi rétt til að skifta oss af. Ef oss gezt illa að manni, megum vér láta það í ljós og vér höfum rétt til að sneiða oss hjá manni, er oss gezt eigi að, eigi síðr en hjá hlut, sem eigi fellr oss; en eigi ber oss fyrir þá sök að finna köllun hjá oss til að baka honum óþægindi. Vér eigum

að hugleiða, að hann ber þegar eða mun bera síðar alla hegninguna fyrir villu sína eða ávirðing. Ef hann spillir lífi sínu með vanhyggni sinni, þá eigum vér ekki fyrir þá sök að óska að spilla því enn framar; í stað þess að óska að hegna honum, ættum vér heldr að reyna að gjöra honum hegninguna léttbærari með því að sýna honum, hversu hann fái umflúið böl það, er breytni hans miðar til að baka honum, eða bætt úr því. Vér getum aumkvað hann, ef til vill haft óbeit á honum, en vér höfum ekki rétt til að sýna honum reiði eða heift; vér eigum eigi að fara með hann sem væri hann óvinr mannfélagsins; það versta, sem vér eigum að telja oss hafa rétt til að gjöra honum, er að láta hann sjálfan eiga sig, ef velvild knýr oss ekki til að sýna honum hugð og umönnun. Alt öðru máli er að gegna ef hann hefir brotið reglur þær, sem nauðsynlegar eru til verndar meðbræðrum hans, hvort heldr hverjum einstökum eðr félaginu í heild sinni. Inar illu afleiðingar af athöfnum hans koma þá ekki yfir sjálfan hann, heldr yfir aðra; og mannfélagið sem vörðr allra sinna meðlima hlýtr þá að hafa endrgjaldsrétt gagnvart honum; það verðr þá að leggja meinlæti nokkur á hann beint í hegningar skyni, og verðr þá að gæta þess, að þau sé nœgilega tilfinnanleg. Í þessu tilfelli er hann misgjörðamaðr, sem stendr fyrir dómstóli vorum, og það er köllun vor, eigi að eins að dœma hann, heldr og að fullnœgja á honum dómi vorum á einn eðr annan hátt; í hinu tilfellinu er það eigi vort hlutverk að leggja á hann neina

þjáning eðr meinlæti, nema að því leyti, sem svo kann undir að bera, að slíkt leiði af því að vér neytum ins sama frjálsræðis í hegðun vorri, sem vér líðum honum í sinni hegðun.

Margir munu þeir verða, er eigi vilja viðrkenna greinarmun þann, sem hér er á vikið, á þeim hluta lífs manns, er að eins varðar sjálfan hann, og þeim hluta lífs hans, er aðra varðar. Hversu getr—kunnu þeir að spyrja—nokkur hluti af breytni eins meðlims mannfélagsins verið óviðkomandi hinum meðlimunum? Enginn maðr lifir í algjörðu einmani; enginn fær neitt það gjört, er alvarlega og að staðaldri skaði sjálfan hann, nema því að eins, að tjónið nái að minsta kosti til þeirra, sem honum eru nánastir, og oft miklu lengra. Ef hann eyðir efnum sínum, þá vinnr hann mein þeim, sem beinlínis eða óbeinlínis nutu framfœris af þeim, og spillir hann þá jafnframt vanalega að meiru eðr minnu leyti efnahag mannfélagsins yfir höfuð. Ef hann skemmir líkams eðr sálar hæfileika sína, þá leiðir hann eigi að eins böl yfir alla, sem á einn eða annan hátt eru upp á hann komnir, en hann gjörir sig og með því óhæfan til að vinna meðbrœðrum sínum alment það gagn, sem hann er þeim um skyldugr; verðr enda ef til vill góðsemd þeirra og velvildarsemi að byrði; og væri slík breytni almenn, mundi naumast nokkur yfirsjón, sem drýgð er, vera skaðlegri fyrir almennings heill. Og að lokum, kunnu sumir að segja, er þess að gæta, að þótt maðr vinni ekki öðrum neitt beinlínis tjón með löstum sínum

og heimskupörum, þá er dœmi hans engu að síðr skaðvænt, og því ætti að neyða hann til að hafa hemil á sjálfum sér sakir þeirra er spillast kynnu eða afvega leiðast við að sjá og þekkja breytni hans

Og meira að segja (munu menn við bœta), þó að unt væri að takmarka svo afleiðingarnar af illri breytni, að þær nœðu að eins til ins lastafulla eðr skeytingarlausa manns sjálfs, ætti þá mannfélagið að láta þá menn sigla sinn eiginn sjó, sem auðsjáanlega eru ófœrir til að stjórna sjálfum sér? Ef það er viðrkend skylda mannfélagsins að vernda börn og ófulltíða menn fyrir tilverknaði sjálfra þeirra, er það þá eigi jafn-skuldbundið til að veita ina sömu vernd þeim fulltíða mönnum, sem eru jafn-ófœrir um að hafa stjórn á sjálfum sér? Ef dufl eða drykkjuskapr eða óhóf eða leti eða óhreinlæti eru eins skaðvæn velferð manna og eins mikill þröskuldr í vegi framfaranna eins og margt hvað eða flest það, sem lögbannað er, fyrir hverja sök (má þá spyrja) skyldu lögin þá ekki reyna að koma í veg fyrir þetta að svo miklu leyti sem það er gjörlegt og veldr eigi alt of miklum vandkvæðum? Og ætti ekki að minsta kosti almenningsálitið svo sem til uppfyllingar óhjákvæmilegum ófullkomleika laganna að stofna sterka löggæzlu gegn þessum löstum, og hegna þeim stranglega með siðferðislegum refsingum, sem kunnir eru að því að iðka þá? Hér er ekki um það að rœða (geta menn sagt), að hefta sérkennileikann eða hindra tilraunir til nýstárlegra og frumlegra lifn-

aðarhátta. Það sem farið er fram á að hefta eða hindra, er það eitt, sem reynt hefir verið og fordæmt frá upphafi heimsins alt fram á þennan dag, það eitt, sem reynslan hefir sýnt, að hvorki er nytsamt né hæfilegt nokkurs manns sérkennileika. Það hlýtr þó til að vera einhver sú tímalengd og einhver sú reynslu-gnótt, að óhætt sé að þeim tíma liðnum og að þeirri reynslu fenginni að álíta einhverja siðferðis eða hygginda reglu öruggan sannleika; og alt það, sem þeir óska, er þessu fara fram, er að koma í veg fyrir, að kynslóð eftir kynslóð gangi fyrir inn sama ætternis-stapa, sem orðið hefir fyrirrennurum þeirra að fjörlesti.

Ég kannast fyllilega við það, að tjón það er maðr vinnr sjálfum sér, getr haft alvarlegar afleiðingar fyrir þá er honum eru nákomnir, þar sem það bæði getr haft áhrif á tilfinningar þeirra og hagsmuni, og einnig, þótt að minnu leyti sé, fyrir mannfélagið í heild sinni. Þá er maðr leiðist til að brjóta með þessleiðis háttsemi, sem hér er um að ræða, gegn ákveðinni og auðsýnilegri skyldu sinni við nokkurn annan eða nokkra aðra, þá hverfr sú háttsemi hans úr flokki þeirra athafna, er að eins varða sjálfan hann, og á þá með réttu að sæta siðferðislegri misþóknun í orðsins eiginlegum skilningi. Ef t. d. maðr fyrir óhófs eðr svalls sakir verðr ófær um að greiða skuldir sínar, eða ef hann hefir tekizt á hendr þá siðferðislegu skuldbinding, sem leiðir af að ganga í hjúskap og eiga börn, en verðr af áðr töldum orsökum ófær

til að sjá fyrir þeim og ala þau upp, þá á hann ámæli skilið og getr með réttu verðskuldað hegningu; en það er þá fyrir brot á skyldum sínum við sifjalið sitt eðr skuldheimtumenn, en ekki fyrir eyðslusemi sína. Úr því að hann dróg það undan af eignum sínum, er þeir áttu heimting á, og svifti þá þeim þannig, þá hefði hans siðferðislega sekt verið söm þótt hann hefði varið þeim á inn arðsamasta hátt. George Barnwell myrti móðurbróður sinn til fjár, er hann ætlaði að verja handa frillu sinni; en þótt hann hefði gjört það í því skyni að verja fénu til að stofna sér atvinnuveg, þá hefði hann eins verið hengdr fyrir því. Eins er ef vér lítum á það tilfelli, sem svo altítt er, að maðr bakar sifjaliði sínu sorg með því að leggja ýmsa illa siði í vanda sinn, að þá er hann vítaverðr fyrir illa viðbúð eðr óþakklæti; en hann gæti verið eins vítaverðr fyrir að leggja ýmislegt í vanda sinn, sem í sjálfu sér er alveg saklaust, ef það er svo vaxið, að þeim er raun að því, sem hann á við að búa, eða þeim er fyrir venzla sakir eiga vellíðun sína undir honum. Hver sá maðr, er eigi sýnir hugðum og tilfinningum annara manna þá nærgætni, er þær alment eiga skilið, er siðferðislega vítaverðr fyrir þá ónærgætni, nema einhver æðri skylda knýi hann til sinnar háttsemi eða hún verði réttlætt við það er hann er sjálfum sér um skyldugr; en það sem þá er vítavert hjá honum, er að eins ónærfærnin við aðra, en ekki það sem er orsökin til hennar, og heldr eigi þær ávirðingar, er einvörðungu snerta sjálfan hann, þótt þær kunni

óbeinlínis að hafa leitt hann til hennar. Svo er og um það, er maðr með hegðun eðr atferli, er í sjálfu sér snertir að eins sjálfan hann, gjörir sig óhæfan til að gegna einhverri ákveðinni skyldu, er á honum hvílir gagnvart þjóðfélaginu, þá brýtr hann almenna félagsskyldu eðr drýgir afbrot gegn þjóðfélaginu. Engum manni ber að refsa fyrir það eitt, að hann verðr drukkinn; en hermanni eða lögregluþjóni, er drukkinn er á verði, ber að refsa. Í stuttu máli: hvenær sem öðrum einstaklingi eða almenningi er bakað sýnilegt tjón eða sýnileg hætta við tjóni, þá hverfr tilfellið undan umdœmi frjálsræðisins og undir umdœmi hegðanreglna og laga.

Þar sem aftr svo á stendr, að það er að eins af hendingu eða, sem kalla má, óbeinlínis að maðr veldr þjóðfélaginu tjóni með breytni sinni, án þess hann brjóti neina ákveðna skyldu sína gagnvart almenningi eða valdi tjóni nokkrum einstaklingi öðrum en sjálfum sér, þá má þjóðfélagið vel við því að umbera það tjón fyrir sakir ins stœrra hagræðis, sem er í frjálsræði manna. Ef það á að fara að *refsa fullorðnum mönnum* fyrir það, að þeir sjái eigi fullvel fyrir sínu ráði sjálfra, þá vildi ég heldr að það væri gjört fyrir sjálfra þeirra skuld, heldr en undir því yfirskini, að það sé gjört til að varna því, að þeir spilli hæfileika sínum til að veita þjóðfélaginu styrk, er það þykist þó eigi hafa rétt til að þvinga þá til að láta sér í té. En ég get eigi fallizt á að líta svo á þetta mál, eins og þjóðfélagið hefði engan veg til

að styrkja svo ina veikari meðlimi sína, að þeir yrðu ekki í hegðun sinni fyrir neðan mundangsmark þess, sem alment er kallað meðal-skynsamlegt, annan en þann, að bíða þar til er þeir gjöra eitthvað óskynsamlegt og hegna þeim svo fyrir það annaðhvort siðferðislega eða með lagarefsingum. Mannfélagið hefir haft óskorað vald yfir þeim allan fyrri hlut æfi þeirra; það hefir haft alt bernskuskeið þeirra og œskuskeið til að reyna, hvort það gæti gjört þá hæfa til að hegða sér skynsamlega í lífinu. Nútíðar-kynslóðin hefir á sínu valdi uppeldi og alla hagi innar komandi kynslóðar. Að vísu getr hún ekki gjört hana fyllilega góða og hyggna, af því að sjálfri henni er svo sorglega áfátt í góðleik og hyggni; og þegar til reynslunnar kemr í einstögum tilfellum, þá bera ekki ávalt inar beztu tilraunir hennar ina heillaríkustu ávexti; en þess er hún fyllilega umkomin, að gjöra ina uppvaxandi kynslóð í heild sinni eins góða og hún sjálf er og enda nokkru betri. Ef þjóðfélagið lætr nokkurn talsverðan fjölda meðlima sinna vaxa upp í hreinum barnaskap, svo að skynsamleg íhugun fjarlægra ástœðna getr engin áhrif á þá haft, þá má það sjálfu sér um kenna afleiðingarnar. Þar sem því þjóðfélagið er vopnað bæði með valdi uppeldisins og með öllu því afli, sem áhrif viðtekins almenningsálits ávalt hafa á hugi þeirra, sem sízt eru sjálffœrir um að álykta; og þar sem þjóðfélagið þar að auki á við að styðjast þau e ð l i l e g u víti, er þeir fá eigi um flúið, er verða fyrir mispóknun eða fyrirlitning þeirra, sem þekkja

þá, — þá er óþarfi fyrir það að fara því fram, að það ofan á alt þetta þurfi að hafa vald til að gera fyrirskipanir, og knýja menn til hlýðni við þær, í þeim efnum, er eingöngu snerta einstaklingana sjálfa persónulega — í þeim efnum, þar sem eftir öllum réttlætis og hygginda reglum úrskurðar eðr ályktar-valdið ætti að vera í höndum þeirra sem eiga að bera afleiðingarnar. Þar að auk er ekkert, sem fremr miðar til að rýra í áliti manna og ónýta inar betri aðferðir til að hafa áhrif á hegðun manna, heldr en það að beita inum lakari aðferðum. Ef meðal þeirra manna, sem reynt er að þvinga til hygginda eðr hófsemdar, skyldi vera nokkuð af því efni, er þrekmikil og óháð aðalseigin skapast af, þá fer ekki hjá því að þeir rísa öndverðir upp á móti okinu. Enginn slíkr maðr mun nokkru sinni við kannast, að aðrir menn hafi nokkurn rétt til að sjá fyrir hans ráði í þeim efnum, er hann varða, slíkan sem þeir hafa til að meina honum að gjöra á hluta þeirra í þeim efnum, er þá varða. Og það er mjög hætt við að það verði álitið merki um hugrekki og þor að rísa öndverðr gegn slíku yfirgangs-valdi og gjöra, svo að sem mest á beri, það sem beint er gagnstætt því, sem það vill bjóða mönnum að gjöra; alveg eins og gekk á dögum Karls II., er skrælingjalegt siðleysi kom á eftir inu umburðarlyndislausa siðferðis-ofstœki Púrítananna. Svo að ég víki að því, er sagt hefir verið um það, hver nauðsyn sé á að vernda þjóðfélagið gegn inu illa eftirdœmi lastúðugra eðr breyzkra manna, þá er það að vísu satt,

að illt eftirdœmi getr haft skaðleg áhrif, einkanlega það dœmi, er sá sleppr óhegndr, er öðrum gjörir rangt. En vér erum hér að rœða um þá hegðun, er álitið er að gjöri fremjandanum sjálfum mikið mein, en engum manni öðrum rangt; og þá fæ ég ekki betr séð, en að þeir sem þetta álíta, verði og að álíta, að slíkt eftirdœmi sé yfir höfuð fremr til gagns en tjóns, því að sýni það illa breytni, þá sýnir það og inar tilfinnanlegu og auðmýkjandi afleiðingar, sem ætla má, ef breytnin sætir þeim dómi, sem hún á skilið, að ávalt eða nær ávalt hljóti að fylgja henni.

En in sterkasta ástœða af öllum gegn því, að almenningsvald láti til sín taka alveg persónulega háttsemi einstaklingsins, er sú, að þá er almenningsvaldið hlutast til um þetta, þá er öllu líkara til, að það skerist í á rangan hátt og á röngum stað. Í þeim efnum, er snerta siðrétt mannfélagsins eða skyldurnar við aðra menn, er það líklegt, að álit almennings, það er að segja: álit drottnandi meirihluta almennings, þótt það sé oft rangt, sé þó oftar rétt; því að í þessum efnum þurfa menn að eins að dœma um hugðir sjálfra sín, um það, hver áhrif einhver breytni, ef hún væri leyfð, mundi hafa á þá. En álit þvílíks meirihluta um þá hegðun manns, er eingöngu varðar sjálfan hann, — það álit, er menn vilja gjöra að lögmáli fyrir minnihlutann, það er fult eins líklegt að sé rangt eins og rétt; því að í slíkum efnum þýðir almenningsálit, þegar bezt lætr, ekki annað, en álit sumra manna um það, hvað gott sé eða illt fyrir aðra;

og oft og einatt þýðir það ekki einu sinni þetta; því að almenningr skeytir oft ekki ið minsta um, hvað þeim er geðfelt eða þægt, sem þeir eru um að dœma, heldr hyggja að eins að því, hvað honum er sjálfum kærast. Þeir eru margir, sem skoða hverja þá hegðun annara, er þeim geðjast eigi að, eins og móðgun eða áreitni við sig, og verða svo gramir yfir henni, eins og tilfinningum þeirra hefði verið misboðið. Þannig er þess dœmi um trúarofstœkismann, að þá er honum var borið á brýn, að hann lítilsvirti trúrœknis-tilfinningar annara, hafði hann svarað, að þeir lítilsvirtu einnig tilfinningar hans með því að halda fast á sinni viðbjóðslegu guðsdýrkun eða trú. En það er heldr engin líking milli tilfinningar manns fyrir sjálfs hans skoðun og tilfinningar annars manns fyrir henni, sem er gramr við hinn fyrir að hafa þessa skoðun,—ekki fremr en milli löngunar þjófsins til að stela pyngjunni og löngunar ins rétta eiganda til að halda henni. Og smekkr eða tilhneiging manns er engu síðr einvarðanarefni sjálfs hans heldr en skoðun hans eða pyngja. Það er hœgt fyrir hvern og einn að ímynda sér hugsjónarlegan almenning, er láti sjálfrœði og kjörfrelsi einstaklingsins í öllum vafamálum hlutlaust, og heimti að eins að hann haldi sér frá allri þeirri háttsemi, er almenn reynsla hefir fordœmt. En hvar hefir sá almenningr til verið, er setti slík takmörk í hlutunarsemi sinni? eða hvenær hirðir almenningr um almenna reynslu? Þá er almenningsálitið hlutast til um hegðun einstaklingsins, hugsar

það sjaldan um annað, en hversu fráleitt það sé að hegða sér öðruvís eða hafa aðrar tilfinningar, heldr en almenningr sjálfr. Og þessari fyrirmynd halda níu af hverjum tíu allra siðfræðinga og heimspekinga á loft í léttum dularbúningi fyrir mannkyninu sem boðorðum trúar og heimspeki. Þeir kenna oss, að þetta eðr hitt sé rétt, af því að það sé rétt; af því að vér finnum að það sé rétt. Þeir segja oss að leita í hug og hjarta sjálfra vor að hegðanlögmáli bindandi fyrir sjálfa oss og aðra. Hvað getr svo fáráðr almenningr gjört, nema beitt þessum kenningum og gjört einka-tilfinningar sjálfs sín, ef þær eru þolanlega almennar, að bindandi lögmáli fyrir allan heiminn?

Mein það, sem hér er á vikið, er ekki að eins til í hugarburði manna; og ef til vill kynnu menn að búast við að ég færi að tilgreina in sérstöku tilfelli þar sem almenningr þessarar aldar og þessa lands hefir ranglega gefið geðþekkni sjálfs sín aðalseigin siðalögmáls. En ég er ekki að rita þátt um villur siðferðismeðvitundar þessara tíma. Það er of umfangsmikið mál til þess að það verði rökrætt rétt í ádrepu og að eins til skýringar-dœmis. En þó verðr dœmi að taka til að sýna, að frumregla sú, er ég held fram, hefir alvarlega og raungerðlega þýðingu, og að ég er ekki að berjast við skuggann minn með því að reyna að reisa skorður við neinum ímynduðum meinum. Og það er ekki örðugt að sýna með nœgum dœmum, að ein in almennasta mannlegra tilhneiginga er sú,

að þenja út endimörk þess, er kalla mætti siðferðislega löggæzlu, þar til það kemr í bága við ið vafalausasta réttmæta frelsi einstaklingsins.

Lítið þá á sem fyrsta dœmi, hverja óbeit menn geta alið í brjósti sér af eigi betri rökum en það, að aðrir menn, sem hafa þeim frábrugðnar trúarskoðanir, fylgja eigi trúarsiðum þeirra, sérstaklega afneitunarreglum trúar þeirra. Svo að ég vitni til dœmis, sem œði tíðvitnað er til, þá er ekkert það í trú eða háttsemi kristinna manna, sem meiru veldr um að eitra hatr Múhameðsmanna á þeim, heldr en það, að kristnir menn éta svínsflesk. Það er fátt, sem kristnir menn og norðrálfu-menn hafa svo megnan viðbjóð á eins og Múhameðsmenn hafa á þessum hætti að seðja hungr sitt á. Í fyrsta lagi er þetta brot móti boðum trúar þeirra; en sú ástœða gjörir á engan hátt fullnœgjandi grein hvorki fyrir megni né tegund óbeitar þeirrar; því að vín er einnig bannað í trúarbrögðum þeirra, og allir Múhameðsmenn álíta það rangt að neyta þess, en ekki viðbjóðslegt. Andstygð þeirra á keti ins »óhreina dýrs« er þar á móti alveg sérstaklegs eðlis, að sínu leyti eins og sá ósjálfráði viðbjóðr, sem hugsunin um óhreinlæti vekr, þegar hún hefir á annað borð gagntekið tilfinninguna, og það jafnvel hjá þeim, sem í venjum sínum og háttsemi eru síðr en ekki frábærlega hreinlátir. Merkilegt dœmi þessa er tilfinning sú, sem er svo megn hjá Hindúum, fyrir því, sem óhreint er samkvæmt trúarbrögðum þeirra. Gjörum nú ráð fyrir, að meirihluti manna í einhverju ríki

væri Múhameðstrúar, og að sá meirihluti skyldi fara fram á að banna að lögum að neyta flesks innan endimarka ríkisins. Þetta væri ekkert óheyrt í löndum þar sem Múhameðstrú væri þjóðtrú[1]. Væri nú slíkt að beita siðferðisvaldi almenningsálitsins á réttmætan hátt? Og ef ekki, þá fyrir hverja sök? Vani þessi er sannarlega andstyggilegr í augum slíks almennings. Þeir trúa því og einlæglega, að guð hafi bannað þetta og að honum sé það viðrstygð. Eigi væri heldr unt að kalla bann þetta trúar-ofsókn. Bannið getr stafað af trúar rótum, en það verðr eigi kallað ofsókn fyrir trúar sakir, með því að einskis manns trú gjörir honum það að skyldu að éta flesk. In eina gilda ástœða til að fordœma bann þetta væri sú, að almannavald hefir engan rétt til að hlutast til um persónulegan smekk einstaklingsins eðr þá

---

1) Parsar í Bombay eru merkilegt dœmi í þessu tiltilliti. Parsar eru einkar iðinn og atorkusamr þjóðflokkr; þeir eru afkomendr eldsdýrkenda í Persíu. Þeir flýðu ættjörðu sína fyrir Kalífunum og komu til Indlands ins vestara; leyfðu þá Hindúa-höfðingjar þeim landsvist með því skilyrði, að þeir mætti eigi éta nautaket. Þá er fram liðu stundir lögðu síðan Múhameðstrúar-menn landið undir sig, og var þá Pörsum enn leyfð landvist sem áðr, en með þeim skildaga, að þeir mættu eigi éta flesk. En þessi afneitun, sem þannig var í fyrstu tilkomin af hlýðni við yfirboðara sína, varð Pörsum að annari náttúru, og enn þann dag í dag neyta þeir hvorki nautakjöts né svínsflesks. Þótt þetta sé ekki bannað í trú þeirra, þá er þessi tvöfalda afneitun orðin þjóðfylgja í venjum þeirra, og í austrlöndum er vaninn trúarbrögð. *Höf.*

háttsemi einstaklinga, er eingöngu varðar sjálfa þá.

Svo að vér víkjum nokkuð nær átthögunum, þá álítr hávaði Spánverja það ið mesta guðleysi og ina mestu andstygð í augum innar œðstu veru, að tilbiðja hana eða dýrka á nokkurn annan hátt, en eftir sið Róm-kaþólskra manna; og engin önnur guðsdýrkun er leyfð á spænskri lóð. Allar suðrlanda-þjóðir álfu vorrar álíta kvonfang klerka eigi að eins gagnstœtt trúarbrögðunum, heldr og saurlífislegt, ósœmandi, hneykslanlegt og hreina viðrstygð. Hvert er nú álit mótmælenda um þessar fyllilega hrœsnislausu tilfinningar, og hvað mundu þeir segja um það, ef reynt væri að gjöra þær að nauðungarlögmáli fyrir þá, sem eigi eru kaþólskir? Og þó má spyrja: ef mannkynið hefir rétt til að hlutast til um frelsi einstakra manna í þeim efnum, er eigi varða aðra, eftir hvaða reglu er þá unt, ef menn vilja vera sjálfum sér samkvœmir, að útilykja þessi tilfelli? eðr hver vill þá lá mönnum, að þeir vilja bœla það niðr, er þeir álíta hneyksli fyrir guðs og manna sjónum? Það er eigi unt að færa neina sterkari ástœðu fyrir því að banna neitt það, sem skoðað er sem siðleysi einstaklingsins, heldr en til þess eru, að banna áðrnefnda háttsemi, í augum þeirra er álíta hana guðleysi. Og ef vér viljum ekki fallast á röksemdaleiðslu ofsóknarmanna og segja, að vér megum ofsœkja aðra, af því að vér höfum rétt fyrir oss, og að þeir megi ekki ofsœkja oss, af því að þeir hafi rangt fyrir sér, þá verðum vér að varast að viðr-

kenna þá frumreglu, er vér mundum álíta ið hneykslanlegasta ranglæti, ef henni væri beitt við sjálfa oss.

Má vera að sumir hafi nú á móti dœmum þeim, þótt það sé ástœðulaust, er ég hefi þegar til fœrt, með því að þau sé tekin af tilfellum, er aldrei geti fyrir komið hjá oss, þar sem ólíklegt sé að almenningsálit hér á landi vilji neyða menn til að hafna ketnautn, eða fari að hlutast til um guðsdýrkun manna, eðr um það, hvort menn kvænast eðr lifa ókvæntir eftir því sem trú þeirra eðr tilfinning býðr þeim. Alt um það skal ég taka næsta dœmið af einni íhlutun um um frjálsræði manna, sem vér alls ekki erum alveg sloppnir við að yfir oss vofi. Hvervetna þar sem Púrítanar hafa verið nœgilega voldugir, svo sem í Nýja-Englandi[1] og í Bretlandi inu mikla á þjóðveldistímunum, þar hafa þeir reynt, og það með töluverðum árangri að bœla niðr allar almennar skemtanir og því nær allar skemtanir einstakra manna, einkannlega tónlist, dans, almenn spil eðr leiki eðr aðrar samkomur í skemtunarskyni, og sömuleiðis leikhúsin. Það er enn mikill fjöldi þeirra manna í þessu landi, að eftir hugmyndum þeirra um siðferði og trú eru þessar skemtanir óleyfileg-

1) Nýja-England nefndist áðr mikið land á austrströnd Norðr-Ameríku, þar sem nú eru ríkin Maine, New Hampshire, Vermont, Massachusetts, Rhode-Island og Connecticut. Þau nefnast enn Nýja-Englands-ríkin *(New England States)*. *Þýð.*

ar; og þar sem þessir menn heyra að mestu leyti til meðalstéttunum, sem eru ið drottnandi vald eins og nú er ástatt í félagslegu og stjórnlegu tilliti í ríkinu, þá er það alls ekki óhugsandi að menn með þessum skoðunum verði í eitt skifti eða annað í meirihluta í parlímentinu[1]. Hvernig skyldi þá hinum hluta almennings líka það að láta trúar og siðréttis skoðanir inna strangari Calvininga og Mepódista ráða því, hverjar skemtanir þeim skuli leyfast. Ætla þeir bæðu ekki all-skorinort þessa nærgöngulu guðræknis-þegna að hugsa um það eitt, er þeim kemr við. En þetta er einmitt það sem á að segja við sérhverja stjórn og sérhvert almenningsálit, er fer því fram, að enginn megi gjöra sér neitt það til ánœgju, er hún eða það álítr rangt. En ef menn kannast við frumreglu þessa íhlutunar-réttar, þá getr enginn sanngjarnlega haft á móti því, að henni sé beitt samkvæmt skilningi meirihlutans eða hvers annars drottnandi valds í ríkinu; og allir verða að vera við því búnir að sætta sig við þá hugsjón kristilegs ríkis, sem vakti fyrir inum fyrstu landnámsmönnum á Nýja-Englandi, ef það skyldi nokkru sinni heppnast trúarflokki ápekkum þeim að ná aftr þeirri yfirhönd, sem þeir hafa mist, eins og svo oft hefir fyrir komið, að trúflokkum, sem virzt hafa vera í hnignun, hefir tekizt.

Þá má enn minnast á tilfelli, sem enn meiri

---

1) Parlíment *(Parliament)* nefnist löggjafarþing Engla. *Þýð.*

líkindi eru ef til vill til að fyrir komi, heldr en það, er síðast var ávikið. Það er alment viðrkent, að straumr aldarháttarins gengr sterklega í þá átt um þessar mundir í heiminum að koma sem jafnaðarlegustum eða lýðvaldslegustum brag á skipulag mannfélagsins, hvort sem því fylgja nú lýðvalds-stjórnarhættir eðr ekki. Í því landi, þar sem tilhneiging þessari hefir orðið mest að verki, þar sem bæði félagsskipulagið og stjórnarskipulagið er lang-lýðvaldslegast — í Bandaríkjunum, þar er fullyrt að álit almennings, sem kann illa sérhverjum íburðarmeiri eða kostnaðarsamari lifnaðarhætti, en hann getr sjálfr búizt við að jafnast við, hafi sem næst sömu áhrif sem nokkurnveginn öflugt munaðar-bann að lögum, svo að víða í ríkjunum sé fullir erfiðleikar á því fyrir mann, sem hefir geysi-miklar tekjur, að finna nokkurn veg til að eyða þeim, þann er eigi sæti almennings álasi. Þó að slíkar sögur sem þetta sé nú vafalaust talsvert ýktar fram yfir það, sem í rauninni á sér stað, þá er þó ástand það, sem þær lýsa, eigi að eins bæði skiljanlegt og hugsanlegt, heldr er það in líklega afleiðing lýðvaldslegrar jafnaðar-tilfinningar samfara þeirri trú, að almenningsálitið hafi neikvæðis-vald í því máli, hvernig einstaklingarnir megi verja tekjum sínum. Vér þurfum ekki annað en að hugsa oss enn fremr, að skoðanir sósíalista[1] vinni töluverða útbreiðslu, og getr þá auð-

1) Sósíalisti *(socialist)* er eiginlega hver sá maðr, er gefr sig við að rannsaka skipulag mannlegs félags og

veldlega að því rekið, að það verði svívirðlegt í augum meirihluta manna að eiga meiri eignir en einhverja litla upphæð, eða að hafa nokkrar aðrar tekjur, en þær er unnið er fyrir með líkamlegu erfiði. Skoðanir, sem á þessum grundvelli hvíla, eru þegar nú mjög almennar meðal iðnaðarmannastéttarinnar, og hvíla sem þungt ok á þeim, sem hlíta verða almenningsáliti þeirrar séttar stérstaklega, en það eru iðnaðarmenn sjálfir. Það er alkunnugt, að þeir sem eru lélegir verkmenn (og þeir eru meiri hluti starfsmannanna í mörgum iðnaðargreinum), hafa skýlaust þá skoðun, að lélegir

---

lögmál þess skipulags. En einkannlega er það orð haft um sósíal-demókrata sem stjórnmála-flokksmenn. Þessi flokkr vill beita ríkisvaldi til að koma jöfnuði á kjör manna bæði að efnahag, uppfræðing, réttindum og skyldum. Vilja þeir steypa öllu stjórnar og félags skipulagi, því er nú er, í þessu skyni — með löglegri aðferð, ef auðið er, en með uppreistar-bylting, ef á þarf að halda, og síðan skipa *með lögum* inu nýja fyrirkomulagi. Þeir eru að því leyti ólíkir sameignarmönnum (kommúnistum), að þeir vilja eigi afnema allan eignrétt einstaklinga, heldr takmarka hann; og stjórnleysingjum (anarkistum) eru þeir frábrugðnir í því, að þeir vilja eigi lifa við stjórnleysi, heldr þvert á móti láta stjórnvöldin hlutast til um margt það, er stjórnir nú leiða hjá sér. Þeir vilja auka verksvið löggjafarvaldsins, en eigi þrengja það. Þeir hafa oft verið kallaðir „jafnaðarmenn“ á íslenzku, en það er óheppilegt, því að „jafnaðarmaðr“ (gagnstætt „ójafnaðarmaðr“) er hver sanngjarn maðr. Það sem einkennilegt er við sósíalista, er það, að þeir vilja jafna alt með *lögum* og lögskipulagi; væri því nær að kalla þá „lögjafnaðarmenn“. *Þýð.*

verkmenn eigi að fá sömu laun sem góðir verkmenn, og að engum ætti að líðast, hvort heldr með samningsvinnu eða á annan hátt, að vinna fyrir meiru, sakir betri kunnáttu eða meiri iðni, heldr en aðrir geta unnið fyrir án þessa. Og til þess að hræða velkunnandi starfsmenn frá að þiggja, eða starfsveitendr frá að veita, hærri laun fyrir gagnsamlegra starf, beita þeir siðferðislegu aðhaldi, sem stundum enda snýst upp í líkamlegt ofbeldi. Ef almenningr hefir annars nokkurn rétt til að hlutast til um þau mál, er að eins varða einstaklinginn, þá fæ ég ekki séð að þessir menn hafi rangt fyrir sér, eða að unt sé að áfella nokkra sérstaka sétt manna fyrir það, að hún tekr sér sama vald yfir þeim einstaklingum, sem eru meðlimir hennar sérstaklega, eins og almenningr yfir höfuð tekr sér yfir einstaklingunum alment.

En það er óþarfi að fjölyrða meira um þetta tilfelli, því að á vorum dögum er í framkvæmdinni beitt stórkostlegum yfirgangi gegn frelsi einstaklinganna, og yfir oss vofir enn frekari yfirgangr, er útlit er til að fram nái að ganga, og þeim skoðunum er fram haldið, að almenningr hafi ótakmarkaðan rétt til eigi að eins að hindra að lögum sérhvað það er almenningsálit hyggr rangt vera, heldr og til að hindra ýmislegt það er almenningsálit viðrkennir að saklaust sé, í þeim tilgangi að geta með því móti jafnframt hindrað það, er það telr rangt vera.

Undir því yfirskyni að koma í veg fyrir of-

drykkju hefir mönnum í einni enskri lýðlendu[1] og í nálega helmingi Bandaríkjanna verið bannað

1) „Lýðlenda“=„hlýðlenda“ (sbr. „lýðskylda“=„hlýðskylda“). Þannig þýði ég orðið *colony*, sem menn venjulega þýða á vort mál með orðinu „nýlenda“. Að vísu er „nýlenda“ frummerkingin í *colony*; en í Englandi er *colony*, þá er rætt er um brezkar eignir, haft í annari sérstaklegri merking, sem fellr alls ekki saman við „nýlendu“-merkinguna, heldr er að sumu leyti þrengri og sumu víðari. Þannig eru ekki allar brezkar nýlendur nú kallaðar *colony*, og sumt er aftr kallað *colony*, sem ekki er nýlenda. *Colony* sem alment orð í málinu þýðir eiginlega „nýlenda“; en *colony* í ensku rikisréttar-máli hefir sérstaka þýðing, sem ákveðin er með lögum. Í 28 & 29 V., c. 63* er orðið *colony* skilgreint svo, að það þýði „allar erlendar landeignir, sem hafa löggjafarþing fyrir sig, nema Normandí-eyjarnar [Jersey, Guernsey, Alderney, Sark o. s. fr.] og eyjuna Man“. *[Cab. Lawyer*, 24ht ed., pag 13.]. Aðrar erlendar landeignir Breta kallast *possessions*, og mætti nefna þær „útlendur“ (í mótsetn. við heimalandið, sbr. „úthagi“ móts. „heimahagi“). Væri áþekk málvenja í Danaveldi, væri Grœnland og nýlendur Dana í Vestreyjum „útlendur“, en Ísland væri einna svipaðast „lýðlendu“ í enskri merking.

Þýð.

) Svo er til laga vitnað á Englandi, að öll þau lög, er samin eru á sömu þingsetu, eru skoðuð sem einn bálkr („statute“*) og hvert sérstakt lagaboð skoðað sem einn kapituli (*„chapter“*); bálkrinn er svo nefndr eftir stjórnarári konungs. 28. og 29. V. er þannig lögbálkr þings þess er háð var 1865 (á 28. og 29. ríkisári Victoríu, sem kom til ríkis 20. júní 1837); „c. 63“ er 63. lagaboð frá því þingi. *Þýð.*

að lögum að nota á nokkurn hátt áfenga drykki nema til lækninga; því að í raungjörðinni verðr það sama, að banna að selja þá, sem að banna að nota þá, enda er sá tilgangrinn að svo skuli vera. Og þótt sú raun, sem á hefir orðið, að ógjörlegt var í framkvæmdinni að gæta þess að lögum þessum væri hlýtt, hafi valdið því, að þau hafi verið úr gildi numin aftr í ýmsum þeim ríkjum, er höfðu lögleitt þau, og þar á meðal í því ríkinu, sem þessi lagasetning hefir nafn af fengið[1], þá hefir þó engu að síðr verið byrjað á tilraun til að reyna að fá sams konar lögum á komið hér í landi, og berjast margir viðrkendir mannvinir með talsverðum áhuga fyrir þeirri tilraun. Félag það eðr »samband« („*Alliance*"), eins og það nefnir sig sjálft, sem myndazt hefir í þessum tilgangi, hefir orðið nokkuð kunnugt við það, að út hafa verið gefin sendibréf, er þeim fóru á milli skrifara sambandsins og Stanley lávarði, einum af inum fáu ensku stjórnmálamönnum, sem álíta að skoðanir stjórnmálamanna eigi að hvíla á föstum frumreglum. Sá þáttr, er Stanley lávarðr hefir átt í þessum bréfaviðskiftum, er svo lagaðr, að við hann munu styrkjast þær vonir, er þeir menn gjörðu sér þegar áðr um hann, er vita, hve fágætir, því miðr, meðal þeirra, er þátt taka í stjórnmálum, þeir eiginleikar eru, sem hann oft hefir sýnt í fram-

1) Lög þessi eru alment í umræðum nefnd *Maine*-lög eftir ríkinu *Maine*, einu af austustu Bandaríkjunum, því að þaðan eru þau fyrst upprunnin. *Þýð.*

komu sinni í almennings-málum. Talsmaðr »sambandsins« kveðst »mjög mundu harma það, ef viðrkend væri nokkur sú frumregla, er teygja mætti í þá átt, að réttlæta trúar-hrœsni og ofsóknaranda«, en tekst á hendr að benda á »in skýru og óyfirstíganlegu takmörk», er skilji slíkar frumreglur frá frumreglum »sambandsins». »Öll efni, er við koma hugsun, skoðunum eða samvizku, virðast mér«, segir hann, »vera alveg fyrir utan verksvið löggjafarvaldsins; en öll málefni, er snerta athafnir manna, siði eða viðskifti sem félagslima þjóðfélagsins þau er eingöngu liggja undir vald ríkisins, en eigi einstaklingsins, virðast mér liggja fyrir innan verkahring löggjafarvaldsins». En á ina þriðju tegund athafna er alls eigi minzt, er báðum þessum tegundum er þó frábrugðin, og það eru athafnir og venjur manna ekki sem þjóðfélags-lima, heldr sem einstaklinga; og þó heyrir það, að drekka áfenga drykki, vissulega til þessari tegund athafna. En sala áfengra drykkja er samt verzlun, og verzlun er félagsvarðandi athöfn. En sú íhlutun, sem vér höfum á móti, er ekki íhlutunin í frelsi seljandans, heldr í frelsi kaupandans og neytandans; því að ríkið gæti alt eins vel bannað honum að drekka vín, eins og með ásetningi fyrirgirt, að hann geti fengið það. Þessu svarar skrifarinn svo: »Þess krefst ég sem þegn, að löggjafarvaldið láti það til sín taka, er félagsvarðandi breytni annars manns skerðir rétt minn sem félagsmanns». Og þá er nú á það að

líta, hvað hann kallar »rétt sinn sem félagsmanns«. »Ef nokkur hlutr skerðir rétt minn sem félagsmanns í þegnfélaginu, þá gjörir verzlunin með á-fenga drykki það. Hún spillir frumrétti mínum til öruggleika, með því að hún sífeldlega vekr og eflir óreglu í mannfélaginu. Hún spillir jafnrétti mínu, með því að hún gjörir það að gróðavegi að skapa eymdarástand, sem skattar eru á mig lagðir til að bœta úr. Hún tálmar rétti mínum til frjálsra siðlegra og andlegra framfara, með því að hún dreifir hættum á leið mína og veikir mannfélagið og siðspillir því, og á ég þó rétt á að það styðji mig eins og ég styð það, og rétt á að hafa mök við það«. Þvílík kenning um »þegnfélagsleg réttindi« manna sem þessi hefir að líkindum aldrei fyrr verið berum orðum í ljósi látin; enda fer hún hvorki fram á meira né minna, en að það sé skilyrðislaus þegnfélagslegr réttr hvers einstaklings, að sérhver einstaklingr annar skuli í einu sem öllu breyta alveg eins og honum ber að gjöra; að hver sá sem út af því bregðr í nokkru inu minsta atriði, brjóti móti þegnfélagslegum rétti mínum og veiti mér rétt til að heimta af löggjafarvaldinu, að það firri mig þessu böli. Slík endemis-grundvallarsetning er miklu hættulegri frelsinu heldr en nokkurt sérstakt yfirgangsbrot gegn því; það er ekkert það ofbeldi gegn frelsinu, er eigi megi réttlæta með henni; hún viðrkennir ekki rétt til nokkurs frjálsræðis, hverju nafni sem nefnist, nema ef til vill til að hafa í laumi einhverjar skoðanir, sem aldrei má í ljósi láta; því að á sama augnabragði

sem skoðun, er ég álít skaðlega, kemr yfir varir nokkurs manns, þá misbýðr hún öllum inum »þegnfélagslegu réttindum«, sem »sambandið« eignar mér. Kenning þessi vill eigna öllu mannkyni ákveðinn rétt til þess, að hver láti sig varða siðlega, andlega og jafnvel líkamlega fullkomnun annars, og það á þann hátt, er hver getr metið eftir sinni mælistiku.

Annað dœmi vil ég nefna upp á heimildarlausa íhlutun þjóðfélagsins í réttmætt frjálsræði einstaklinganna, og það íhlutun, sem eigi að eins vofir yfir oss, heldr hefir um langan aldr staðið í sigrsælu gildi; þetta dœmi er helgidaga-löggjöfin. Það er enginn efi á því, að það er mjög þarfr og góðr siðr að taka sér hvíld frá daglegum störfum einn dag í viku, að svo miklu leyti sem lífsins kjör leyfa, en þó er það engin trúarbragða-skylda fyrir neina aðra en Gyðinga. Og svo fremi það verðr eigi trygt, að þessi siðr sé haldinn, nema með almennu samkomulagi meðal allra starfsmanna-stétta, því að ef nokkrir ynnu, mundi það óbeinlínis neyða aðra til ins sama[1], þá getr það verið heimilt og rétt, að lögin tryggi hverjum um sig það, að hinir fylgi þessum sið, með því, að

1) Sá sem vinnr 7 daga vikunnar í stað 6 daga, getr tekið $^1/_7$ minni daglaun, en sá er að eins vinnr 6 daga, og haft þó jafnt um árið. Samkeppnin mundi valda því, að þeir er 6 daga vinna, yrðu að láta sér nœgja sömu daglaun og hinir, en þá yrði árstekjur þeirra $^1/_7$ minni. Til að geta lifað eins og hinir, mundu þeir því neyðast til að fara að vinna 7. daginn líka. *Þýð.*

þau fyrirbjóði öll aðal-iðnaðar-störf einn ákveðinn vikudag. En þessi íhlutun löggjafarvaldsins réttlætist við það, hve mikilsvarðandi það er fyrir aðra, að sérhver einstaklingr fylgi siðnum; en sú réttlæting nær ekki til þeirra sjálfshvata-starfa, sem maðr kann að óska að verja tómstundum sínum til; þá nær hún og hvergi heima að því er kemr til lagabanns gegn skemtunum á helgidögum. Satt er það að vísu, að skemtanir sumra manna á helgidögum geta haft það í för með sér, að aðrir verði að vinna þá daga. En skemtun margra, að ég ekki segi nytsöm hressing margra, er verð þess, að fáeinir menn leggi á sig ómaks-starf nokkurt, svo fremi þeir hafa það starf óneyddir á sig lagt, og þeim er fullfrjálst að leggja það niðr, ef þeir óska. Verkamenn hafa alveg rétt fyrir sér í því, er þeir álíta, að ef allir ynni á sunnudögum, þá yrði sjö daga verk unnið fyrir sex daga laun; en á meðan menn í flestöllum iðn-greinum halda hvíldardag frá vinnu á sunnudögum, þá fá þeir fáu menn, sem þó vinna þann dag, til þess að aðrir geti skemt sér, tiltölulega viðbót við laun sín, og þeir eru alls ekki knúðir til að vinna, ef þeir kjósa heldr hvíld en tekjur. Ef menn vildu leita frekari bótar á þessu, þá væri hægt með almennri venju að taka upp sérstakan hvíldardag einhvern annan vikudag fyrir þá, er sérstaklega stunda þessa sunnudaga-vinnu. In eina ástæða, sem því er unt að færa til varnar banni gegn helgidaga-skemtunum, hlýtr að vera sú, að þær sé gagnstæðar trúarbrögðunum; en það er sú löggjafar-ástæða, sem

aldrei verðr of alvarlega móti mælt. *„Deorum injuriae diis curae“*[1]. Það er eftir að sanna það, að mannfélagið eða nokkur af þess embættismönnum hafi umboð af himnum ofan til að hefna sérhverrar þeirrar athafnar, er menn ætla vera brot móti almættinu, enda þótt engri mannlegri veru sé jafnframt rangt gjört með henni. Sú skoðun, að það sé eins manns skylda, að annar maðr sé trúrœkinn, hún var orsökin til allra þeirra trúar-ofsókna, sem nokkru sinni hefir beitt verið; og vilji menn kannast við hana, þá réttlætir hún þær allar fyllilega. Tilfinning sú sem lýsir sér í tilraunum manna til að banna járnbrauta-ferðalag á sunnudögum, eða í mótspyrnunni móti því að opna alþjóðleg söfn á helgidögum, og í fleiru þviumlíku, lýsir að vísu ekki sama grimdarhug, sem kom í ljós hjá ofsóknar-mönnum fyrr á tímum, en hugsunarháttr sá sem hún ber vott um, er þó, þegar öllu er á botninn hvolft, inn sami. Það er sá ásetningr, að leyfa ekki öðrum að gjöra það sem þeirra trú leyfir þeim, af því að það er ekki leyfilegt eftir trú ofsœkjandans. Það er sú trú, að guð hafi eigi að eins viðrstygð á athæfi ins vantrúaða manns, en að hann álíti oss eigi saklausa af því heldr, ef vér látum hann óáreittan.

Við þessi dœmi til þess, hve lítils menn alment meta mannlegt frelsi, get ég eigi bundizt

---

1) Þ. e.: Brot gegn goðunum varða goðin ein. Með öðrum orðum: mennirnir eru ekki réttir aðilar sakar um brot gegn guðs boðum. *Þýð.*

þess að bæta einu enn, og það er það orðalag hreins og beins ofsóknaranda, sem brýzt út í blöðum þessa lands hvert sinn er þau finna köllun hjá sér til að minnast á hinn markverða fyrirburð mormónskuna. Margt mætti segja um þá óvæntu og lærdómsríku staðhöfn, að menn svo hundruðum þúsunda skiftir skuli trúa nýrri vitran, sem fyrir er slegið, og trúarbrögðum, sem á henni eru grundvölluð og eru áþreifanlegr svika-tilbúningr, sem ekki einu sinni á svo mikið við að styðjast sem það, að höfundr þessara trúarbragða hefði nokkra afburða-eiginleika til að bera, er aflað hefðu honum nokkurs álits, — og að þetta skuli hafa fyrir komið á þessari öld dagblaða, járnbrauta og rafsegulþráðarins. Það sem við kemr oss hér, er það, að þessi trú, eigi síðr en önnur og betri trúarbrögð, hefir átt sína píslarvotta; að spámaðr hennar og höfundr var líflátinn af skríl fyrir kenningu sína; að aðrir af fylgjendum þessa nýja siðs létu líf sitt fyrir sama lagaleysis-ofbeldi; að þeir vóru allir í hóp brott reknir með valdi úr landi því sem þeir vóru fyrst upprunnir í; og að nú eftir að þeir hafa hraktir verið út í afskektar óbygðir mitt í eyðimörku á allar hliðar, láta margir hér í landi það álit hiklaust í ljósi, að það væri rétt (en það sé að eins ekki svo þægilegt að koma því við) að gjöra út leiðangr á hendr þeim og knýja þá til að laga sig eftir skoðunum annara manna. Sú grein mormóna-siðar, sem einkum vekr þá andstygðartilfinningu, sem þannig brýzt yfir þau takmörk, sem umburðarsemi í trúarefnum er vön að

setja, eru ákvæðin um að leyfa fjölkvæni; þótt fjölkvæni sé lögleitt hjá Múhameðsmönnum, Hindúum og Sínverjum, þá virðist það að vekja ómótstæðilegan viðbjóð vorn, er það er framkvæmt af mönnum, er mæla sömu tungu sem vér og telja sig að nokkru leyti kristna. Enginn maðr hefir megnari óbeit en ég hefi á þessu skipulagi mormóna; til þess ber margar orsakir, og ein meðal annara er sú, að því fer svo fjarri að þetta styðjist á nokkurn hátt við grundvallarsetningar frelsisins, að það er beint brot gegn þeim grundvallarsetningum, þar sem það miðar að eins til að herða enn fastara hlekkina á helming mannfélagsins, en leysa hinn helminginn frá öllum tilsvarandi skuldbindingum þar á móti. En alt um það ber að minnast þess, að það er með jafn-frjálsum vilja að konurnar, sem hlut eiga að máli og ætla má að harðast megi við þetta líða, sætta sig við þetta skipulag eins og við hjúskapar-skipulagið í hverri annari mynd. Og svo furðanlegt sem þetta má sýnast, þá liggr þó skýringin á því í heimsins algengu hugmyndum og siðum, því að af þeim lærir kvennfólkið, að «eitt sé nauðsynlegt» og það sé *að giftast; og þannig verðr það skiljanlegt*, að margr einn kvennmaðr kýs heldr að verða ein af mörgum eiginkonum manns, en að verða alls ekki eiginkona. Önnur lönd eru ekki beðin að viðrkenna mormónskan hjúskap eðr að leysa nokkurn hluta þegna sinna frá landslögum sakir mormóna trúar. En þegar þessir frábrigðingar (mórmónarnir) hafa látið miklu meira eftir fjandskapar-tilfinn-

ingum annara, heldr en með nokkurri sanngirni yrði af þeim heimtað; þá er þeir hafa rýmt burt úr þeim löndum, þar sem menn vildu eigi líða þeirra sið, og sezt að á afskektu horni á jarðarhnettinum, er þeir urðu fyrstir til að nema og gjöra byggilegt mannlegum verum, — þá er torvelt að sjá, með hverjum rétti, öðrum en harðstjórnarinnar ofbeldis-rétti, að unt er að meina þeim að lifa þar undir hverjum þeim lögum, er þeir sjálfir kjósa að setja sér, svo fremi þeir sýna öðrum þjóðum engan yfirgang og leyfa hverjum þeim er eigi vill undir þeirra lögum lifa, að flytja sig burtu frjáls og óhindraðr. Einn nýjari tíma rithöfundr, og það allmerkr rithöfundr að sumu leyti, leggr til, að farin sé (svo að ég hafi hans eigin orð) ekki krossleiðangr, heldr þjóðmenningar-leiðangr á hendr þessu fjölkvænis-þjóðfélagi, til að binda enda á það er honum virðist aftrfarar-stig í þjóðmenningu. Mér sýnist á sama veg sem honum, að þetta sé aftrfarar-stig í þjóðmenningu, en ég fæ ekki séð, að neitt þjóðfélag hafi rétt til að þvinga annað til þjóðmenningar. Meðan þeir sem órétt líða við in illu lög, beiðast ekki aðstoðar annara þjóðfélaga, á meðan get ég ekki viðrkent, að menn, sem ekkert eiga við þá saman að sælda, eigi að hlutast í mál þeirra og heimta, að á skipulagi, sem allir þeir er hlut eiga að máli virðast ánægðir með, skuli nú endi gjöra, af því að það hneyksli fólk, sem lifir í þúsund mílna fjarlægð og enga hlutdeild á þar í eða kemr það við. Sendi þeir þangað trúboða, ef þeir

vilja, til að prédika gegn því; og reyni þeir á allan drengilegan hátt að hindra útbreiðslu slíkra kenninga meðal sinnar þjóðar — en það er ekki drengilegr háttr, að banna að flytja kenninguna. Úr því að þjóðmenningin gat sigrað siðleysið, þá er það drottnaði í heiminum, þá er það sannarlega um skör fram að þykjast þurfa að óttast, að siðleysið muni, eftir að það hefir beðið fullan ósigr, lifna við aftr og sigra þjóðmenninguna. Sú þjóðmenning, sem þannig gæti hnigið að velli fyrir óvini þeim er hún áðr hefir sigrazt á, verðr fyrst að komast í það hnignunar-ástand, að hvorki hennar til settu prestar og kennimenn né nokkur annan sé fær um eða vilji ómaka sig til þess, að rísa á fœtr til varnar henni. Ef svo skyldi vera, þá má telja það því betra, sem slíkri þjóðmenning er fyrr boðið að hafa sig á burt. Hún gæti að eins haldið áfram að falla dýpra og dýpra, unz að inu sama rekr sem í Rómaríki inu vestra, að tápmikil skrælingja-þjóð eyðir henni og endrfœðir hana á ný.

V. kapituli.

Heimfœrsla.

Frumsetningar þær er fram á er farið í riti þessu, verða að ná almennari viðrkenningu, en nú á sér stað, sem in rétta undirstaða undir umræðum um einstök atriði, áðr en auðið er að gjöra neina þá tilraun, er útsjón sé til að takist, til að heimfœra þær með nokkurri samkvæmni til allra inna ýmsu greina stjórnfrœðinnar og siðfrœðinnar. Þær fáu athugasemdir, sem ég hefi í huga að gjöra um einstakleg atriði, eru fremr til þess ætlaðar að skýra frumsetningarnar, heldr en til að rekja afleiðingar þeirra yfir höfuð sjálfu sér samkvæmt út til inna einstöku atriða. Það sem ég býð lesandanum, er ekki svo mjög almenn heimfœrsla frumsetninganna eins og sýnishorn af heimfœrslu; en þessi sýnishorn geta miðað til að skýra betr þýðing og takmörk þeirra tveggja frumreglna, er til samans mynda efnið í allri kenning þeirri, er flutt er í riti þessu, og þau geta verið dómgreindinni til stuðnings í því að halda mundangi milli þessara frumreglna í þeim tilfellum, er tvírætt virðist hvor þeirra við eigi.

In fyrri frumreglan er sú, að einstaklingrinn

beri enga ábyrð gagnvart mannfélaginu fyrir athafnir sínar, svo fremi þær snerta eigi nokkurs manns hagsmuni annars en sjálfs hans; og inar einu aðferðir, er mannfélagið getr réttlætt að beita til að láta í ljós ógeð sitt eðr misþóknun á breytni hans, eru tilsögn, ráðleggingar, fortölur, eða þá það, að aðrir menn forðist umgengni við hann, ef þeim þykir það nauðsynlegt fyrir sjálfra sín sakir. Hin frumreglan er sú, að á þeim athöfnum sínum, sem skaða hagsmuni annara, beri einstaklingrinn ábyrgð gagnvart félaginu, og eigi því að sæta hegningu almenningsálits eða laga, ef mannfélagið álítr að önnurhvor sú hegningar-tegund sé nauðsynleg sér til verndar.

Það er þá fyrst, að þótt íhlutun þjóðfélagsins um breytni einstaklingsins verði að eins réttlætt við það, er hagsmunum annara stafar tjón eða hætta við tjóni af þessari breytni, þá leiðir alls ekki af því, að þjóðfélagið hafi ávalt rétt til að hlutast þannig í, þótt svona standi á. Oft getr svo á staðið, að einstaklingr með fullkomlega réttmætri athöfn sinni hljóti að baka, og hafi því rétt til að baka, öðrum mein eða tjón, eða svifta þá hagsmunum, er þeir höfðu haft sennilega von um að öðlast. Slíkar bágkomur[1] milli hagsmuna einstaklinga spretta oft af illu félags-skipulagi, en hjá þeim verðr ekki komizt meðan það skipulag stendr; og sumum slíkum bágkomum verðr aldrei hjá

1) „Bágkoma“ er það, er eitthvað tvent eðr fleira kemr hvað í bága við annað. *Þýð.*

komizt, hversu sem félaginu er skipað. Hver sá er öðrum má betr í of fjölskipuðum atvinnuvegi eðr í kapp-prófi eðr kappraun nokkurri; hver sá er tekinn er fram yfir annan í eftirsókn eftir einhverju því er báðir vilja öðlast—hver sá hefir hag af tjóni annara, hefir hag af því að tilraunir þeirra verða að engu og að þeim bregðast vonir þeirra. En það er alment viðrkent að það sé mannkyninu yfir höfuð fyrir beztu, að einstaklingarnir skuli geta leitað við, að fá áhugamálum sínum framgengt án þess að þurfa að setja fyrir sig slíkar afleiðingar. Með öðrum orðum: mannfélagið viðrkennir ekki, að þeir er þannig verða undir í viðkeppni, eigi nokkurn löglegan eðr siðferðislegan rétt á skaðabótum fyrir slík óhagræði sem þessi; og mannfélagið finnr það því að eins skyldu sína að skerast í leik, að nokkurri þeirri aðferð hafi beitt verið í viðkeppninni, er eigi fær staðizt með almennings-hag að liðin sé, svo sem falsi, prettum eðr ofbeldi.

Þá er aftr verzlun félagsvarðandi starf. Hver sá er tekst á hendr að selja almenningi hverja vörutegund sem er, fremr starf, sem varðar hagsmuni annara manna og mannfélagsins yfir höfuð; og því heyrir athöfn hans samkvæmt frumreglunni undir afskiftasvið mannfélagsins. Því var það og eitt sinn álit manna, að það væri skylda landstjórnarinnar í öllum þeim tilfellum, er mikils vóru álitin umvarðandi, að leggja verðlag á varning og setja reglur fyrir öllu skipulagi iðnaðar. En nú er það viðrkent, þótt það yrði fyrst eftir

langa baráttu, að trygging fyrir því, að varan sé ódýr að verði og vönduð að gæðum, fáist lang-bezt með því, að láta framleiðendr og seljendr hafa alveg frjálsar hendr, svo að á þeim hvíli ekkert aðhald annað, en það er í því liggr, að kaupendr hafa jafnt frelsi að sínu leyti að afla sér vörunnar annarstaðar. Þetta er in svo kallaða verzlunarfrelsis-kenning; hvílir hún á alt öðrum grundvelli, en þó engu síðr óyggjandi, heldr en sú frumregla um frelsi einstaklinganna, sem fram hefir verið sett í riti þessu. Ákvarðanir um takmarkanir á verzlun eða á framleiðslu varnings til verzlunar eru óneitanlega bönd; og öll bönd, að því leyti þau eru bönd, eru ill; en bönd þau sem hér er um að ræða, snerta að eins þann hluta athafna manna, sem mannfélagið hefir fullan rétt til að leggja bönd á; að þessi bönd samt eru röng, það kemr því að eins til af því, að í reyndinni næst ekki með því sá tilgangr, sem til var ætlað að ná með þeim. Eins og frumreglan um einstaklings-frelsið er þannig óskyld verzlunarfrelsis-kenningunni, og eins er hún óviðkomandi flestum þeim spurningum, sem risið geta um takmörk þeirrar kenningar, t. a. m. spurningunni um, hve öflugu eftirliti af stjórnarinnar hendi sé rétt að beita til að fyrirgirða að fólk sé á tálar dregið með vörufölsunum; eða spurningunni um það, að hve miklu leyti rétt sé að knýja iðnaðar-starfsveitendr til ýmsra heilnæmis-ráðstafana eðr ýmislegs varúðar-fyrirkomulags til verndar starfsmönnum í hættulegum verknaðargreinum. Í slíkum efnum kemr

frjálsræðis-spurningin að eins til greina að svo miklu leyti, sem það er ávalt betra *caeteris paribus*[1] að láta menn sjálfráða en að setja þeim skorður; en að fullr réttr geti til verið að takmarka þá í þessum efnum, það er eftir frumsetningunni óneitanlegt. Hinsvegar eru aftr aðrar spurningar um tilhlutunar-rétt gagnvart verzluninni svo lagaðar, að þær eru að verulegu leyti frjálsræðis-spurningar; slík mál eru t. a. m. »Maine-lögin«, sem áðr er á vikið; bannið gegn því að flytja ópíum til Sínlands; takmörkunin á eitrsölu; í stuttu máli öll þau tilfelli, þar sem tilgangr bandsins eðr takmörkunarinnar er sá, að gjöra öðrum það ófært eðr örðugt að afla sér einhverrar vöru. Það sem móti slíkri afskiftasemi verðr haft, er ekki það, að hún skerði frjálsræði framleiðanda eðr seljanda, heldr hitt, að hún leggr haft á frelsi kaupanda.

Eitt af þessum dœmum, það um eitrsöluna, er svo vaxið, að við það vaknar ný spurning, en hún er sú, hver séu in réttu takmörk þess er kalla má verksvið löggæzlu-stjórnarinnar; að hve miklu leyti rétt sé að takmarka frelsi manna í því skyni, að koma í veg fyrir glœpi eða slys. Óefað er það, að það heyri til verksviði stjórnarinnar að reyna að koma í veg fyrir glœpi áðr en þeir eru drýgðir, eigi síðr en að grafast eftir þeim og refsa fyrir þá á eftir. En alt um það er miklu hættara við að viðleitni stjórnarinnar á að fyrirgirða glœpi

1) o: að öðru jöfnu, þ. e. ef að öllu öðru leyti stendr á sama. *Þýð.*

verði misbeitt frelsinu til tjóns, heldr en viðleitni hennar á að refsa fyrir glœpina; því að naumast er nokkur sú tegund af hegðanfrelsi mannlegrar veru, að eigi megi um hana segja, og það með sanni, að hún auki fœri manna á að drýgja hina eðr þessa yfirsjón. En ef alt um það alment stjórnarvald eða jafnvel valdalaus einstaklingr sér mann, sem auðsjáanlega er að búast til að drýgja glœp, þá er það ekki skylda þeirra að horfa aðgjörðalaus á, þar til glœprinn er unnin, heldr hafa þau rétt til að skerast í leik og tálma því að glœprinn sé drýgðr. Væri eitr aldrei keypt eðr notað til neins annars en að fremja morð, þá væri rétt að hindra framleiðslu þess og sölu. En nú ber svo til að menn þurfa oft á eitri að halda eigi að eins í ósaknæmu skyni, heldr enda í nytsömum tilgangi; og eigi er unt að leggja haft á sölu þess í öðru tilfellinu án þess að það hafi áhrif á hitt tilfellið. —Þá er það og réttmætt verkefni stjórnarvaldsins að gjöra ráðstafanir til að afstýra slysum. Ef annaðhvort lögregluþjónn eða einhver annar yrði var við mann, er væri að leggja út á brú, sem þeir vissu að væri ótraust, og ekkert ráðrúm væri til að vara manninn við hættunni, þá mættu þeir þrífa til hans og kippa honum aftr, án þess að sagt verði, að þeir í rauninni skerði frelsi hans; því að frelsið er í því fólgið, að gjöra það sem maðr óskar, en maðrinn óskar ekki að detta í ána. Sé alt um það engin vissa fyrir því, að slys hljóti að verða, heldr að eins hætta við slysi, þá getr

enginn, nema sjálfr sá er í hlut á, dœmt um það, hvort nœg ástœða sé til fyrir hann að leggja sig í hættuna. Þá er svona á stendr, ætti því að minni ætlun að eins að vara hlutaðeiganda við hættunni, en eigi varna honum með valdi að leggja sig í hana, nema því að eins að hann sé barn eða vitfirringr eða svo œstr í geðsmunum, að hann sé ekki með fullu ráði. Ef vér heimfœrum nú sams konar hugleiðingar til eitrsölu-málsins, þá geta þær leiðbeint oss til að skera úr því, hverjar ráðstafanir í því efni sé samþýðanlegar grundvallarreglunni, og hverjar ekki. Það má þannig, án þess að koma í bág við frelsis-frumregluna, lögbjóða þá varúðarreglu, að miði skuli á eitrlyfið festr með áritaðri tilvísun um háskasemd þess; það getr ekki verið ósk kaupandans að vera dulinn þess, að hlutr sá er hann kaupir hafi háskalega eiginleika. En að heimta að kaupandi skuli ávalt þurfa að hafa læknis-ávísun, til að fá eitr keypt, það mundi stundum valda því, að kaupanda yrði eigi unt að fá hlutinn, þótt hann ætli sér að hagnýta sér hann í fyllilega leyfilegum tilgangi, og ávalt mundi það gjöra hann dýrari en ella. Inn eini tiltœkilegi vegr, sem ég fæ séð, til þess að auka torveldleika á að vinna glœpi á þennan hátt, án þess að leggja nokkur höft að marki á frelsi þeirra manna, er þurfa á eitrefnum að halda í öðrum tilgangi, er sá, að gjöra ráðstafanir til þess að tryggja sér það sem nefnt er með inu heppilega orðatil-

tœki Bentham's *„preappointed evidence“*[1]. Allir þekkja, hversu þessari sönnunar-trygging er beitt í samnings-skjölum. Það er tíðkanlegt og réttlátt, að þá er samningar eru gjörðir heimti lögin það sem skilyrði fyrir skuldbindingar-afli þeirra, að ýmislegra formsatriða sé gætt, svo sem að þeir sé undirskrifaðir, staðfestir af vottum og þvíuml., svo að ef síðar skyldi ágreiningr um þá verða, þá skuli sönnun til vera fyrir því, að samningr hafi í raun og veru gjörðr verið, og að engin þau atvik hafi þar átt sér stað, er gjört gætu hann ógildan að lögum; því að þar með er miklu örðugra gjört fyrir að beita málamyndar-samningum eða samningum, er svo eru undir komnir, að væru þau atvik kunn, er áttu sér stað er þeir vóru gjörðir, þá yrðu þeir ógildir að lögum. Ápekkum ráðstöfunum mætti að lögum binda sölu þeirra vörutegunda, er hætt er við að notaðar verði til að fremja glœpi með þeim. Það mætti t. a. m. lögbjóða seljandanum að skrá nákvæmlega í bók hjá sér tímann, þá er hann seldi vöruna, nafn og heimili kaupanda og nákvæma skýrslu um, hverrar tegundar varan var og hve mikið hann seldi af henni; einnig mætti bjóða honum að spyrja kaupanda um, til hvers vöruna eigi að nota, og að

1) o: fyrirhuguð eða fyrirbúin sönnun; sönnunar-undirbúningr; sönnunar-trygging. — *Jeremy Bentham* var nafnfrægr lögfrœðingr og heimspekingr (1748—1832). Sbr. „Skuld“ V, nr. 144. (Jón Ólafsson: „John Stuart Mill“). *Þýð.*

skrifa upp svar það, er hann fær um það. Þá er varan væri ekki úti látin eftir læknis ávísun, mætti heimta að einhver þriðji maðr væri við staddr til að tryggja vissuna um það, hver kaupandinn hafi verið, ef síðar skyldi grunr á það falla, að varan hafi notuð verið til glœpframningar. Slíkar ráðstafanir mundu yfir höfuð litla verulega örðugleika baka þeim er þurfa að fá vöruna keypta, en hins vegar gjöra mönnum töluvert örðugt fyrir að nota hana í hegningarverðum tilgangi, án þess að það komist upp.

Réttr sá sem mannfélagið hefir til að koma í veg fyrir, að drýgðir sé glœpir gegn því, með því að beita varúðar-ráðstöfunum fyrir fram, hann bendir á in augljósu takmörk hinnar reglunnar, að mannfélagið hafi ekki, hvorki með varnaðar-ráðstöfunum né refsingum, rétt til að hlutast til um ávirðingar, er varða þann einn, sem drýgir þær. Yfir höfuð að tala hefir t. d. löggjafarvaldið engan rétt til að hlutast til um drykkjuskap manna; en það mundi ég álíta alveg rétt, að á mann, sem einu sinni hefir orðið sannr að sök um að hafa í ölœði sýnt öðrum óskunda, yrði lögð sérstök laga-takmörkun, er gilti fyrir sjálfan hann einstaklega; og að hann skyldi refsing nokkurri fyrir sæta, ef hann hittist drukkinn eftir það, og ynni hann aftr misverknað í ölœði, þá væri hann látinn sæta þyngri refsing fyrir hann en ella. Því að fyrir mann, sem vín hefir þau áhrif á, að œsa hann til meingjörða við aðra, er það glœpr gagnvart öðrum að drekka sig drukkinn. Harðstjórn væri það og, ef leti skyldi varða við lög, nema því að eins að

letinginn þiggi sveitarstyrk eða letin feli í sér samningsrof. En skyldi maðr annaðhvort fyrir leti sakir eðr af annari sjálfráðri orsök bregðast því að uppfylla þær skyldur sínar við aðra, er á honum hvíla að lögum, svo sem til dœmis að ala önn fyrir börnum sínum, þá er það engin harðstjórn að þvinga hann til að fullnœgja þeirri skuldbindingu, og það með nauðungar-vinnu, ef eigi eru aðrir vegir fyrir hendi.

Þá eru enn margar þær athafnir, er svo eru vaxnar, að þær vinna engum beinan skaða nema fremjandanum sjálfum, svo að lögin ættu ekki að banna þær, en eru gagnstœðar almennu siðgœði, sé þær framdar í almennings augsýn, og komast þannig í flokk misgjörða við aðra, svo að rétt verðr að banna að fremja þær þannig. Til þessa flokks heyra brot gegn velsœmi, og er því fremr óþarft að orðlengja hér um slíkar athafnir, sem þær eiga að eins óbeinlínis skylt við umtalsefni vort, enda eru jafn-sterkar ástœður gegn því, að fremja í allra augsýn margar þær athafnir, sem í sjálfu sér eru hvorki vítaverðar né heldr álitnar vera það.

Þá er ein önnur spurning, sem svar verðr til að finna samkvæmt grundvallarsetningum þeim, er hér hafa verið settar fram. Tilfellið er þetta: einhver tegund hegðunar er álitin áfellisverð, en virðing fyrir frjálsræði manna bannar mannfélaginu að koma í veg fyrir hana eða refsa fyrir hana, af því að alt það ilt, er beinlínis leiðir af henni, fellr yfir sjálfan fremjandann; manninum er þannig frjálst að breyta þannig; en ætti þá öðrum að vera

jafn-frjálst að ráða eðr hvetja til slíkrar breytni? Það er ekki með öllu vandhæfislaust að svara þessari spurningu. Það að hvetja annan mann til einhverrar athafnar er ekki í ströngum skilningi sjálfsvarðandi athöfn. Að leggja öðrum manni ráð eða hvetja hann til einhvers, það er félagsvarðandi athöfn, og geta menn því álitið, að hún, eins og allar þær athafnir yfir höfuð, sem aðra varða, heyri undir íhlutunar-verksvið mannfélagsins. En nánari íhugun mun brátt leiðrétta þetta fyrsta álit og sýna oss, að þótt þetta tilfelli falli eigi strangt skoðað undir skilgreining einstaklings--frelsisins, þá má þó heimfæra til þess ástæður þær, sem frumregla einstaklings-frelsisins hvílir á. Ef mönnum verðr að vera heimilt að breyta í öllu, er að eins varðar sjálfa þá, eins og þeim bezt líkar, auðvitað á sjálfra sín ábyrgð, þá hlýtr þeim að vera jafn-frjálst að ráðgast um hver við annan, hvað í því efni sé bezt að gjöra, — jafn-frjálst að tjá hver öðrum sitt álit, að gefa ráð og þiggja ráð. Alt það sem leyft er að gjöra, það verðr og að vera leyft að ráða til að gjöra. Þá fyrst verðr mál þetta vafamál, er hvetjandinn ber sjálfr hag úr býtum af ráðleggingu sinni, þá er hann gjörir það að atvinnu sinni sér til viðrlífis eðr gróða að hvetja til þess er mannfélagið og ríkið álíta mein. Þá kemr nú nýtt atriði til, er gjörir málið enn flóknara, en það er tilvera stétta eða manna, sem hafa alveg gagnstæða hagsmuni því sem álitið er almennings heill, og gjöra sér það að atvinnuvegi, sem spillir almenningsheill. Hvort á nú mannfé-

lagið að skerast hér í leik eða ekki? Saurlifnað t. d. verðr mannfélagið að líða, og eins dufl og spil um peninga; en á þá nokkrum manni að vera frjálst að halda pútna-hús eða dufl-hús? Þetta er eitt af þeim tilfellum, er liggja alveg á takmarkalínu tveggja frumreglna, og það er ekki þegar auðráðið, undir hvora regluna það heyrir. Það má færa rök til á báðar hliðar. Fyrir því að láta þetta frjálst má færa þær ástæður: að það, að maðr gjöriz eitthvað að atvinnuvegi og lifir eða græðir á því að það er framið, það getr ekki gjört það að glæp, er ella væri leyfilegt; að sjálfu sér samkvæmt verði annaðhvort að leyfa athöfnina alveg eða þá að banna hana með öllu; að séu grundvallarsetningar þær er vér höfum hingað til fram haldið sannar, þá sé það mannfélaginu, sem mannfélagi, alveg óviðkomandi að úrskurða, að eitthvað það sé rangt, er að eins kemr einstaklingnum við; að mannfélagið geti ekki meira gjört en að ráða frá þessu, og að það ætti að vera öðrum eins frjálst að hvetja eins og hinum að letja. Móti þessu má aftr færa það til, að þótt almenningr eða ríkið hafi engan rétt til að ákveða með valdi, að hin eða þessi athöfn, er að eins varðar einstaklinginn, sé góð eðr ill, í því skyni að hindra hana eða láta hana varða refsingu, þá hefir það þó fylsta rétt til að ganga að því vísu, ef það álítr athöfnina illa, að það sé vafamál að minsta kosti, hvort hún sé ill eðr saklaus. En sé það vafamál, þá getr ríkið ekki haft rangt fyrir sér í því að reyna að burtrýma fortölu-áhrifum þeirra

manna, sem ekki eru hagsmunalega óviðriðnir, hvatamanna, sem ekki geta með neinu móti verið óhlutdrœgir — sem hafa beinan sjálfshag fyrir að vinna á aðra hlið, og það á þá hliðina, sem ríkið álítr ranga — sem vitanlega halda sínu fram eingöngu í singjörnum tilgangi. Sannarlega getr engin eftirsjá verið í því, má segja, engu góðu verið til spilt, þótt svo væri til hagað, að menn geti kosið sinn kost, hvort heldr skynsamlega eða heimskulega, eftir sínum hvötum sjálfra, svo lausir sem auðið er við ginningarbrellur þeirra manna, sem œsa tilhneigingar þeirra í þeim einum tilgangi að hafa sjálfir hag af. Þótt bannið gegn ólöglegu dufli um peninga sé þannig alveg óverjandi, geta menn sagt, — þótt hverjum manni ætti að vera heimilt að dufla eftir vild sinni heima hjá sér eða hver á annars heimili eða á sérhverjum samkomustað, sem duflendr halda á sinn kostnað sjálfra fyrir sjálfa sig, svo að enginn á þangað kvæmt nema meðlimirnir og gestir þeirra, — þá ætti ekki að leyfa mönnum að halda almenn dufl--hús. Satt er það, að aldrei er unt að framfylgja slíkum lögum svo, að þeim sé að fullu hlýtt, og að hve mikið harðstjórnarvald sem lögreglustjórninni er í hendr fengið, verðr ávalt auðið að halda dufl-hús undir einhverju öðru yfirskini; en það er unt að neyða þá er þau halda, til að fara með þetta í leynd og laumi, svo að engir aðrir viti neitt um þau hús, en þeir sem þangað sœkja; og meiru en þessu á mannfélagið ekki að gjöra sér far um að koma til leiðar. Það er mikið til hœft í

þessum röksemdum. Ég vil ekki dirfast að skera úr því, hvort þær eru nœgar til að réttlæta þá undantekningu frá almennri siðferðis-reglu, að hegna þeim, sem meðsekr er, þar sem sá er aðalverkið vinnr sleppr (og verðr að sleppa) óhegndr; að sekta eða fangelsa pútna-haldarann, en ekki saurlífismanninn—duflhús-haldarann, en ekki duflarann. En miklu síðr ætti ríkisvaldið að hlutast til um ina almennu verzlunar-iðn af sams konar ástœðum. Svo að segja hverja þá vöru, er gengr kaupum og sölum, má nota í óhófi, og er það seljendum peningalegr hagr að efla óhófið; en af þessu verða engin rök leidd til réttlætingar t. d. »Maine-lögunum«; því að þótt þeir sem verzla með áfenga drykki hafi hag á að þeira sé neytt í óhófi, þá er það þó nauðsynlegt að til sé menn, er með þá verzla, sakir þeirra manna, er hagnýta þá rétt. En alt um það er það mein mikið, að þeir sem verzla með slíka drykki skuli hafa hag af því að efla ofdrykkju, og þetta réttlætir það, að ríkið bindi þá ýmsum takmörkunum og setji þeim ýmis tryggingar-skilyrði, er annars væru skerðing á réttmætu frelsi, ef þetta væri eigi til réttlætingar.

Annað vafamálið er það, þótt ríkið banni eigi athæfi, sem það álítr gagnstœtt hag fremjandans sjálfs, hvort það ætti ekki óbeinlínis að gjöra sitt til að draga úr því; hvort það ætti ekki t. d. að gjöra ráðstafanir til að gjöra drykkjuskapinn kostnaðarsamari, eða auka örðugleikana á að fá áfenga drykki, með því að takmarka útsölustaðina. Það er svo um þetta mál sem um flest raungerðleg

mál, að hér verðr margt sundr að greina. Á því, að skatta áfenga drykki í þeim einum tilgangi að gjöra mönnum örðugra fyrir að afla sér þeirra, og hinu, að banna alveg sölu þeirra, á því tvennu er enginn grundvallarreglu-munr, heldr að eins megins-munr á hve langt er farið; að skatta þá í þessum einum tilgangi getr þá því að eins verið réttlætanlegt, ef það væri réttlætanlegt að banna þá algjörlega. Sérhver hækkun á verðinu er kaup-bann fyrir þá, er eigi hafa efni á að borga hækkunar-muninn; og þeim sem hafa ráð á því, er þetta sektargjald, sem á þá er lagt fyrir það að láta eftir sérstakri fýsn sinni. Þá er þessir menn hafa fullnægt öllum lagalegum og siðferðislegum skyldum sínum við ríkið og hvern einstakling, þá varðar það engan nema sjálfa þá, og á eingöngu að vera komið undir áliti sjálfra þeirra, hverjar skemtanir þeir kjósa sér og hversu þeir verja tekjum sínum. Þessar hugleiðingar virðast í fyrsta bragði mæla á móti því, að það sé sérstaklega ákjósanlegt að leggja skatt á áfenga drykki til að auka tekjur til almanna-þarfa. En þess ber að minnast, að með engu móti verðr hjá því komizt, að leggja álögur á menn til almanna-þarfa; að í flestum löndum verðr eigi hjá því komizt að töluvert af þeim álögum sé óbeinir skattar (tollar); að ríkið fær því eigi hjá því komizt að leggja á sumar notkunarvörur sektir eðr álögueyri, sem fyrir suma menn getr haft sömu þýðingu sem notkunar-bann. Fyrir því er það skylda ríkisins, er það leggr skatta á menn, að hugleiða, hverjar vörur notendr geti sér að mein-

fangaminstu við sig sparað, og þá *a fortiori*[1] að kjósa þær helzt, er það álítr beinlínis skaðvænlegt að notaðar sé nema að mjög litlum mun. Það er því ekki að eins ekkert á móti því, heldr alt sem með því mælir, að leggja skatt á áfenga drykki svo háan sem framast er unt án þess að tekjurnar af þessari álögu minki[2] (svo framarlega sem ríkið þarfnast svona hárra tekja).

Þá kemr sú spurning til úrlausnar, hvort veita beri meir eða minna einskorðaðan einkarétt til að selja áfenga drykki, og verðr svarið þar ekki á einn veg, heldr fer það eftir því, í hverjum tilgangi menn vilja leggja þá takmörkun á söluna. Allir staðir, sem ætlaðir eru til almennings-afnota, verða að vera háðir lögreglu-fyrirmælum, og sérstaklega veitingahús, af því að afbrotum gegn mannfélaginu er sérstaklega hætt við að koma þar upp. Það er því rétt að veita leyfi til að selja áfenga drykki (að minsta kosti þannig að leyft sé að drekka þá á sölustaðnum) að eins mönnum, sem eru alkunnir að ráðvandri hegðun; einnig er rétt að setja þær ákvarðanir um, hvenær opna skuli slík hús og loka þeim, sem nauðsynlegar eru til að tryggja umsjónina með þeim; svo er og rétt að svifta veitingamann veitingaleyfinu ef brot gegn almennri reglu koma oft fyrir í húsi hans, annaðhvort af því að hann hirðir ekki um eða

1) o: af sterkari (gildari) rökum. *Þýð.*

2) Þ. e. þar til álöguhæðin er orðin svo mikil, að hún dregr svo úr kaupi vörunnar, að upphæð sú er inn kemr í toll (eða skatt) fer að lækka. *Þýð.*

dugir ekki til að halda reglu í húsi sínu, eða ef húsið verðr að samkomustað, þar sem glœparáð eru brugguð og undirbúin. Frekari takmarkanir sé ég ekki að frumreglunni samkvæmt verði réttlættar. Að takmarka t. d. veitingahús þar sem áfengir drykkir eru seldir beint í þeim tilgangi að gjöra aðganginn að þeim örðugri og draga úr freistingunni, það væri að auka öllum mönnum örðugleika fyrir þá sök, að nokkrir menn eru til, sem mundu hagnýta sér það til meins, að aðgangrinn væri léttari, og slíkt ætti þar að auk heima í því einu þjóðfélagi, þar sem almúgastéttin[1] væri bersýnilega skoðuð sem börn eða villumenn, sem upp verðr að ala við þvingunar-aga, til þess að undirbúa hana svo, að hún verði hæf til að fá síðar frelsis að njóta. Þetta er ekki grundvallarregla sú er menn þykjast stjórna þessari stétt eftir í neinu frjálsu landi; og enginn maðr, sem nokkurs metr frelsi, mun fallast á, að almúganum sé þannig stjórnað, nema áðr hafi þrautreynt verið á alla lund að stjórna honum sem frjálsum lýð, en reynslan hafi fullsannað, að honum verði eigi stjórnað á annan hátt heldr en eins og börnum. Það þarf ekki nema að nefna þetta hér, til þess að sýna, hve fjarstætt það er að láta sér detta í hug, að slíkar tilraunir hafi gjörðar verið í nokkru tilfelli, er hér þarf til álita að koma. Það er að eins af því að félagsskipulag þessa lands er hrœrigrautr af mót-

1) Í enskunni stendr *„labouring classes“* (verkmannastéttunum), en það svarar hér til þess er vér mundum kalla „almúgastétt“. *Þýð.*

sögnum, að sitthvað hefir slæðzt inn hjá oss í framkvæmdinni, sem heyrir til harðstjórn eða svo kallaðri »landsföðurlegri« stjórn, þar sem þó hinsvegar skipulag vort er of frjálslegt til þess, að það aðhald þolist, sem nauðsynlega hefði orðið að vera samfara til þess, að þvingunin gæti haft siðferðisleg uppeldisáhrif.

Snemma í riti þessu var á það bent, að af frelsi einstaklingsins í þeim efnum, er að eins varða sjálfan hann, leiddi samsvarandi frelsi fyrir sérhvern fjölda einstaklinga til að skipa með samkomulagi sín á meðal þeim málefnum, er varða þá í sameiningu, en engan mann annan. Þetta er nú auðráðið mál meðan vilji allra þeirra manna, er hlut eiga að máli, breytist eigi; en með því að þessi vilji getr breyzt, þá er það einatt nauðsynlegt, og það enda í þeim málum er að eins varða þá eina, að þeir gjöri samninga hver við annan, og þá er þeir gjöra slíka samninga, þá er það yfir höfuð að tala rétt, að þeir sé haldnir. Þetta á að vera in almenna regla; en alt um það eru frá henni nokkrar undantekningar líklega eftir sérhvers lands lögum. Það er ekki að eins að menn eru ekki bundnir við samninga, sem skerða rétt þriðja manns, en það er enda stundum álitin nœg ástœða til að leysa semjendr frá samningi, að hann er skaðlegr sjálfum þeim. Í þessu landi og hjá flestum öðrum siðuðum þjóðum til dœmis mundi það ógildr samningr og markláus, ef maðr seldi sjálfan sig eða leyfði að selja sig sem þræl; hvorki lög né almenningsálit mundu styðja gildi slíks samnings. Ástœðan til að takmarka þannig

frjálsræði mannsins til að selja þannig sjálfviljuglega hlutskifti sitt í lífinu er ljós og í þessu fjarstæða tilfelli auðsæ. Ástæðan til þess að hlutast ekki til um sjálfshvata-athafnir einstaklingsins, nema fyrir annara manna sakir, er virðing fyrir frjálsræði hans. Fús vilji sjálfs hans er sönnun fyrir því, að það sem hann þannig kýs, sé œskilegt, að minsta kosti að það sé honum bærilegt, og yfir höfuð er bezt séð fyrir sjálfs hans hag með því, að lofa honum að efla hann á þann hátt, er honum þykir bezt hlýða. En með því að selja sjálfan sig í þrældóm, þá sviftir hann sig frelsi sínu; hann afsalar sér að neyta þess framar eftir að hann hefir neytt þess til þessarar einu gjörðar. Hann gjörir því í þessu tilfelli að engu sjálfan þann tilgang, er réttlætir það, að leyfa honum að ráða sjálfum sér. Hann er ekki frjáls framar; en hann er upp frá þessu í þeirri stöðu, sem eigi er framar unt að verja með sömu líkindarökum, sem til mætti færa, ef hann héldi sjálfviljuglega áfram í henni. Frumregla frelsisins getr ekki heimtað það, að honum skuli frjálst vera að vera ófrjáls. Það er ekki frelsi, að hafa leyfi til að svifta sjálfan sig frelsinu. Í þessu sérstaka tilfelli er máttargildi þessara röksemda mjög svo ljóst; en þær eiga sér auðsjáanlega miklu víðari heimfœrslu; en þó setja lífsins nauðsynjakröfur þeim hvervetna takmörk, því að þótt þær að vísu heimti eigi, að vér skulum afsala oss frelsi voru, þá leiðir þó af þeim, að vér verðum að sætta oss við hinar og þessar takmarkanir á því. En in sama frumregla, sem

heimtar ótakmarkað athafna-frelsi í öllu því er að eins snertir fremjendr sjálfa, hún heimtar og, að þeir sem hafa skuldbundizt hvor öðrum í þeim efnum, er eigi taka til þriðja manns, skuli geta leyst hvor annan frá skuldbindingunni; og jafnvel þó slík sjálfviljug eftirgjöf eigi sér ekki stað, þá eru ef til vill engir þeir samningar eða skuldbindingar til, að undanteknum þeim er um peninga eða peningavirði hljóða, er dirfast megi um að segja, að semjandi ætti ekki nokkurt frelsi að hafa til að ganga frá þeim. Í inni ágætu ritgjörð sinni, er ég þegar hefi til vitnað, lætr Wilhelm von Humboldt þá skoðun sína í ljósi, að samningar, er snerta viðbúðarsamband einstaklinga eða þjónustu, ættu aldrei að vera löglega bindandi nema um ákveðið tímabil; og með því að hjúskapr sé þýðingarmestr slíkra samninga og þar að auki svo einkennilegs eðlis, að tilgangr samningsins náist alls ekki nema því að eins, að báðir samningsaðilar fylgi honum af fúsum hug, þá álítr hann að það eigi að nægja til að slíta hjúskap, að annar samningsaðili lýsi yfir því að sá sé vilji sinn. En þetta efni er of þýðingarmikið og of flókið til þess, að unt sé að rökræða það svona í hjáverkum, og minnist ég að eins á það að því leyti sem það er nauðsynlegt aðalefni mínu til skýringar. Ritgjörð Humboldts er svo stuttorð og svo almenns efnis, að hann hefir orðið að láta sér nægja að geta skoðanar sinnar, án þess að rannsaka nákvæmlega öll málsrök; að öðrum kosti hefði hann vafalaust hlotið að kannast við, að eigi verði úr þessu leyst með svo einfaldri

rökleiðslu sem þeirri er hann lætr sér nœgja. Þá er einhver hefir annaðhvort með skýru loforði eða með aðferð sinni gefið öðrum tilefni til að treysta því, að hann muni halda áfram einhverri ákveðinni breytni — gefið öðrum tilefni til að að reisa vonir sínar og áætlanir á því trausti, og haga að nokkru leyti framtíðarstefnu sinni eftir því — þá tekst hann með þessu á hendr gagnvart inum sama manni margs konar siðferðislegar skuldbindingar, sem hann að vísu kann að geta losnað við, en eigi verðr hjá komizt gaum að gefa. En nú getr aftr svo til borið, að sáttmáli tveggja samningsaðila hafi haft ýmsar afleiðingar fyrir aðra út í frá; sá sáttmáli kann að hafa valdið sérstakri breytingu á högum þriðja manns, eða svo getr enda til borið, svo sem á sér stað um hjúskapinn, að sáttmálinn hafi orðið þess valdandi, að þriðji maðr verðr til. Í þessum tilfellum myndast skuldbindingar gagnvart inum þriðja manni á hendr báðum inum upphaflegu samningsaðilum. En hvort inir upphaflegu samningsaðilar fram halda samningi sínum sín á milli eða slíta hann, það hlýtr í þessum tilfellum að hafa mikil áhrif á uppfylling skuldbindinga þeirra gagnvart inum þriðja manni, eða að minsta kosti á það, hvernig þær skuldbindingar verða uppfyltar. *Af þessu leiðir þó ekki, enda get ég ekki* heldr við það kannazt, að þessar skuldbindingar gagnvart þriðja manni nái svo langt, að þær heimti skilyrðislausa uppfyllingu ins upphaflega samnings, hve mjög sem lífsæld þess málsaðila, sem nauðugr er að uppfylla samninginn, verðr þar með í söl-

urnar lögð. En engu að síðr eru þessar skuldbindingar gagnvart þriðja manni þýðingarmikið atriði, sem taka verðr til greina við úrlausn þessa vandamáls. Humboldt fer því fram, að þetta tillit til þriðja manns geti engin áhrif haft á lagalegt frelsi samnings-aðila til að losa sig við samninginn, og á því er ég einnig, að mikil áhrif eigi það ekki að hafa. En alt um það hlýtr það að hafa stórmikil áhrif á ið siðferðislega frelsi hlutaðeiganda í þessu efni. Öll þessi atvik ber hverjum manni að hugleiða vandlega og meta áðr en hann afræðr athöfn sem getr haft svo þýðingarmikil áhrif á hagsmuni annara. Meti hann eigi þýðingu þessara hagsmuna annara svo mikils sem hún á skilið, þá ber hann siðferðislega ábyrgð fyrir það er hann gjörir þeim rangt. Þessar athugasemdir liggja svo sjálfkrafa í augum uppi, að ég hefi að eins tekið þær fram til að skýra betr ina almennu frumreglu frelsisins, en ekki af því að nokkur þörf sé á að brýna þær í þessu máli sérstaklega. Menn eru þvert á móti vanir að ræða svo um hjónaskilnað sem hagsmunir barnanna ættu að vera í fyrirrúmi fyrir öllu öðru, en hagsmunir inna fullorðnu væru einskis metandi.

Ég hefi þegar áðr tekið það fram, að af því menn engar almennar viðrkendar frumreglur hafa til að fara eftir, þá er oft veitt frelsi þar sem þess bæri að synja, og aftr er þess oft synjað þar sem það bæri að veita. Og eitt af þeim tilfellum þar sem frelsistilfinningin nú á dögum er hvað sterk-

ust í álfu vorri, er tilfelli þar sem frjálsræðið að mínu áliti er alveg ranglega heimfært. Frjálst ætti það hverjum manni að vera, að breyta eftir vild sinni í því er sjálfan hann varðar einan; en hitt á honum ekki frjálst að vera að breyta eftir geðþótta sínum í því er hann gjörir fyrir annars manns hönd, þótt það sé fyrir borið, að málefni þessa annars manns sé málefni hans sjálfs. Jafnframt því sem ríkið viðrkennir frelsi sérhvers manns í því er sérstaklega varðar sjálfan hann, er það og skuldbundið til að hafa vakandi eftirlit með því, hversu hann beitir hverju því valdi, sem það leyfir honum að hafa yfir öðrum. Þessarar skuldbindingar er því nær alveg vanrœkt að gæta að því er til sifjaliðsins kemr, og þó hefir þetta tilfelli svo bein áhrif á mannlega farsæld, að það er þýðingarmeira en öll önnur lífsins tilfelli til samans tekin. Það þarf ekki að fjölyrða hér um harðstjórnarvald það er kalla má að bœndr hafi yfir eiginkonum sínum, því að til þess að útrýma því böli gjörsamlega, þarf einskis meira við en þess, að eiginkonurnar fengju in sömu réttindi og yrðu aðnjótandi verndar laganna á sama hátt sem allir aðrir einstaklingar. Það er því síðr þörf, að fjölyrða um þetta, sem þeir er verja ið viðtekna ranglæti, bera ekki frelsi fyrir sig sem ástœðu, en koma fram blátt áfram sem formælendr máttarvaldsins. En að því er til barnanna kemr, eru misskildar frelsishugmyndir því til verulegrar hindrunar, að ríkið uppfylli skyldur sínar. In minsta íhlutun frá laganna hálfu til takmörkunar á einka-

-einveldi manns yfir börnum sínum sætir þeirri afbrýði almenningsálitsins að nálega mætti ætla, að það væri ekki í óeiginlegum heldr bókstaflegum skilningi, að börnin eru skoðuð sem einn hluti af sjálfum foreldrunum. Almenningsáliti er nálega sárara um sérhverja íhlutun ríkisins í þessu efni, heldr en þótt ríkið hlutist til um hegðanfrelsi almennings í því nær sérhverju öðru atriði. Þannig metr mannkynið almennt frelsi sitt svo miklu minna en vald sitt. Lítum t. d. á uppfræðslumálið. Er það ekki svo að segja svo auðsætt, að sjálfsagt má kalla, að ríkið eigi heimtingu á að sérhverri mannlegri veru, sem borin er til að vera þegn þess, sé uppfræðsla veitt alt að einhverju ákveðnu takmarki, og að það hafi rétt til að beita valdi ef á þarf að halda til þess að þetta sé framkvæmt? En alt um það: hver er sá sem ekki hiki við að viðrkenna þenna sannleik og halda honum fram? Sannlega mun naumast nokkur maðr dirfast að neita því, að það sé ein in helgasta skylda foreldranna (eða föðursins eftir því sem lögum og venju nú hagar) að annast um að veita þeirri mannlegu veru, sem af þeirra völdum er í heiminn leidd, þá uppfræðslu, er geri þessa veru hæfa til að rækja viðunanlega skyldur sínar í lífinu bæði gagnvart sjálfum sér og öðrum. En þótt allir sé á eitt sáttir um, að þetta sé föðursins skylda, þá er naumast nokkur sá í þessu landi, er heyra þoli talað um að knýja föðurinn til að rækja þessa skyldu. Í stað þess að heimta af honum að hann leggi alt á sig, leggi

alt í sölurnar til að afla barni sínu uppfræðslu, þá er hann látinn sjálfráður um, hvort hann vill þiggja uppfræðslu handa barni sínu eða ekki, þegar hún er framboðin honum ókeypis![1] Menn eru ekki enn komnir svo langt, að viðrkenna það, að það að framleiða líf barns, án þess að hafa sennilegt útlit fyrir að vera fær um, eigi að eins að sjá líkama þess fyrir fæðu, heldr og sálu þess fyrir uppfræðslu og menning, það er tvöfaldr siðferðislegr glæpr, það er glæpr gagnvart vesalings afkvæminu, og það er glæpr gagnvart mannfélaginu; — viðrkenna það, að ef foreldrarnir gegna ekki þessari skyldu sinni, þá ber ríkinu að sjá um, að hún sé uppfylt, og það svo sem unt er á kostnað foreldranna.

Væri það alment viðrkent, að það er skylda ríkisins að ganga eftir almennri uppfræðslu, þá yrði endir á öllum vandræða ágreiningi um, hvað ríkið ætti að kenna og hversu það ætti að kenna. En þessi ágreiningr gerir nú alt uppfræðingarmálið að bardaga-velli trúflokka og annara skoðanflokka, svo að menn eyða öllum þeim tíma og erfiði, sem hefði átt að verja til uppfræðslu, í það að rífast

---

1) Í Englandi kostar hvert sveitarfélag barnaskóla, sem hvert barn á aðgang að alveg ókeypis; en engin lagaskylda er mönnum þar á herðar lögð um það, hvort menn uppfræði börn sín eða eigi. Hér á landi er mönnum að *nafninu til* gjört að skyldu að uppfræða börn sín, en ekkert sveitarfélag veitir mér vitanlega, enn sem komið er, öllum börnum aðgang að ókeypis kenslu.

Þýð.

um uppfræðingarmálið. Ef stjórnin gæti fengið af sér að krefjast þess að sérhvert barn fengi góða uppfræðslu og ganga eftir því, þá gæti hún sparað sér alt ómak fyrir að sjá fyrir uppfræðslu. Hún gæti yfirlátið foreldrunum að útvega uppfræðsluna hvar sem þeir vildu og hvernig sem þeir vildu og látið sér nægja að hjálpa til að greiða skólagjöld inna fátækari barna og greiða allan kostnað fyrir þau börn, sem engan eiga að, sem fær sé um og skyldr til að borga fyrir þau. Allar þær mótbárur, sem með rökum má færa gegn því að stjórnin sjái fyrir uppfræðslunni, þær ná hvergi heima gegn því, að hún knýi menn til að veita börnunum uppfræðslu; þær eru að eins mótbárur gegn því, að stjórnin ráði sjálfri kenslutilhöguninni; en það er alt annað mál. Ég er eins mótfallinn því og hver annar, að öll uppfræðsla lýðsins eða nokkur hluti hennar eigi að vera í stjórnarinnar höndum. Alt það sem ég hefi sagt um það, hve þýðingarmikill sérkennileiki aðalseigina einstaklingsins sé, og hve þýðingarmikil sé fjölbreytni í skoðunum og hegðunarháttum, alt það nær og til fjölbreytni uppfræðingarinnar og á eigi síðr við hana, með því fjölbreytnin hefir þar ina sömu óumræðilegu þýðingu. Almenn ríkisuppfræðsla í höndum stjórnarinnar er ekkert annað en tilraun til að steypa alla í eitt og sama mót, svo hver verði öðrum gjörsamlega líkr. Og með því það mót, sem stjórnin þannig steypir menn í, er það mótið, er geðjast þeim er stjórnarvöldin hafa, hvort heldr það er einvaldr konungr, prestastétt, höfðingjastétt eða

meiri hluti samtíða kynslóðar, þá verðr afleiðingin sú, að að því skapi sem tilraunin tekst, að sama skapi rótfestir hún harðstjórnarvald yfir sálunni, sem eðlilega leiðir til sams konar valds yfir líkamanum. Ef nokkrir skólar ættu til að vera stofnaðir af ríkinu og undir stjórnarinnar umsjón, þá ættu þeir að eins að vera til sem ein meðal margra keppitilrauna, og ættu þeir þá að eins hafðir að vera til eftirdœmis og upphvatningar til aðhalds öðrum skólum að ákveðnu mælimarki, nema því að eins að þjóðfélagið sé í því ófremdarástandi, að það hafi ekki sjálfsdáða-mátt eða vilja til þess að sjá sér fyrir hœfilegum uppfrœðslustofnunum með öðru móti en því að ríkið eða stjórnin takist það hlutverk á hendr. Sé svo, þá getr ríkið auðvitað kosið ið skárra af tvennu illu og tekið að sér að halda uppi skólum og háskólum — alveg að sínu leyti eins og ríkið getr neyðzt til að taka að sér ýmisleg þau störf, er vera ættu viðfangsefni hlutafélaga; því að þetta getr ríkið gjört í landi þar sem gjörsamlega skortir allan þann framkvæmdaranda af einstaklinga hálfu, er hæfr sé til að taka að sér stórvirki í iðnaði. En yfir höfuð að tala má segja, að eigi eitthvert land nœga völ á mönnum, er hæfir sé til að hafa uppfrœðslu á hendi undir forsjá stjórnarinnar, þá mundi mega ætla, að inir sömu menn væru jafn-fœrir og fúsir til að veita jafn-góða uppfrœðslu eftir sjálfshvata tilhlutun einstaklinga, ef þeim væru trygð laun fyrir starfa sinn með lögum, er knýðu menn til að leita almennrar uppfrœðingar, jafnframt því að ríkið

greiddi kennslukaup fyrir þá er eigi væru þess um komnir sjálfir.

Vegrinn til að tryggja það, að lögunum væri fylgt, gæti ekki verið neinn annar en sá, að hafa almennar yfirheyrslur eða próf, er næðu til allra barna og byrjuðu á ungum aldri. Það mætti ákveða aldrsmark, þá er yfirheyra skyldi sérhvert barn til að komast að raun um, hvort það kynni að lesa. Nú skyldi sú raun á verða, að barn væri ólæst, og mætti þá sekta föðurinn hóflegri sekt (nema hann hefði gilda afsökunar ástæðu), og þá sekt mætti knýja hann til að vinna af sér ef á þyrfti að halda, og barnið skyldi í skóla setja á hans kostnað. Einu sinni á ári hverju skyldi barn hvert prófað, og smám saman í fleiri og fleiri námsgreinum, svo að það í raun og veru yrði þvingunarskylda, sem eigi yrði undan komizt, að nema eitthvert ákveðið minsta yfirgrip þekkingar, og, sem ekki er minna vert, að halda því við, sem numið hefir verið. Þá er þetta lægsta þekkingarskilyrði væri uppfylt, skyldi frekari yfirheyrslur halda í öllum námsgreinum, er öllum væri frjálst, en engum skylt, undir að ganga, og skyldu allir þeir er undir þær gengju og uppfyltu ákveðin þekkingarskilyrði, eiga rétt á að fá vottorð um það. Til þess að koma í veg fyrir það, að stjórnin með þessu fyrirkomulagi gæti haft nokkur ótilhlýðileg áhrif á skoðanir manna, þá ætti sú þekking, sem heimtuð yrði til að standast próf, og það jafnvel á inum æðri stigum prófa, að eins að ná til staðhafna og raunvísinda — auðvitað auk þeirra fræði-

greina, sem í rauninni verðr að eins að skoða sem þekkingarfœri, svo sem tungumál og þeirra not. Við yfirheyrslur í trúfrœðum, stjórnfrœðum eða öðrum ágreinings-efnum skyldi ekki út í það farið, hvort skoðanirnar væru rétttar eða rangar, en að eins tekið tillit til þeirrar staðhafnar, að slík eða þvílík skoðun er flutt og hún studd þessum og þessum rökum, af þessum og þessum rithöfundum eða skólum eða kyrkjum. Væri þessari reglu fylgt, þá væri in uppvaxandi kynslóð í engu ver farin að því er til allra þeirra sanninda kemr, er menn greinir á um, heldr en hún er eins og nú stendr; menn yrðu svo upp aldir annaðhvort sem þjóðkyrkjumenn eða frábrigðingar, alveg eins og menn nú eru uppaldir. Ríkið skifti sér ekki af því, enn sæi að eins um, að þeir yrðu vel uppfrœddir þjóðkyrkjumenn eða vel uppfrœddir frábrigðingar. Það væri ekkert því til fyrirstöðu, að þeim væri kend trúarbrögð, ef foreldrar þeirra óska þess, í inum sömu skólum þar sem þeim væri kent annað. Allar tilraunir af ríkisins hendi til að hafa áhrif á skoðanir þegna sinna í ágreinings-málum eru til ills eins, en hitt er mjög vel fallið, að stjórnin gjöri hverjum manni kost á, að prófa hann og votta það, að hann hafi þá þekkingu, sem nauðsynleg er til þess að skoðanir hans í einhverju ákveðnu efni geti verið þess verðar að þeim sé gaumr gefinn. Sá er heimspeki nemr, væri að betr farinn ef hann gæti próf staðizt bæði í heimspeki Locke og Kants, hvorum þeirra sem hann kann að fylgja í skoðunum eða jafnvel þótt hann

fylgdi hvorugum; og það er enga skynsamlega mótbáru heldr hægt að færa móti því, að prófa guðstrúarlausan mann í rökum þeim er kristindómrinn styðst við, sé þess að eins ekki krafizt, að hann játi átrúnað sinn á þau. En alt um það ættu yfirheyrslur í inum æðri þekkingargreinum að mínu áliti að vera alveg frjálsar, svo að hver mætti láta yfirheyra sig, sem vildi, án þess nokkrum bæri skylda til þess. Það væri að veita stjórnunum alt of háskalegt vald, ef þeim væri leyft að útiloka nokkurn mann frá atvinnuvegum, og það þótt frá kennara-atvinnuveg væri, fyrir fyrirborinn hæfileika skort; og ég er á alveg sama máli sem Wilhelm von Humboldt, að lærdóms-stig og önnur opinber vottorð um vísindalega eða gagnfræðilega þekkingu ætti að veita hverjum þeim manni, er gengr undir ákveðið próf og stenzt próf-raunina, en að slík vottorð ættu engin önnur forréttindi eða hagsmuni að veita neinum manni fram yfir aðra viðkeppendr, heldr en þá þýðingu, sem almenningsálit kann að leggja í þau.

Það er ekki í uppeldis-málum að eins að menn heimfæra skakt grundvallarsetningar frelsisins og að þetta tálmar því, að menn viðrkenni siðferðislegar skyldur foreldranna og leggi þeim lagaskyldur á herðar í þeim efnum, þar sem sterkustu rök eru ávalt fyrir siðferðisskyldunum og einatt fyrir lagaskyldunum. Sá tilverknaðr sjálfr, að valda tilurð (eða tilveru-upphafi) mannlegrar veru, er ein in ábyrgðarmesta athöfn á verksviði mannlegs lífs. Að taka þessa ábyrgð á sig — að veita mannlegri

veru líf, sem annaðhvort getr orðið bölvun eða blessun —, án þess að vera sú sem líf er veitt fái að minnsta kosti meðal-útlit til œskilegrar tilveru, það er glœpr gegn þeirri veru. Að geta fleiri en mjög fá börn í landi, sem annaðhvort er of fólksmargt eða hætt við að verði það, hlýtr að hafa þau áhrif, að vinnulaunin lækka við það, er fjöldi þeirra eykst, sem atvinnu leita, og er það því að gjöra alvarlega á hlut allra þeirra er lifa á árangri vinnu sinnar. Hjá mörgum þjóðum á meginlandi álfu vorrar er það lögbannað þeim persónum að ganga í hjónaband, er eigi geta sýnt fram á að þær hafi efni á að standa straum af sifjaliði; og er það alls ekki fyrir utan réttilegt valdsvið ríkisins að gefa slík lög. Og hvort heldr sem slík lög eru haganleg eðr ekki (en það er að mestu undir því komið, hversu til hagar á hverjum stað fyrir sig), þá verðr ekki það á móti þeim haft, að þau gangi mannfrelsinu of nærri. Slík lög eru að eins íhlutun ríkisins til að koma í veg fyrir skaðvæna athöfn — athöfn, sem er skaðvæn öðrum, lastverða athöfn, sem almenningsálitið ætti að brennimerkja, og það alt eins þótt svo á stœði, að það þætti ekki haganlegt í framkvæmd að leggja laga-refsing við henni[1]. En svo er frelsis-hugmyndum manna almennt varið, að þeir sætta sig fúslega við margt það, er verulega skerðir frelsi einstaklings-

1) Hér á landi hefir oft komið til tals á þingi, að leggja lagahöft á hjúskap öreiga. En á föstum frumreglum hafa hvorki meðmælismenn né mótmælendr slíkrar ráðstöfunar bygt tillögur sínar. *Þýð.*

ins í þeim efnum, er sjálfan hann varða einan, en mundu rísa öndverðir gegn sérhverri tilraun til að leggja nokkur bönd á fýsnir einstaklingsins, þar sem afleiðingin af svölun fýsnar hans verðr eymdar og spillingar-líf eins afkvæmis eða fleiri, ásamt margföldu böli fyrir þá sem eru honum svo nákomnir, að afleiðingar athafna hans ná til þeirra. Þá er vér berum ina undarlegu virðingu mannkynsins fyrir frelsinu saman við inn undarlega virðingarskort þess fyrir því, þá mættum vér ætla, að maðrinn hafi ósviftanlegan rétt til að vinna öðrum mein, og alls engan rétt til að fylgja fýsn sinni án þess að vinna nokkrum manni mein.

Loks er heill flokkur vafamála um takmörkin á íhlutunarvaldi stjórnarinnar, sem ég hefi geymt til þess nú að síðustu. En þau mál eru svo vaxin, að þau eru að vísu náskyld efni þessa rits, en heyra því þó stranglega tekið ekki til. Það eru þau tilfelli, þar sem ástæðurnar gegn íhlutun stjórnarinnar hvíla reyndar eigi á frelsisfrumreglunni; þar er vafinn ekki um það, hvort takmarka beri athafnir einstaklinganna, heldr hvort veita beri þeim aðstoð. Þar er spurningin um það, hvort stjórnin eigi að gjöra eitthvað, sem þeim er til hags, eða annast um að það sé gjört, í stað þess að láta einstaklingana um það sjálfa að gjöra það, annaðhvort einn og einn sér í lagi, eða fleiri saman í frjálsum félagskap.

Þær mótbárur gegn íhlutun stjórnarinnar, sem eigi eru í því fólgnar, að íhlutunin sé frjálsræðisskerðing, geta verið prenns konar.

Sú er in fyrsta mótbára, er líklegt þykir að einstaklingar muni gjöra það sem um er að ræða betr en stjórnin. Yfir höfuð að tala er enginn eins fær um að standa fyrir nokku starfi, eða ákveða, hversu því skuli forstöðu veita og hverir það skuli gjöra, eins og þeir sem eiga hagsmuni sjálfra sín að einhverju leyti undir því. Eftir þessari frumreglu verðr að fordœma þá íhlutunarsemi löggjafarvalds og framkvæmdarvalds um almenn iðnaðarstörf, sem eitt sinn var svo tíð. En þennan hlut efnisins hafa þjóðmeganfrœðingar nœgilega fjölyrt um, enda stendr hann ekki í sérstaklega nánu sambandi við frumreglur þær er hér er um rœtt í riti þessu.

In önnur mótbáran er náskyldari umtalsefni voru. Svo hagar oft til, að vera má að einstaklingar leysi ekki starf það sem um er að rœða fult svo vel af hendi yfir höfuð að tala eins og embættismenn stjórnarinnar; en þó kann það engu að síðr að vera œskilegt, að einstaklingar vinni starfið, fremr en að stjórnin geri það; með því að framkvæmd starfsins verðr til að efla andlega menningu þeirra — styrkir framkvæmdarhæfileik þeirra, temr dómgreind þeirra og veitir þeim náinn kunnleika á þeim málefnum, sem þeim er þannig yfirlátið að fást við. Þetta er ein in helzta, ekki in eina, ástœða, sem mælir með kviðdómum (í þeim málum, er eigi snerta stjórnmál eðr stjórnmálaskoðanir[1]); sömu-

1) Í öllum þeim málum, er varða stjórnmálaskoðanir, (og í prentfrelsismálum yfir höfuð) eru aðrar enn sterkari

leiðis með alþýðlegri sjálfstjórn í sveitamálum, og með því að frjáls félög hafi á hendi öll iðnaðarfyrirtæki og fyrirtæki, sem stofnuð eru í manngœzkuskyni. Í þessum málum kemr frjálsræðis-grundvallarreglan ekki til greina, og eiga þau að eins fjarskylt við það efni; það sem í þeim er einkum á að líta, er menningaratriðið. Það heyrir öðru efni til en því, er hér liggr fyrir, að rœða um þetta atriði sem einn hluta menningar-uppeldis þjóðarinnar, því að sannarlega veitir þetta mönnum sérstaklega þegnmenningu; það er reynsluhliðin á stjórnmálalegu uppeldi frjálsrar þjóðar, því að við það hrífast menn út úr nærsýni sifjaliðs-hugða og sjálfku og venjast við að meta sameiginlega félagshagsmuni og stjórna málum, er alla varða sameiginlega — menn venjast við að láta almennings hag að öllu eða nokkru leyti verða þær hvatir, er stýra gjörðum þeirra, og hafa það mark og mið fyrir augum í aðgjörðum sínum, sem sameinar menn í staðinn fyrir að einangra þá hvern frá öðrum. Venjist menn ekki við þetta og verði færir um það, þá getr frjáls stjórnarskipun hvorki orðið að verki í framkvæmdinni né varðveizt til frambúðar. Þessa má dœmi sjá á því, hve hverfult stjórnfrelsið hefir helzt til oft orðið í þeim löndum, þar sem það hefir ekki hvílt á nœgilegum grundvelli fulls sjálfsforræðis sveita og héraða[1]. Að láta menn í hverri sveit og

ástœður til að taka kviðdóma fram yfir embættis-dómstóla; enda hafa margar þjóðir lögleitt kviðdóma í þessum málum, en öðrum ekki. *Þýð.*

1) Það er auðvitað, að inn eini vegr til að uppala þjóð

héraði hafa fult sjálfsforræði í öllum þeim málum, er eingöngu varða sveitina eða héraðið, og að láta þá menn, er sjálfviljuglega vilja fé fram leggja til stórra verknaðarframkvæmda, stjórna þeim sjálfa í félagskap — með því mælir enn fremr alt það sem áðr hefir verið fram tekið í riti þessu um það, hver hagr sé að því, að leyfa öllum sérkennileika einstaklinganna að þróast sem frjálslegast, og leyfa sem fjölbreytilegustum hegðunarháttum fult frelsi. Aðgjörðum stjórnarinnar hættir til að verða hvervetna eins. Þar sem aftr á móti einstaklingar og frjáls félög starfa að verki, þar koma fram margbreytilegar tilraunir og endalaus fjölbreytni reynslunnar. Enn með hinu getr landsstjórnin gott gagn unnið, að gjörast sjálf sameiginlegr geymslustaðr allrar þeirrar reynslu, sem verðr árangr inna mörgu tilrauna, og útbreiða hana aftr sem kappsamlegast á alla vegu. Hlutverk stjórnarinnar er, að veita hverjum þeim er tilraunir vill gjöra færi á að hagnýta sér reynslu annara[1]; þetta er hlut-

til sjálfsforræðis er sá, að dreifa sem mest stjórnvaldinu í öllum þeim málum, sem ekki eru almenn landsmál, láta hverja sýslu, kaupstað, hrepp, í stuttu máli: hvert það félag, er myndar heild fyrir sig, hafa sem fylst og ótakmarkaðast forræði þeirra mála, er varða það eitt sérstaklega. Við það venst sérhver þegnanna þegar frá upphafi við að hugsa um og fást við almenn mál í sínum verkahring. Þessum þýðingarmikla grundvallarsannleika gefa menn alt of lítinn gaum hér á landi sem víðar. *Þýð.*

1) Því leggja nú þjóðirnar æ meira og meira kapp á, að safna alls konar nytsömum skýrslum og gjöra þær

verk hennar, en hitt ekki, að líða engum tilraunir nema sjálfri sér.

In þriðja og brýnasta ástœða til, að takmarka íhlutun eða afskifti stjórnarinnar, er sú, hve skaðlegt það er, að auka vald hennar um nauðsyn fram. Sérhvert það hlutverk, sem stjórninni er á hendr falið, umfram þau er hún nú hefir, eykr og útbreiðir víðar áhrif hennar á vonir manna og ótta, og kemr inum ötulari og framgjarnari hluta almennings æ meir og meir til þess að dingla aftan í stjórninni eða einhverjum þeim flokki, er leitast við að ná stjórnvöldunum í sínar hendr. Ef þjóðvegir, járnbrautir, bankar, vátryggis-stofnanir, hlutafélögin miklu, háskólarnir og velgjörðastofnanirnar — ef alt þetta heyrði undir stjórnina og væri greinar af henni; ef enn fremr bœjarstjórnir og sveitarstjórnir, með öllu er þeim til heyrir nú, yrðu að greinum af landstjórninni; ef allir þjónustumenn þessara ýmsu stofnana og fyrirtœkja væru skipaðir af stjórninni og þægju laun sín af henni og yrðu til hennar vonaraugum að mæna um sérhverja fremd eða upphefð í lífinu — þá gæti ekki alt prentfrelsið og alt ið þjóðstjórnlega skipulag löggjafarvaldsins gjört þetta land eða nokkurt annað land í heimi frjálst nema að nafninu einu. Og því öfluglegar og vísindalegar sem öllu umboðsstjórnarkerfinu væri niðrskipað, og því betri tök sem á því væru höfð, að fá þá menn í

öllum sem aðgengilegastar. Hvað gjörum vér Íslendingar í þessu efni? *Þýð.*

stjórnarinnar þjónustu, sem bezt væru að sér gjörvir til verks og vits — til því meiri bölvunar mundi þetta fyrirkomulag verða. Það hefir nýlega verið farið fram á það í Englandi, að veita skyldi öll embætti í stjórnarinnar þjónustu fyrir utan herinn eftir kapprauna-prófi, svo að í hverja þjónustu fengjust inir mentuðustu og bezt uppfræddu menn, sem völ væri á; og margt hefir verið rætt og ritað með þessu og móti. Ein af þeim ástæðum, er tíðust hefir verið hjá þeim er móti hafa mælt, hefir verið sú, að föst embætti í stjórnar-þjónustu sé eigi svo álitleg að launum og þýðingu, að við því verði búizt, að inir mestu atgjörvis-menn slægist eftir þeim; þeir muni ávalt finna álitlegri atvinnuveg við iðnað eða verzlun eða í þjónustu hlutafélaga eðr annara almennra stofnana. Það hefði engin furða verið, þótt meðmælismenn þessarar tillögu hefðu borið þessa ástæðu fyrir sig sem svar gegn þeim aðal-vandkvæðum, sem á henni eru. En að heyra þetta af vörum mótstöðumanna hennar, er all-undarlegt. Það sem hér er til fært sem mótmæli, er einmitt öryggis-loftpípan á fyrirkomulagi því sem fram á er farið. Væri svo ástatt hér í landi, að unt væri að draga alt audlegt atgjörvi í stjórnarinnar þjónustu, þá væri full ástæða til að hafa illan bifr á tillögu, sem miðaði til að koma slíku á[1]. Ef öll þau störf í þjóðfélaginu,

1) Hvað megum vér Íslendingar hugsa eftir því, þar sem enginn lífsvegr í landinu þykir jafn-fýsilegr ungum mönnum sem kjötkatlar stjórnarinnar? Mundi ekki skynsamlegra að hugsunarháttr vor breyttist svo, að oss

sem reglubundna samvinnu og víðsýnan sjóndeildarhring útheimta, væru í höndum stjórnarinnar, og embætti stjórnarinnar væru alment skipuð inum færustu mönnum, þá væri öllum þeim mönnum þjóðarinnar, er gæddir væru umfangsmikilli mentun, reynslu og atvgjörvi (nema hugspekingum einum), saman skipað í fjölmenna skrifstofustjórnar-stétt, og yrði þá öll hin þjóðin að renna fylgis-augum til þeirra einna í öllum efnum: hávaði manna yrði að mæna til þeirra eftir leiðbeiningu og boðum í öllu, sem þeir ættu að gjöra; atgjörvismennirnir og inir framgjörnu menn yrðu að renna til þeirra vonaraugum um fremd og upphefð sjálfra sín[1]. Það yrði ið eina eftirsóknar-efni manna, að smeygja sér inn í embættissléttina, og þegar þeir væru þar komnir, þá að reyna að hefjast þar hærra og hærra. Þá er svona hagar stjórnháttum, þá er það hvorttveggja, að almenning fyrir utan embættisstéttina skortir alla þá reynslu, sem við það fæst að iðka stjórnarstörfin, og verðr

þætti það œskilegast, að land vort yrði sem auðugast af velmentum efnismönnum, sem ekki stœðu í stjórnarþjónustu, í stað þess að vér nú álítum hvern þann skólagenginn mann, sem ekki gengr embættisveginn, hálf-glataðan son. *Þýð.*

1) Eitthvað þessu líkt á sér stað hjá oss og fleirum fátœkum og fámennum þjóðum, þar sem lítið er um framkvæmdaranda og fjármagn til framkvæmda, svo að fá verksvið bjóðast hæfileikum atgjörvismanna. Í slíkum löndum fær embættisstéttin ríkari þýðingu en sönnu frelsi og þjóðþrifum er holt. *Þýð.*

hann því þess lítt um kominn, að finna að stjórnarathöfn skrifstofustéttarinnar eða að hafa nokkurn hemil á henni, enda verðr sú raun á, að jafnvel þótt tilviljunar-atvik harðstjórnar-skipulags eða eðlilegr gangr alþjóðlegs stjórnarskipulags komi einum manni eðr fleirum með endrbótahug í fylkingarbrodd stjórnarinnar, þá fær hann engri endrbót til vegar komið, sem gagnstœð er vild eðr hagsmunum embættisstéttarinnar. Þannig er ið sorglega ástand í Rússaveldi, eftir því sem þeir skýra frá, sem nœgt hafa haft færi á að kynna sér það. Keisarinn er sjálfr máttvana gagnvart embættismannastétt sinni; hann getr rekið hvern þeirra sem hann vill í útlegð til Síberíu, en hann getr ekki stjórnað án þeirra eðr móti vilja þeirra. Gegn sérhverjum úrskurði hans hafa þeir þegjandi neitunarvald, að eins með því, að leiða hjá sér að framkvæma. I þeim löndum, sem lengra eru á veg komin í þjóðmenningu, og þar sem þjóðarandinn er nokkuð uppreisnarsamari, þar er alþýða því vön að búast við, að stjórnin gjöri alt fyrir hana, eða að minsta kosti að gjöra ekkert sjálf án þess að biðja stjórnina um leyfi og jafnvel spyrja hana ráða, hvernig hún eigi að fara að gjöra það, og þar álítr því alþýðan eðlilega, að stjórninni sé öll mein að kenna, sem henni beri að höndum, og þegar bölið yfirstígr þolinmœði alþýðu, þá rís hún upp á móti stjórninni og gjörir það sem kallað er byltingu; þar næst vindr einhver annar sér í hásætið, annaðhvort með lögmætri heimild þjóðarinnar eða án hennar, sendir út tilskipanir sínar til allrar em-

bættissétttarinnar, og svo gengr alt sína gömlu braut að mestu leyti eins og áðr; því að embættisstéttin er óbreytt og engir aðrir hæfir menn eru til, sem hœgt sé í hennar sess að skipa.

Alt öðruvísi er útlitið hjá þeim þjóðum, þar sem fólkið er því vant, að annast sjálft um sinn hag. Í Frakklandi hefir mikill hluti manna verið í herþjónustu, og margir af þeim hafa að minsta kosti staðið í undirforingja stöðu, enda sér það á í sérhverju alþýðu-upphlaupi, að þar koma jafnan fram nokkrir menn, sem færir eru um að taka að sér forustuna, og gjöra á svipstundu þolanlegar fyrirhuganir um, hversu sókninni skuli haga. En það sem Frakkar eru í hermálefnum, það eru Ameríkumenn að sínu leyti í alls konar þegnfélagslegu skipulagi. Hugsum oss þá verða án nokkurrar stjórnar; sérhver flokkr eða samkoma Ameríkumanna er fœr um að skipa sér stjórn á svipstundu og að stýra og gegna stjórnarstörfum eða sérhverjum öðrum alþjóðlegum störfum með nœgilegum hyggindum, reglusemi og festu. Þannig ætti sérhver frjáls þjóð að vera, og þjóð, sem er fœr um þetta, getr örugg verið um frelsi sitt. Slík þjóð lætr aldrei nokkurn mann eðr flokk manna keyra sig í þrældóm fyrir það þó þeir séu færir um að ná taumum yfirstjórnarinnar í hendr sér og halda á þeim. Engin skrifstofustétt þarf að búast við að geta knúið slíka þjóð til að gjöra eðr þola nokkuð það sem henni líkar ekki. En þar sem allar framkvæmdir eru í embættisstéttarinnar

höndum, þar verðr alls engu til leiðar komið, sem er verulega gagnstætt hennar vilja. Í þeim löndum, þar sem svo er á komið, þar er stjórnarskipunin slík, að öll reynsla og framkvæmdadugnaðr þjóðarinnar er dreginn saman í eitt samanhangandi heildarkerfi, en það er embættisstétt vel tamin og til vanin í þeim einum tilgangi að stjórna öllum hinum. Og því fullkomnara sem skipulag þessarar séttar er í sjálfu sér og því betr sem henni tekst að draga að sér og uppala eftir sínu höfði ina mestu hæfileikamenn af öllum stéttum þjóðfélagsins, því fastara reyrast fjötrarnir að öllum, og það að sjálfum embættismönnunum líka. Því að stjórnendrnir eru eigi síðr þrælar skipulags síns og aga heldr en þegnarnir eru þrælar stjórnendanna. Mandaríninn[1] í Sínlandi er engu síðr verktól og afkvæmi harðstjórnarinnar heldr en hinn lítilfjörlegasti kotungr. Þótt Kristmunkareglan sjálf sé til í þeim tilgangi, að efla vald og þýðingu allra meðlima reglunnar í heild sinni, þá er hver einstakr Kristmunkr inn aumasti og auvirðilegasti þræll reglu sinnar.

Því má heldr ekki gleyma, að ef gjörvallr inn helzti dugnaðr og atgjörvi eins lands dregst allr inn í embættisstéttina, þá hlýtr slíkt fyrr eða síðar að verða banamein allrar andlegrar starfsemdar og framfara þeirrar stéttar sjálfrar. Þeir eru þarna hlekkjaðir saman til að vinna eftir skipulagi, sem eins og alt skipulag hlýtr miklu leyti að fylgja

1) Svo nefnast embættlingar í Sínlandi. *Þýð.*

fastsettum reglum; stéttin er því sífeldlega þeirri freistingu undirorpin, að falla í dvalamók venjunnar; og ef þeir endr og sinnum smeygja fram af sér taum-beizlinu, er hætt við að þeir villist út í einhverja hálfprófaða sérvizku, sem einhver inna heldri manna stéttarinnar hefir orðið hugfléktr við. Þessir stefnustraumar virðast í fyrsta bragði gagnstæðir hvor öðrum, en eru þó náskyldir; og ið eina, er þá gæti stíflað, in eina hvöt, er haldið gæti atgjörvi stéttarinnar við lýði, væri það, ef fyrir utan hana væru til menn jafnmiklu atgjörvi búnir og hefðu á henni vakandi aðfinningar-auga. Það er því ómissandi, að til séu vegir óháðir stjórninni til að mynda slíkan dugnað og veita honum það tækifæri og þá reynslu, sem nauðsynlegt er að hafa, til að vera fær um að leggja réttan dóm á þýðingarmikil framkvæmdamálefni. Ef vér því eigum að hafa til frambúðar nýta og ötula stétt emœttismanna — um fram alt stétt, sem fær sé að sjá og fús að aðhyllast það er til bóta horfir; ef skrifstofustjórn vor á ekki að úrkynjast og verða að sérvitringastjórn, þá má stjórnin eða embættisstéttin ekki draga undir sig eða hafa á hendi öll þau störf, sem mynda og menta þá hæfileika, sem nauðsynlegir eru til að stjórna mannkyninu.

Að ákveða takmörkin þar sem þetta böl hefst, sem er svo voðalegt fyrir mannlegt frelsi og framfarir, eða öllu fremr þar sem þetta böl fer að fá yfirhöndina yfir hagsmunum þeim sem að því eru að geta beitt öllu afli þjóðfélagsins í einu undir merkjum viðrkendra foringja þess, til þess að fá

hrundið öllum hindrunum úr vegi fyrir velfarnan þess; að tryggja sér svo mikið af þeim hagsmunum, sem að því eru að draga vald og vit saman í eitt, sem staðizt fær án þess að draga inn í embættisstétt stjórnarinnar of mikið að tiltölu af ötulleiks-atgjörvi þjóðarinnar — það er eitt ið vandasamasta og flóknasta atriði stjórnlistarinnar. Það mál er að miklu leyti spurningar um einstök atriði, þar sem á marga hluti og breytilega verðr að líta og engin algild regla verðr um sett. En ég hygg, að þá reglu, sem öruggast verðr í framkvæmdinni að fylgja, þá hugsjón, sem fyrir augum verðr að hafa, þá mælistiku sem prófa verðr með sérhvert skipulag, sem til þess er ætlað að leysa þennan vandræða-hnút, megi fram setja í þessum orðum: In mesta deiling stjórnarvaldsins, sem staðizt fær með fullu framkvæmdarafli; en inn mesti samdráttr þekkingar á einn stað og útbreiðsla hennar þaðan í allar áttir. Þannig ætti í sveitamálum að haga sem líkast til eins og í *Nýja-Englands ríkjunum*, þar sem öllum þeim sveitamálum, sem ekki þykir hentast að fela þeim sem þau varða mest, er *mjög nákvæmlega skift* milli sérstakra sýslunarmanna, sem kosnir eru af sveitarmönnum sjálfum; en jafnframt því ætti í hverri grein sveitamála að vera stjórnar-tilsjón, sem væri ein grein innar almennu landstjórnar. En í yfirstjórn allra þessara tilsjónarmanna í hverri starfsgrein ætti að draga saman, eins og í einn brennipunkt, alla þá fjölbreyttu þekkingu og reynslu, sem leiða má af því, hversu þessari starfa-grein er hagað í öllum sveitum landsins, allan þann fróð-

leik, er leiða má af öllu samkynja, sem á sér stað í öðrum löndum, og af almennum grundvallarsetningum stjórnvísindanna. Þessi yfirumsjón ætti að hafa rétt til að fá að vita alt, sem framkvæmt er, og hennar sérstaka skylda ætti að vera sú, að gera öðrum kost á að fræðast um alt það er hún kemst að raun um á hverjum stað. Með því yfirumsjón þessi væri sakir stöðu sinnar og síns víðtæka sjóndeildarhrings hátt hafin yfir smámunalega sveitarhleypidóma og þröngsýni, þá mundi ráðleggingum hennar eðlilega verða mikill gaumr gefinn, en hinsvegar álít ég, að hún sem föst embættisstofnun ætti ekkert eiginlegt vald að hafa annað en það, að halda sýslunarmönnum sveitanna til að hlýða lögum þeim sem þeir eiga að breyta eftir. Í öllu því, sem lögin hafa ekki gefið skýr fyrirmæli um, ætti þessum sýslunarmönnum að vera heimilt að fara eftir áliti sjálfra sín, og ættu þeir að eins að bera ábyrgð af því gagnvart kjósöndum sínum. Brytu þeir lögin, ættu þeir ábyrgð að bera fyrir dómi, en lögin sjálf ætti löggjafarþingið að semja; yfirumsjónarvald ríkisins ætti að eins að hafa vakandi auga á því, að lögunum væri fylgt, og þætti yfirumsjónarvaldinu út af því bera, ætti það að hafa heimild til, eftir því sem málið væri vaxið, annaðhvort að kveðja aðstoðar dómstólanna til að knýja sýslunarmennina til að hlýða lögunum, eðr þá að skjóta því til atkvæða kjósendanna, hvort þeim sýnist eigi að víkja þeim sýslunarmönnum sínum frá sýslun sinni, er eigi hefðu fylgt lögunum samkvæmt anda þeirra. Þessu lík

er yfir höfuð að tala yfirumsjón sú, sem ætlazt er til, að „*The Poor Law Board*“ hafi með fátœkranefndunum *(administrators of the poor rate)* um alt England. . . . . .[1] En stjórnarstofnun til að safna fróðleik og skýrslum úr öllum sveitum landsins er jafn-nauðsynleg í öllum greinum umboðsstjórnarinnar[2]. Engin stjórn getr of mikið haft af þeirri tegund starfsemi, sem eigi hindrar, heldr styðr og hvetr tilraunir og þroska einstaklinganna. Þá fyrst fer stjórnin að vinna mein, er hún lætr sér ekki nœgja að vekja starfsemi og mátt einstaklinga og flokka, en fer sjálf að vinna verkin fyrir þá; þegar hún lætr sér ekki nœgja að frœða, leiðbeina og, ef svo ber undir, að ámæla, en lætr einstaklingana vinna fjötraða eða vísar þeim frá verki og fer sjálf að vinna verk þeirra. Hvers virði ríkið er, það er þó, þegar öllu er á botninn hvolft, undir því komið, hvers virði einstaklingarnir eru, sem mynda það. Ef ríkið metr minna andlegan þroska og mentun þegna sinna, heldr en hóti meiri kunnáttu en ella mundi í einstökum greinum umboðsstjórnarinnar, eða hóti meira af þeim kunnáttu-brag, sem iðkunin veitir; ef það vinnr það til að kyrkja allan þroska þegna sinna,

1) Hér er hleypt úr nokkrum línum, en það eru tvær all-langar setningar um fátœkrastjórn á Englandi, sem bæði væru óskiljanlegar lesendum án langra skýringa, og heldr enginn fróðleikr í né skýring fyrir umtalsefnið. *Þýð.*

2) Sbr. grein í „Skuld“, IV. árg., nr. 133—34, 323—24. dálk. *Þýð.*

svo að þeir verði því handhægari tól í höndum þess, og það þótt það gjöri það í góðu skyni — þá mun það komast að raun um, að með smámennum verðr ekkert sannarlegt stórvirki unnið; það mun komast að raun um, að þótt það hafi öllu fórnað á blótstalli stjórnvélabáknsins því til fullkomnunar, þá mun það þó á endanum að engu haldi koma, af því það lífsafl vantar, sem það áðr hefir í útlegð rekið til þess að vélin gæti gengið sem liðugust á hjólunum.

Endi.

Orðskrá

yfir nýgjörvinga og fátíð orð[1].

---

aðalseigin character D, E, Þ; eðlismark; af „aðal“=eðli og „eigin“ (sjá það orð); það sem merkir eðr einkennir einn hlut eðr veru frá öðrum. Sbr. bls. 121.
aðstöðu-hagræði = aðstöðu-hagsmunir advantage (of situation) E; fordelagtig stilling D.
afbrigðilegr=„frábrigðilegr“.
afskiftasvið sphere of interference E.
aftrkasts-stefna reaktionær retning D.
aftrkasts-straumr reaktionær strømning D.
ágreinings-frelsi permission to differ E.
ágreinings-maðr=„frábrigðingr“.
altízku-blær appearance of commonplace E..
andhverfr negativ D, E, Þ. Sbr. bls. 89. neðanm.; í sumum merkingar-tilbrigðum er „andhv.“=„neikvæðr“.
ár [fornt]=snemmr; early E; tidlig D.
auðæfa-jöfnuðr equalization of property.
bágkoma, það að koma í bág við; collision D, E.
bandalag, samband, félag; Union E.
bókmentaðr lettered E.
bókmenta-sagnfræðingr, sá er fróðr er í bókmentasögu; litteratur-historiker D.
dáðmagn, þróttr til framkvæmda; handlekraft D.
dómfræðisrannsókn; rannsókn á fræði-rökum bygð; kriti(s)k (undersøgelse) D; criticism E.
dómgreind, ályktunar-gáfa; judicium D, Þ.
dufl [fornt], tafl eðr spil (um peninga), hættuspil (Konr.); dobbel D; gambling E.

---

1) Torskilin orð eru skýrð á íslenzku; en orð, sem eru auðskilin í sjálfu sér eða af sambandinu, þar sem þau koma fyrir, eru ekki skýrð, en þýðing þeirra á ensku (E), dönsku (D), þýzku (Þ), ný-norsku (N) eða latínu (L) eða miðaldalatínu (Ml) sett orðbókritum nútíðarmáls til handhægðar.

duflandi=**duflari** gambler E; dobler D.
duflhús gambling-house E.
dulhygð, það að hyggja sér dul; asumption E.
dýrlings-efni canonisandus Ml; sá sem á að
dýrlinga þ. e. taka í tölu dýrlinga, canonisare Ml.
dýrlingun canonisatio Ml. Sbr. bls. 41 neðanm.
eftirleitun, það að gjöra eftirleit; pursuit E.
eigin, 1) eign; 2) það sem e-m er eiginlegt; ejendommelighed D; þar af myndað: aðals-eigin, eðliseinkunn, eðlismark; character D, E, Þ (bls. $120_{12;14}$; $121_{;17}$).
einhverfr one-sided E; ensidig D. Bls. 94 nm.
einman, einangr; isolation D, E; isolering D.
einvarðanarefni, það sem eingöngu varðar (e-n); exclusive concern E.
eldmóðr, sá hugr, sem sá er í, sem verðr hrifinn af e-u; enthusiasm E; eldhug N.
endrfundr, fundr á ný; rediscovery E.
endrvakning revival E.
erfireynsla, reynsla fengin að erfð frá eldri kynslóð; recorded experience E; overleveret erfaring D.
félags-frelsi social liberty E; social frihed D.
félags-harðstjórn social despoty E.
félags-lund social affection E.
félags-skipulag social order E; samfundsorden D.
félags-varðandi which regards society E.
fjandstœðr hostilely opposed E.
fjölbreytni diversity E; forskelligartethed D.
fjölda-drottnun masseherredømme D.
fjölhæfi *ntr.*, **fjölhæfni** *fem.* flersidighed i henseende til evner D.
flokksfylgjandi partitilhænger D.
formælandi [fornt], talsmaðr; champion, advocate E.
forsnið pattern E.
frábrigðilegr dissenting, heretical E.
frábrigðingr, sá er víkr frá því sem alment er (t. d. í trú eða siðum); noncomformist, dissenter, heretic E.
framkvæmdartól organ E.
framfarasamr progressive E.
frávikjandi=„frábrigðingr".
frumkvæði, það að gjörast frumkvöðull að e-u; initiativ D, E.
frumlegr, upprunalegr; original D, E (bls. 116)
frumleiki, það að vera frumlegr; originality E.
frumréttr original right E.
furðanleiki forunderlighed D; „impressiveness" E.
fyrirborinn, sem slegið er við; pretended E.

fyrirburðr, það sem fyrir sjónir ber; phenomenon E; fremtoning, fænomen D.
fyrirsnið=„forsnið".
gagnskilja thoroughly understand E.
ginningarbrellur *n. pl.* lokkemidler D.
glóheitr, glóandi, brennheitr; gloende hed D.
glœpframning commission of crime E.
góði *masc.* [fornt], e-ð sem gott er; et gode D.
greiningarvit discriminative faculty E; skelne-evne D.
grimmýgði cruelty of disposition E.
guðstrúarlaus atheistic(al) E.
guðstrúarleysingi atheist D, F.
hagsmunagát regard of interest E.
haldkvæmr [fornt], sem að haldi kemr; fordelagtig, nyttig D.
háleikr grandeur E; højhed D.
handsalsskrá (political) charter E; håndfæstning D.
háttferði custom (moral) E.
Hauskúpnastaðr Calvary E; Golgatha D. „Hausaskeljastaðr" er rangt; menn segja „haus*kúpa*", „*höfuð*skel" [„hjarnaskál" er fornt].
hegðanfrelsi liberty of action E; handlefrihed D.
hegðanlögmál, hegðanregla rule of conduct E.
hermigáfa faculty of imitation E.
hljóðburðr lydforplantning D.
holdlegleiki kødelighed D.
holdsdeyðing askese D.
hrœsnisþjónn eye-servant, time-server E.
hugarstefna tankeretning D.
hugð [fornt], áhugi, hagsmunir, það sem manni er um hugað; interesse D.
hugðarefni matter of interest E.
hugðnæmr, sem vekr hugð; interesting E.
hugflœktr við e-ð, forgabet i Noget D.
hugfrelsingi fritænker D; freethinker E.
hugsanfrelsi liberty of thought E; tankefrihed D.
hugsanþrek vigour of thought E; tænkekraft D.
hugsjálegr, sem hvílir á, lýtr að, er hneigðr að hugsun (en ekki reynslu eðr framkvæmdum); speculative, theoretical E.
hugsjónarlegr, sem að hugsjóninni lýtr; ideal *adj.*, D. E.
hugspekingr speculative thinker E.
hugsunarskörungr tænker D; thinker E.
iðnfrelsi næringsfrihed D; liberty of pursuits E.
iðngrein næringsgren D; branch of industry E.
íhlutun [„íhlutunarmikill" fornt], interference E.
kapp-próf, kappraunarpróf konkurrence-prøve D; com-

petitive examination, contest E.
kappraun, keppitilraun competitive experiment, competition, contest E.
kaupbann købforbud D.
kjörfrelsi valgfrihed D.
kramarmaðr *(andlegr)* „hidebound type of human caracter" E.
kreddulegr dogmatic E.
kreddubula dogmatisk ramse D.
kyrrstæðr stationary E.
leiðréttingartæki means of correcsion E.
lifsfylling fullness of live E; livsfylde D.
lífsæld livslykke D.
likamseðlilegr physical E.
likinda-rök *n. pl.*, presumptive evidence E; sandsynlighedsgrunde D.
lundgöfugr ædel D; noble E.
lýðlenda, sjá 177. bls. neðanm.
lærdóms-stig akademisk grad D.
lögjafnaðarmaðr, sjá 174.-5. bls. nm.
mannlíkansvél=„vélbrúða".
máttargildi magtgyldighed D.
máttþrotinn, magnþroti; exhausted E.
meginsmunr quantitativ forskel D.
meingjörðarmaðr offender E.
miðlungskapr mediocrity E.
misbeita misapply, misuse E.
munaðarbann luxusforbud D; „sumptuary law" E.
nágrendarhverfi neighbourhood E; nabolaug D.
nauðsynjarkrafa nødvendighedskrav D.
nauðungarvinna tvangsarbejde D.
nautnarhæfileikr nyde-evne D.
neikvæðisvald veto D, E.
neikvæðr, bannandi; negative E.
notkunarbann forbrugs-forbud D.
notkunarvara forbrugsartikel D.
ófanginn *(skilningr)* unfettered (intellect) E.
ófremdar-ástand ufremmelig tilstand D; backward state E.
ofstækismaðr fantatiker D.
óguðleikr impiety; ugudelighed D.
orðaskifti discussion D, E; ordskifte D.
orðbúningr indklædning i ord D.
ósiðleikr immorality E.
ósiðréttmætr inconsistent with morality E.
óskeikulleiks-dulhygð (sbr. „dulhygð")=
óskeikunar-sjálfstraust assumption of infallibility E.

óuggvæni unzweifelhaftigkeit Þ.
plantari planter. (Sjá ath. bls. V.).
raungerð, raungjörð, það að gjöra raun á e-u, raun sú sem á einhverju verðr, framkvæmd, reynsla; praxis D; practice E. — raungerðlega *adv.*
raungæfilegr, sem raun gefr á, sem við kemr reynslu; praktisk D.
raunhæfr, sem þolir að reyndr sé, sem reynist vel; praktisk, praktikabel D.
raunspeki, speki sú er byggir á því einu, er skynjað verðr eða reynt; positivism E.
raunvísindi, vísindagreinir, sem fást við það er skynjað verðr (gagnstætt hugsjálegum vísindum); positive videnskaber D.
raunvætti, vottorð reynslunnar; experimental proof E.
réttlætanlegr justifiable E.
réttmætr, réttu samkvæmr: rechtmässig Þ; *subst.*: „réttmæti".
rétt-trúnaðr orthodoxy E.
rýninn [fornt] (rýnnari, rýnnastr), gefinn eða lagaðr fyrir rannsóknir; inquiring E. Sbr. „fullrýninn" í Atlamálum,—og „galdramenn, sem eftir öllu geta rýnt. Fornaldas. Norðrl.
rökfimis-iþrótt, sú list að færa rök rétt og snjalt; dialektisk kunst D.
rökleiðsla, röksemdaleiðsla; argumentatio L.
rökmálslist dialektik D.
rökræða, ræða með rökum; discuss E; diskutere D.
rökskýr, glöggr á rök; logical E.
sálarkrypplingr „pinched type of human character" E.
sálarkyrkirgs-dvergr „cramped and dwarfed human being" E.
samgöngufœri kommunicationsmiddel D.
samkeppni koncurrence D; competition E.
sannfœrsla, það að sannfœra; persuasion E.
sérlyndi excentricity E.
sárkennilciki peculiarity, (individuality) E.
sérstakleiki singularity E.
siðfræðsla, siðkenning morallære D; moral teaching E.
siðmenna, veita siðlega menning; civilize E.
siðmenning civilization E.
siðmenningarleysi barbari D.
siðmætismál ethical question E.
siðréttr moralret D; siðréttilegr moralsk D.
siðskemmilegr immoral E.
siðspell immorality, demoralisation E.

siðspilla demoralize E.
sifjalið, skuldalið, hyski; familia L.
sjálfhendr, sjá 156. bls. nm.; selv-regarding E.
sjálfka, sjá 127. bls. nm.
sjálfkraf [fornt]; spontaneity E; sjálfkrafseðli.
sjálfsgát, gát á sjálfum sér; self-control E.
sjálfshagr personlig fordel D.
sjálfshvata- *(í samsetningum)* spontaneous E.
sjálfsmet self-assertion, self-respect E; selvhævdelse D.
sjálfsstilling self-restraint E.
sjálfstjórnarþrek energy of self-command E.
sjálfstæði *neutr.* selvstændighed D.
sjálfsvarðandi=„sjálfhendr".
sjálfsvilji self-will E.
sjálfsþroskun self-development E.
skatta, leggja skatt á, taka skatt af; beskatte D.
skeikull fallible E.
skilgreina, greina svo skil á hugmynd, að hún sé með því einkend frá öllum öðrum hugmyndum; definere D.
skilvit, skilningarvit; sans, sanseorgan D.
skoðanflokkr parti af meningsfæller D.
skoðanfrelsi liberty of opinion E.
skynþroski åndsmodenhed D.
smásálarskapr lowness of mind E.
staðhöfn, það sem hefir stað eða hefir haft stað, átt sér stað; faktum D; a fact E. [„staðreynd" Arnlj. Ól.].
staðvænn durable, permanent E.
starfahögun conduct ot concerns E.
starfsveitandi, sá er veitir öðrum atvinnu; arbeidsgiver D.
stjórnmálamaðr politician E.
stjórnvaldsmaðr regeringsfunktionær D.
stjórnvöld *n. pl.* autoriteter(ne) D.
stundar-vegvilla temporary aberration E.
sundrleitni difference E.
sönnunartrygging, sjá 195. bls.
tállegr enticing E.
tignstétt rangklasse D.
tignstöðvar *fem pl.*, sociale højdepunkter D.
tilurð, það að e-ð verðr til (tilorðning. Konr. Gísl.); tilbliven D.
trú(ar)hræsni skinhellighed, bigotteri D.
trúeflandi „promotor fidei" Ml. Sjá 42. bls. nm.
trúvillingr heretic E; kætter D.
umburðarleysi, skortr á (lack of)
umburðarsemi tolerance E.
umræðu-frelsi liberty of discussion E.

uppeldis-áhrif opdragende virkning D.
útlenda, sjá bls. 177, nm.
valdhafi magthaver D.
valdhringr, valdsvið magtområde D.
vanagildi (vanens) authoritet D.
vanmeta underrate E.
varnaðlegr warning E.
vélbrúða automaton E; (=„mannlíkans-vél").
veldisdrukkinn „intoxicated with power" E; magtberust D.
veraldarvaldsýki verdslig magtsyge D.
viðbreytni dealing with E.
viðbúðarsamband personal relation E.
viðfangsefni problem D. E; opgave D.
viðkeppni=„samkeppni".
viðsýni largemindedness E.
viðssýnn uborneret, vidtskuende D; farsighted, largeminded E.
víðtækr far-reaching E.
virðuleikr dignity E.
vitsmunalegr intellectual E.
vonarkviar *f. pl.:* í talshættinum: „fœra saman vonkviarnar" o: „to limit the hope" E.
vörun [fornt], það að varast; undgåen E.
yfirbragðs-ástœða skingrund D.
yfirgangsbrot infringement E.
yfirgrip omfang D.
þegnfélag society E; det borgerlige samfund D.
þegnfrelsi civil liberty E; borgerlig frihed D.
þekkingarfœri kundskabsmiddel D; „instrumental knowledge" E.
þingseta, samseta þings dag frá degi; session E; tingsamling D.
þjóðfylgja nationalejendommelighed D.
þjóðmenning civilisation D, E.
þjóðmenningar-leiðangr civilizade E.
þrúgumót pressing mould E.
þröngsýnn narrowminded E.
þverstœða, það sem er þvers um við það sem rétt er talið; paradox D, E.
þýlegr slavisk D.
þœgindanautn luxusforbrug D.
œðisraus raving E.
œskulýðs-spillir ungdomsforfører D.
ögunarmeistari disciplinarian E; tugtemester D.
öryggi, öruggleiki; security E; sikkerhed D.
öryggispipa sikkerhedsventil D.